

**SKOÐUN** Íslenskum hrynsveitum sem flytja tónlist erlendis er vísað á náðhús, skrifar Jakob Frímann. 16



**MENNING** Meðlimir Skálmaldar pissuðu í földann allan af flöskum á tónleikaferð um Evrópu. 34



**SPORT** Laugardalsvöllur verður þakinn dúk með hitablásturskerfi vikuna fyrir Króatíuleikinn. 28







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
23. október 2013
249. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**Opnar systursetur vestra**

Jón Tetzchner opnar brátt nýtt Innovation House-frumkvöðlasetur á Boston-svæðinu í Bandaríkjunum.

## FRÉTTIR

**Einstæð móðir svikin** Kona með fjögur börn stóð uppi húsnæðislaus þegar loforð um íbúð var brotið. 2

**Vilja friðlýsa á Ingólfstorgi** Minjastofnun Íslands leggur til að sjö hús við Ingólfstorg í Reykjavík verði friðlýst. 4

**Varað við áhrifum niðurfellingar** Seðlabanki Íslands bendir í skýrslu á að niðurfelling skulda gæti valdið þenslu og aukinni atvinnuleysi. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | NA | 13 |
| Akureyri | 2° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 4° | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | A | 4 |
| Reykjavík | 5° | A | 9 |

**ÞURRT SV-TIL** Í dag verða norðaustan 10-15 m/s NV- og V-til, annars hægari. Snjókoma eða slydda N-til en rigning eystra. Hiti 0-7 stig yfir daginn. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

**Stöð 2 | Markaðurinn | Fólk**




# Sveppur hrekur 100 fjölskyldur úr húsi

Heilsufarsvandi hefur rekið yfir hundrað fjölskyldur til þess örþrifaráðs að yfirgefa heimilið. Tugir þeirra hafa aldrei snúið til baka. Þingmenn úr öllum flokkum vilja heildstæða endurskoðun á lögum og reglum sem málið varða.

**HEILBRIGÐISMÁL** Vitað er með vissu um yfir 100 fjölskyldur hér á landi sem hafa á fáum árum þurft að yfirgefa heimili sín vegna myglusvepps. Líkur eru á að þær fjölskyldur sem hafa þurft að grípa til þessa örþrifaráðs séu miklu fleiri. Tugir fjölskyldna hafa ekki snúið til baka.

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur og stofnandi fyrirtækisins Hús og heilsa, vann tölfræðina. „Þetta eru þau dæmi sem ég þekki til persónulega og hef fylgt eftir, og veit að fólk þurfti að yfirgefa heimilið vegna myglusvepps og heilsufarsvanda sem honum tengdist. Ég efast samt ekki um að þetta sé aðeins toppurinn á ísjakanum.“

Síðan Sylgja stofnaði fyrirtæki sitt hefur hún aðstoðað þrjú þúsund fjölskyldur. „Ég þekki mörg dæmi þess að fólk hefur reynt að búa áfram í sínu húsnæði, því það hefur ekki haft efni á því að laga það sem laga þarf. Síðan er síðasta hálmstráið að ganga út með tilheyrandi kostnaði,“ segir Sylgja og bætir við að sárlega vanti frekari upplýsingar um vandamálið.

Fréttablaðið sagði frá því í fyrra að 20 til 30 prósent húsa á Íslandi væru talin sýkt af myglusveppi.

Þingmenn allra flokka lögðu fram þingsályktunartillögu 17. október þess efnis að lög og reglur verði endurskoðaðar með tilliti til myglusvepps og tjóns af hans völdum.

**20%** húsa á Íslandi eru talin sýkt af myglusveppi.

Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, er flutningsmaður tillögunnar. Hann segir tilefni hennar hversu fá úrræði standi fólki til boða í aðstæðum sem þessum. Nauðsynlegt sé að stjórnvöld geri það sem í þeirra valdi stendur til að laga regluverkið.

„Viðtöl við fólk sem hefur lent í þessu hafa styrkt mig í þeirri trú að þetta sé bráðnauðsynlegt. Lýsingarnar eru hrikalegar. Þetta er gríðarlegt hagsmunamál og það verður að finna á þessu flöt svo fólk standi ekki uppi slyppt og snautt.“ - shá



**UNDIRBÚNINGUR** Sex ungir listamenn ásamt Tolla Morthens myndlistarmanni undirbúa sýninguna Háflæði í Hörpu sem verður opnuð á fimmtudag. „Ég er sextugur á árinu og stend á ákveðnum tímamótum. Ég vildi tengjast upprunanum aftur, rótinni að málverkinu, með nýrri kynslóð,“ segir Tolli. Með honum er dóttir hans, Kristín Þorláksdóttir, og halda þau á verki hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

ESB gagnrýnir dönsk lög:

# Skoðuðu mál íslenskrar móður

**DANMÖRK** Umkvartananefnd á vegum Evrópuþingsins (PETI) komst að þeirri niðurstöðu að lög um foreldraábyrgð í Danmörku mismuni mæðrum af erlendum uppruna og geti haft skaðleg áhrif á börn. Meðal mála sem nefndin kannaði var mál íslenskrar móður sem nam dætur sínar tvær á brott frá Danmörku fyrir skömmu.

Nefndin kannaði kvartanir vegna laga um forræðismál í Danmörku og meðal annars er niðurstaðan sú að kerfið mismuni mæðrum sem ekki eru danskar og verði til þess að þær missi forræði til barnsfeðra sinna, sem hafi jafnvel beitt börnin ofbeldi.

Lögin gera að skyldu að báðir foreldrar hafi umgengni við börnin en nefndin telur að það geti haft öfugsnúin áhrif. - vg

Íslensk plötusala:

# Enginn í spor Ásgeirs Trausta

**FÓLK** Enginn tónlistarmaður virðist ætla að stinga af í plötusölu þetta árið líkt og Ásgeir Trausti og Mugison gerðu síðustu tvö ár. Ásgeir Trausti sló í gegn í fyrra með plötu sinni Dýrð í dauðaþögn og árið áður bar Mugison höfuð og herðar yfir aðra með sölunni á Hagléli.



ÁSGEIR TRAUSTI

„Það má reyndar segja að það hafi heldur ekki verið beinlínis í sjónmáli að nokkur annar myndi taka við af Mugison með þessum hætti sem Ásgeir gerði í fyrra. Þetta var fyrirsjáanlegra með Mugison en auðvitað náði hann hærri hæðum en nokkur hefði getað búist við,“ segir Eiður Arnarson, útgáfustjóri Senu.

- fb / sjá síðu 34

Nær fjórðungur feðra barna fæddra árið 2009 ákvað að taka ekki orlof:

# Feður taka síður fæðingarorlof

**SAMFÉLAGSMÁL** Feður taka síður fæðingarorlof og taka styttri tíma með börnum sínum nú en fyrir hrun. Þetta sýna tölur frá Fæðingarorlofssjóði. Nær fjórðungur feðra barna fæddra á árinu 2009 kaus að nýta ekki rétt sinn til fæðingarorlofs á þeim þremur árum sem þeir höfðu til að taka orlofið.

Á bráðabirgðatölum fyrir árin 2010 til 2012 sést greinilega að feður taka almennt síður fæðingarorlof nú en á árunum fyrir hrun. Eftir hrun var þak á greiðslum til foreldra í orlofi lækkað verulega.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir það lengi hafa verið keppikefli SA að réttur til fæðingarorlofs nýtist báðum foreldrum.

„Það er mikilvægur þáttur í jafnrétti á vinnumarkaði að réttur sé jafn og að það sé hvati fyrir báða aðila að nýta sér réttinn. Með of lágu tekjuþaki er það hins vegar tekjulægra foreldrið sem er líklegra til að nýta réttinn og það er ekki í samræmi við jafnréttissjónarmiðin,“ segir Þorsteinn.

- bj/vg / sjá síðu 8










## SPURNING DAGSINS



Guðlaugur, hljóp þér kapp í kinn?

**„Allt kapp er nú víst best með forsjá, en maður gerir ýmislegt til þess að stoppa í fjárlagagatið.“**

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður var sektaður fyrir of hraðan akstur síðasta laugardagsmorgun á leið í upptökur á rallaksturskeppni fyrir sjónvarpsþátt.

Er í farbanni eftir að hafa flúið tólf kílómetra leið undan lögreglu:

# Ökufantur játaði eina nauðgun

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri játaði fyrr í mánuðinum að hafa nauðgað ungri konu í heimahúsi þegar ákæra á hendur honum var þingfest. Annað nauðgunarmál á hendur honum er enn til meðferðar hjá embætti Ríkissaksóknara.

Maðurinn var handtekinn að kvöldi síðasta dags septembermánaðar eftir ofsaakstur og flótta undan lögreglu tólf kílómetra leið frá Rauðavatni, í gegnum Kópavog og inn í Reykjavík. Hann hafði rænt bílnum af öðrum ökumanni eftir árekstur, ekið hluta leiðarinnar með sprungið á einum hjólbarðanum og á móti umferð. Þegar hann var loks stöðvaður kastaði hann vínflösku í lögreglumann.

Maðurinn var nýkominn til landsins frá Danmörku, þar sem hann á fjölskyldu, og þótti lögreglu rétt að krefjast farbanns yfir honum vegna útistandandi mála, meðal annars ákæru fyrir nauðgun sem var gefin út í janúar og hann hefur nú játað, ákæru á hendur honum fyrir kannabisræktun, sem hann hefur nú að mestu játað líka, auk annars nauðgunarmáls sem er til meðferðar. Farbannið gildir til loka mánaðar. - sh

➜ Brotamaður ók á móti umferð með sprungið dekk á flótta undan lögreglu. Hann grýtti flösku í lögreglumann.

Innihaldslýsing ekki skýr:

# Wasabihnetur innkallaðar

**NEYTENDUR** Aðföng hafa ákveðið að taka úr sölu og innkalla wasabihnetur undir vörumerkinu HEIMA. Ástæðan er að ekki kemur fram í innihaldslýsingu að hneturnar eru jarðhnetur. Í vörunni getur einnig greinst snefilmagn af möndlum. Varan hentar því ekki einstaklingum með ofnæmi eða óþol fyrir hnetum.

Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla. -ebg



**BRUNARÚSTIR** Jennifer Schweinsberg og David sonur hennar skoða rústir heimilis síns í Winmalee. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástralar búa sig undir að gróðureldar verði með versta móti:

# Íbúar enn í lífshættu í Ástralíu

**ÁSTRALÍA Ástralar bjuggu sig í gær undir erfiða baráttu við gróðureldana, sem allt bendir til að verði með allra versta móti í dag.**

**„Þetta verður eins slæmt og það getur orðið,“ er haft eftir Shane Fitzsimmons, slökkviliðsstjóra í Ástralíu, á vef ástralska dagblaðsins Sydney Morning Herald. „Á svona dögum er mjög raunveruleg hætta á að fleiri hús og mannslíf tapist.“**

**Nokkuð dró úr eldunum í gær vegna úrkomu, sem var mikill léttir, en í dag er spáð auknum hita og erfiðum veðurskilyrðum, þurrki og hvassviðri. Gróðureldar hafa logað á tugum staða og sums staðar hefur slökkvilið ekki ráðið við neitt. Einna verst er ástandið vestur af stórborginni Sydney, sem er höfuðstaður Nýja-Suður-Wales.** - gb

Ráðherra á batavegi:

# Søvndal fékk tappa í hjartað

**DANMÖRK** Villy Søvndal, utanríkisráðherra Danmerkur, er á batavegi efir að hafa gengist undir kransæðavíkkun vegna blóðtappa í gær.

Søvndal, sem er 61 árs, hafði kvartað undan sleni og brjóstverkjum um morguninn, en á leiðinni á skrifstofuna, þar sem hann átti meðal annars að hitta Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hrakaði honum mjög. Honum var ekið á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn þar sem hann gekkst undir aðgerð, sem gekk vel að sögn utanríkisráðuneytisins. - þj

Evrópuráðherrar ESB-ríkja:

# Viðræður við Tyrki á dagskrá

**BRUSSEL, AP** Aðildarviðræður Tyrklands við ESB verða teknar upp að nýju í næsta mánuði eftir þriggja ára hlé. Þetta samþykktu Evrópumálaráðherrar ESB á fundi í gær.

Tyrkland sótti fyrst um aðild árið 1987, en viðræður hófust árið 2005. Þær höfðu lítið þokast áfram, enda eru mörg aðildarríki efins um ágæti þess að taka Tyrkland inn, meðal annars vegna mannréttindamála og landadeilu Tyrkja við Kýpur, sem er ESB-ríki.

Sem stendur eru viðræður hafnar um fjórtán samningskafla af 33 og einum kafla hefur verið lokað. - þj

# Einstæð móðir svikin um leiguíbúð hjá Keili

Framkvæmdastjóri Keilis segir að mannleg mistök hafi orðið þess valdandi að fimm manna fjölskyldu var tilkynnt degi áður en hún átti að flytja, að íbúðin sem búið var að úthluta henni væri ekki tilbúin. Hann segir að Keili þyki þetta miður.

**HÚSNÆÐISMÁL** „Við vorum búin að pakka öllu niður nema matardiskunum í eldhúsinu, þegar okkur var tjáð, degi áður en við áttum að flytja að íbúðinni hefði verið úthlutað til annarrar fjölskyldu,“ segir Maríanna Björg Sigurðardóttir, einstæð fjögurra barna móðir í Sandgerði.

Maríanna Björg segist hafa sótt um íbúð hjá Keili 19. janúar . Hinn 16. september hafi hún fengið tilkynningu um að búið væri að úthluta fjölskyldunni fimm herbergja íbúð að Ásbrú og hún gæti flutt inn 18. október.

Hún sagði upp íbúðinni sem hún var með á leigu í Sandgerði í lok september, skrifaði undir nýjan húsaleigusamning við Keili, borgaði tryggingu fyrir nýju íbúðina og varð sér úti um bankatryggingu.

„Öll fjölskyldan var farin að hlakka mikið til að flytja en degi áður en við áttum að að fara upp á Ásbrú kom sjokkið. Þá fékk ég tölvupóst frá Keili þar sem segir að íbúðinni hafi verið úthlutað til annarra. Í póstinum var beðist velvirðingar á mistökunum og vonast til að þetta myndi ekki valda mér of miklum vandræðum,“ segir Maríanna Björg.

Hún segist hafa farið á skrifstofuna hjá Keili og sagt þeim að hún væri á götunni með fjögur börn en við var sagt að það væru engar íbúðir til leigu að svo komnu.

Hún segir að vonbrigðin hafi verið mikil, fjölskyldan sé í of lítilli íbúð, það vanti herbergi fyrir yngsta barnið.

„Ég hef ekki ráð á að leigja mér íbúð á almennum markaði en hjá Keili hélt ég að ég væri að fá fimm herbergja íbúð fyrir 125 þúsund krónur á mánuði.“

Maríanna Björg segir að hún fái að vera eitthvað áfram í sinni gömlu íbúð hún viti ekki hversu lengi.

Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, segir að mistök hafi átt sér stað.

„Við erum með 800 íbúðir í útleigu og íbúðin sem Maríanna Björg átti að fá var ekki tilbúin.“

Hjálmar segir að það sé langur biðlisti eftir íbúðum og því miður séu engar íbúðir á lausu eins og er.

„Það er leiðinlegt þegar svona gerist. Við tökum þessi mistök nærri okkur. Við skiljum vel svekkelsi Maríönnu Bjargar og höfum rætt hvort við getum ekki með einhverjum hætti sýnt iðrun okkar í verki,“ segir Hjálmar.

johanna@frettabladid.is



**BÚIÐ AÐ PAKKA** Maríanna Björg Sigurðardóttir og sonur hennar Þorleifur Guðfinnur Kjartansson. Fjölskyldan var búin að pakka búslóðinni og tilbúin að flytja að Ásbrú. Þá barst tilkynning um að önnur fjölskylda hefði hreppt íbúðina sem þau töldu að þau væru búin að fá leigða. FRÉTTABLAÐIÐ /DANIEL






Ný skýrsla um eftirlaun kvenna í hlutastarfi á Norðurlöndunum:

# Lægri eftirlaun íslenskra kvenna

**KJARAMÁL** Á Íslandi, í Svíþjóð og Finnlandi verða eftirlaunin fjórum til sex prósentum lægri hjá þeim konum sem eru í hlutastörfum en hjá þeim sem eru í fullu starfi. Munurinn á eftirlaunum þeirra sem eru í fullu starfi og í hlutastarfi í Danmörku og Noregi er hins vegar lítill. Þetta kemur fram í skýrslu sem gefin er út af NIKK, Norrænni rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum. Skýrslan um hlutastörf var unnin fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Í Danmörku og Noregi fá þær konur sem voru í hlutastarfi 98 til 99 prósent af eftirlaunum þeirra sem voru í fullu starfi. Ástæðan fyrir því að munurinn er svo lítill er sá að í dæmunum sem skoðuð voru vinna konurnar meiri hluta starfsævinnar í fullu starfi sem hefur meiri áhrif á eftirlaunin en árin tíu í hlutastarfi. Auk þess fá konurnar bætur úr eftirlaunakerfinu vegna tíma sem þær voru heima með börnin. Í Danmörku eru auk þess greiddar bætur til láglaunafólks. En ef hlutastarfið hefði varað í meira en tíu ár hefði það haft áhrif á eftirlaunin.

Á Íslandi, í Svíþjóð og Finnlandi eru eftirlaunin fremur reiknuð út frá unnum tímum. Frá þessu er greint á vefnum norden.org. - ibs



**VIÐ BAKSTUR** Að vera í hlutastarfi á meðan börnin eru lítil hefur meiri áhrif á eftirlaunin á Íslandi, í Svíþjóð og Finnlandi, heldur en í Noregi og Danmörku. NORDICPHOTOS/GETTY

# 1.000 SÆTA HLAÐBORÐ

**FERÐATÍMABILIÐ ER 20. NÓVEMBER TIL 10. DESEMBER** | **FLUGFELAG.IS**



**BÓKANLEGT FRÁ KL. 10 Í DAG**

## 7.990 kr.*

*Seiðmagnað*

**TILBOÐ**

**AÐEINS Í DAG OG Á MORGUN MEÐAN SÆTI ENDAST.**

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ** því að stökkva á tækifærið og skella sér á jólahlaðborð, bregða sér á tónleika eða í leikhúsið milli heimsókna til vina og kunningja. Nú er lag en mundu að bóka í tæka tíð.

*Áfangastaðir: Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður og Reykjavík.
Aðra leið ferðatímabilið 20. nóv. til 10. des.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 666240 10/13

## SVONA ERUM VIÐ



**2.124 Íslendingar greindust með kynsjúkdóm árið 2011.**

**Þar af voru langsamlega flestir greindir með klamydíu; 2090 manns.**

Konur voru umtalsvert fleiri í þeim hópi – 1.245 á móti 800 körlum.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Ómar Ragnarsson var ánægður með þátttökuna í mótmælunum í gær:

# Hundruð manna mótmæltu

**NÁTTÚRUVERND** Talið er að yfir tvö hundruð manns hafi mótmælt lagningu nýs vegar á Álftanesi fyrir utan innanríkisráðuneytið í hádeginu í gær. „Ég var mjög ánægður með stemninguna,“ segir Ómar Ragnarsson, en handtaka hans nærri Gálgahrauni í fyrradag vakti hörð viðbrögð víða hjá almenningi. Alls voru 25 handteknir í þeim aðgerðum, en í gærmorgun fóru 17 manns aftur í hraunið og reyndu að varna verktökum ÍAV að halda áfram vinnu sinni við lagningu vegarins. Lögreglan mætti mótmælendum, en að sögn Ómars voru nokkrir mótmælendur bornir út fyrir afmarkað vinnusvæði en enginn var handtekinn.

„Það voru þarna sautján lögreglumenn og um þrjátíu mótmælendur,“ útskýrir Ómar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði í viðtali við RÚV í gær að hún teldi framkvæmdina löglega og það væri mikill ábyrgðarhluti af hálfu ráðherra að fresta aðgerðum frekar. - vgt



**MÓTMÆLI** Ómar Ragnarsson mótmælti ásamt hundruðum manna fyrir utan innanríkisráðuneytið í hádeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SA í lífeyrissjóðum:

# Konur eru í meirihluta

**JAFNFRÉTTI** Fimmtán konur og tólf karlar sem Samtök atvinnulífsins, SA, hafa skipað í stjórnir níu sjóða eru nú aðalmenn og er hlutfall kvenna nú 56 prósent. Að loknum aðalfundum sjóðanna vorið 2012 skipuðu konur 46 prósent sætanna sem SA skipuðu í. Verkalýðshreyfingin tilnefnir einnig 27 aðalmenn í stjórnir sjóðanna.

Hinn 1. september sl. tóku gildi lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns verði aldrei lægra en 40 prósent í stjórnum fyrirtækja.



**NEFNDIR** Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur flesta nefndarmenn í sínum nefndum samkvæmt samantekt Spyr.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

211 nefndir hjá ráðuneyti:

# Rúmlega 1.500 sitja í nefndum

**STJÓRNSÝSLA** Alls eru 211 nefndir starfandi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og í þeim sitja 1.516 einstaklingar. Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn vefjarins Spyr.is.

Ekki fengust upplýsingar um hversu margir nefndarmenn fái greitt fyrir nefndarstörf sín hjá ráðuneytinu. Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Spyr kemur fram að opinberir starfsmenn fái ekki greitt fyrir nefndarsetur.

Í sumum tilvikum greiða þeir sem tilnefna fólk í nefndir þeim þóknun, og stundum greiða stofnanir fyrir nefndarstörf. - bj

Leggja til greiðslu arðs:

# Já græddi 256 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Já Upplýsingaveitna hf. nam 256,5 milljónum króna á síðasta rekstrarári samkvæmt ársreikningi.

Fyrirtækið heldur utan um símanúmer á netinu, en í skýrslu stjórnar er það sagt sjá um „rekstur fjölmargra upplýsingalausna sem einfalda fólki lífið“.

Stjórn félagsins lagði til að greiddur yrði 250 milljóna króna arður vegna ársins 2012.

Eignir félagsins í lok síðasta árs námu 843 milljónum og eigið fé nam 631 milljón króna. - óká

# Vilja friðlýsa á Ingólfstorgi

Minjastofnun Íslands leggur til að sjö hús við Ingólfstorg verði friðlýst. Meðlimur húsfriðunarnefndar segist óttast frekari íhlutun stofnunarinnar í útlit og frágang nýbygginga en eðlilegt sé fyrir þróun byggingarlistar.

**SKIPULAGSMÁL** „Það er ekki það að nokkurt af þessum húsum sé í bráðri hættu enda eiga þau öll að standa samkvæmt skipulagi en það er verið að árétta að þarna sé um að ræða mjög mikilvæga heild,“ segir Pétur Ármannsson, sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands sem leggur til friðlýsingu sjö timburhúsa við Ingólfstorg.

Öll húsin sjö eru þegar friðuð enda orðin eitt hundrað ára. „Það er verið að árétta að þarna er ein varðveisluheild sem liggur á þrjá vegu í kring um aðaltorg bæjarins og liggur líka að elstu götu hans, Aðalstræti,“ útskýrir Pétur nánar. Húsin sem um ræðir eru Aðalstræti 7, Austurstræti 3, Austurstræti 4, Hafnarstræti 4. Thorvaldsensstræti 2, Vallarstræti 4, Veltusund 3 og 3b.

„Það eru tvö hús við Ingólfstorg sem þegar eru friðlýst; Aðalstræti 2 og Fálkahúsið í Hafnarstræti 1 til 3. Þetta eru heillegustu leifarnar af gömlu Reykjavík í Kvosinni,“ segir Pétur.

Þá bendir Minjastofnun á að þessu tengist tvö friðlýst hús sem ekki standa uppi við sjálft torgið, Thorvaldsensstræti 2 og austurhluti Hafnarstrætis 4. Þá sé göturými Vallarstrætis, milli Thorvaldsensstrætis og Veltusunds, eina dæmið sem til er um þrönga hliðargötu í Kvosinni.

Sigurður Einarsson, einn fimm nefndarmanna í húsfriðunarnefnd, greiddi atkvæði á móti friðlýsinguni og segir hana óþarfa. Tilvist húsanna sé fest í sessi í deiliskipulagi og skipulagstillögu fyrir Landsímareit. Þau séu einnig friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar. Allar tillögur að framkvæmdum sem tengjast þeim muni því koma inn á borð Minjastofnunar Íslands. Þá bætir Sigurður við að atriði í umsögn Minjastofnunar um skipulagstillögu fyrir Landsímareitinn gefi „tilefni til að óttast frekari íhlutun stofnunarinnar í útlit og frágang nýbygginga en eðlilegt getur talist fyrir þróun byggingarlistarinnar“.

Pétur segir friðlýsingu taka til ytra byrðis húsa og takmarka á mjög óverulegan hátt nýtingu þeirra. „Það er aðallega verið að að varðveita útlit þeirra og samhengi. Auðvitað hefur þetta áhrif þegar verið er að meta nýbyggingar sem tengjast inn í þessa röð þannig að þær falli vel að því sem fyrir er.“ gar@frettabladid.is

## FRIÐLÝSINGAR VIÐ INGÓLFSTORG





**INGÓLFSTORG** Tvö hús við Ingólfstorg eru þegar friðuð, merkt með rauðu og nú vill Minjastofnun friðlýsa öll hin sjö timburhúsin við torgið, merkt með bláu. MYND/LOFTMYNDIR






**Otrivin Comp**

20% afsláttur af öllu Otrivin í október

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**NORÐAUSTANÁTT** Víða vetrarfærð á fjallvegum norðan til á landinu í dag. Stíf norðaustanátt verður ríkjandi á norðvesturhluta landsins og með ströndum með snjókomu eða slyddu.





**Á morgun**
10-18 m/s NV- og V-til, annars hægari.





**Fimmtudagur**
10-15 m/s, hvassast við ströndina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 16° | Gautaborg | 14° | London | 17° | Orlando | 30° | San Francisco | 19° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 27° | Ósló | 11° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 19° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 26° | New York | 18° | París | 22° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Láttu hjartað ráða




**10 KRÓNUR** AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS

LJÓSIÐ

„Svalandi engiferdrykkur alveg eftir mínu höfði, enda er engifer bæði hollt og gott. Það hefur lengi verið einn af hornsteinum austurlenskra náttúrulækninga."

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

## VEISTU SVARIÐ?


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1.** Hvernig mætti koma í veg fyrir síldardauða í Kolgrafarfirði í vetur?
**2.** Hvað vill vertinn á Mónakó og Monte Carlo fá háar bætur frá borginni?
**3.** Hvaða spítali verður opnaður á ný í næsta mánuði?

**SVÖRIN**
**1.** Með því að loka firðinum. **2.** Fimmtán milljónir króna. **3.** Vífilsstaðaspítali.

Veikar vonir eru um að friðarviðræður um Sýrland í næsta mánuði skili tilætluðum árangri:

# Reynt að blása í glæður friðarviðræðna

**SÝRLAND** Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, Bretlands og fleiri vestrænna ríkja áttu í gær fund með leiðtoga sýrlenskra stjórnarandstæðinga. Tilgangur fundarins var að telja stjórnarandstæðingana á að mæta til friðarviðræðna í Sviss í næsta mánuði. Fulltrúar nokkurra arabaríkja sátu einnig fundinn.

Hugmyndin er sú að Bashar al Assad forseti og sýrlenskir stjórnarandstæðingar geti komið sér saman um að skipa bráðabirgðastjórn, sem fái fullt framkvæmdavald þangað til varanlegri stjórnskipan yrði komið á fót.

Hvorki Assad Sýrlandsforseti né sýrlenskir stjórnarandstæðingar hafa talað með þeim hætti að vonir hafi vaknað um að viðræðurnar í Sviss geti skilað árangri.

Þrátt fyrir blóðuga borgarastyrjöld hefur Assad ekki séð neina ástæðu til að verða við kröfum stjórnarandstöðunnar um afsögn. Uppreisnarmenn segjast á hinn bóginn ekkert hafa við Assad að ræða, því friður geti ekki orðið að veruleika nema Assad fari frá völdum.

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Bretlands, þeir John Kerry og William Hague, hvöttu Ahmed Al Jarba, leiðtoga Sýrlenska þjóðarbandalagsins, til þess að mæta til viðræðnanna. Það sé besta vonin til þess að bæta ástandið í Sýrlandi. - gb


**Í LONDON** Fulltrúar sýrlenskra stjórnarandstæðinga ræddu við vestræn og arabísk stjórnvöld í gær. NORDICPHOTOS/AFP


ORSAKIR OG AFLEIÐINGAR EFNAHAGSKREPPUNNAR



Samtök Fjárfesta og Hagfræðideild Háskóla Íslands bjóða til málstofu í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu, fimmtudaginn 24. október klukkan 12-13.30

**Axel Leijonhufvud**
prófessor emeritus við UCLA og háskólann í Trento mun ræða um orsakir og afleiðingar efnahagskreppunnar og hvernig hún tengist kreppu hagvísindanna.

Axel hefur frá því á sjöunda áratugnum beint sjónum að hlutverki þekkingar, upplýsingamiðlunar og úrvinnslu í hagkerfinu og hvernig oftrú á getu markaða til að leiðrétta sveiflur getur leitt til mistaka í hagstjórn.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD

Samtök fjárfesta



**SEÐLABANKINN** Sérfræðingar skrifa um möguleg áhrif skuldaleiðréttinga í grein um þróun atvinnuleysis á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skuldaleiðrétting gæti valdið þenslu

Sérfræðingar Seðlabankans segja skuldaleiðréttingu geta valdið verðbólgu sem gæti leitt til aukningar jafnvægisatvinnuleysis. Þingmaður Framsóknarflokksins segir þetta vera spurningu um rétta útfærslu og framkvæmd á aðgerðunum.

**EFNAHAGSMÁL** Niðurfelling á húsnæðisskuldum einstaklinga getur haft veruleg þensluaukandi áhrif hvort sem um ræðir beina endurgreiðslu, sem skilar sér beint í auknum ráðstöfunartekjum í dag, eða lækkun höfuðstóls, sem leiðir til aukinna ráðstöfunartekna í framtíðinni.


**FROSTI SIGURJÓNSSON**

Þetta er mat sérfræðinga Seðlabankans og kom fram í Efnahagsmálum, sérriti Seðlabankans sem út kom í gær. Höfundar segja jafnframt að leiði niðurfelling skulda til aukinnar verðbólgu yrði Seðlabankinn að beita hagstjórnartækjum til að hafa taumhald á verðbólgunni og að aukið aðhald bankans gæti leitt til aukningar jafnvægisatvinnuleysis.

Í næsta mánuði á nefnd undir forystu dr. Sigurðar Hannessonar að kynna úrræði vegna niðurfellingar á verðtryggðum húsnæðislánum sem er stærsta kosningaloforð Framsóknarflokksins. Vinna nefndarinnar ku vera á áætlun og er stefnt að því að skila í síðari hluta nóvember tillögum sem yrði hægt að framkvæma um mitt næsta ár.

„Það er rétt að ef húsnæðisskuldir eru niðurfelldar þá mun það valda mikilli þenslu en við erum að tala um skuldaleiðréttingu, ekki niðurfellingu,“ segir Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins. „En varðandi skuldaleiðréttinguna þá fer algjörlega eftir því hvernig leiðréttingin er framkvæmd hvaða áhrif hún hefur á efnahagskerfið. Forsætisráðherra hefur bent á þá leið að breyta eftirstöðvum lána, eftir leiðréttingu, í óverðtryggð lán. Þá lækkar greiðslubyrði einstaklinga ekki eins mikið en þeir eignast meira í húsnæði sínu og eigið fé skilar sér til fólksins.“

Frosti bendir einnig á að niðurstöður nefndarinnar séu væntanlegar og menn verði að bíða rólegir og sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu áður en spáð er þenslu í kjölfar aðgerðanna.

Í riti Seðlabankans velta sérfræðingar fyrst og fremst fyrir sér hver þróun atvinnuleysis verði á næstu misserum. Í lokaorðum kemur fram að ef hið opinbera sýni ekki ráðdeild í opinberum fjármálum, hvort sem litið er til útgjalda eða mögulegra skuldalækkana eða skattabreytinga, eða ef aðilar vinnumarkaðarins semja um hækkun launakostnaðar sem samræmist ekki verðbólgumarkmiðinu við gerð kjarasamninga í haust, muni áhrifin verða aukin verðbólga og minni atvinna. Við því yrði peningastefna Seðlabankans að bregðast, sem vegna heldni í atvinnuleysi getur haft í för með sér að atvinnuleysi verði meira og þrálátara en ella. -þþ/-ebg

Verðlagskönnun ASÍ leiðir í ljós að lágvöruverðsverslanir hafa hækkað verð:

# Matarkarfan hækkar nokkuð

**NEYTENDUR** „Það hafa ekki orðið neinar stórvægilegar breytingar sem skýra þessa hækkun,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. ASÍ birti í gær verðlagskönnun lágvöruverðsverslana. Þar kemur fram að vörukarfa ASÍ hefur hækkað í flestum verslunarkeðjum frá því í september 2012 þar til nú í byrjun október, nema hjá Nettó þar sem verðið stendur nánast í stað milli mælinga.

Mesta hækkunin á tímabilinu er hjá Iceland eða 16 prósent, tíu prósent hjá Krónunni og níu prósent hjá Víði. Frá því í fyrra má sjá hækkanir í öllum vöruflokkum, mjólkurvörur og sætindi hafa þannig hækkað í öllum verslununum. Mest hafa grænmeti og ávextir hækkað, um allt að 25 prósent.

„Þegar hækkunin fer upp í tíu prósent þá er fyrsta hugsunin sú að þarna sé verið að hækka álagningu, án þess að ég hafi forsendur til þess að meta það,“ segir Jóhannes en engar augljósar ástæður eru fyrir hækkuninni að hans mati. - vg


**Í BÓNUS** Meðal annars hefur matarkarfan hækkað um tíu prósent í Bónus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**Terra Grænmetis Snakk**
Delicious and all natural gourmet snack



**M&M's**
Fáránlega gott



**Amerískt Kaffi**
Úrval af ekta kaffi frá Ameríku



**Pringles**
Einu sinni smakkað og þú getur ekki hætt...

Gildir til 27. október á meðan birgðir endast.



**Quaker Haframjöl**
Til að byrja daginn á



**Lífrænar Vöfflur**
Heilhveiti- og hörfrævöfflur og Bláberjavöfflur



**Way Better Snakk**
Kornsnakk með spíruðu korni

NÝTT
Á AMERÍSKUM DÖGUM



**Lífrænt Glútenlaust Pasta**
Spennandi nýjung!

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

BREYTINGAR Á FÆÐINGARORLOFI

# Feður taka síður fæðingarorlof

Skerðing á hámarksgreiðslum til fólks í fæðingarorlofi virðist hafa leitt til þess að færri feður taka orlofið en áður. Ríkisstjórnin ætlar að bregðast við því með því að hækka hámarkið. Félagsmálaráðherra segir að það þurfi að forgangsraða og því verði orlofið ekki lengt í bili.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

Feður taka síður fæðingarorlof, og taka styttri tíma með börnum sínum nú en fyrir hrun. Þetta sýna tölur frá Fæðingarorlofssjóði. Nær fjórðungur feðra barna sem fædd voru á árinu 2009 kaus að nýta ekki rétt sinn til fæðingarorlofs á þeim þremur árum sem þeir höfðu til að taka orlofið.

Á bráðabirgðatölum fyrir árin 2010 til 2012 sést greinilega að feður taka almennt síður fæðingarorlof nú en á árunum fyrir hrun. Mun færri taka eitthvað af þremur sameiginlegum mánuðum sem foreldrar geta deilt með sér.

Tregða karla til að taka fæðingarorlof hefur haldist í hendur við lækkandi hámarksgreiðslu á mánuði. Foreldrar í orlofi fá hlutfall launa sinna greitt úr fæðingarorlofssjóði, en þak er sett á hámarksgreiðslu.

Út árið 2008 var þakið svo hátt að aðeins þeir sem töldust tekjuháir rákust á það. Þá var hámarksgreiðslan úr Fæðingarorlofssjóði 535 þúsund krónur á mánuði.

Í janúar 2009, nokkrum mánuðum eftir bankahrunið, ákvað ríkisstjórnin að lækka þakið í 400 þúsund krónur. Hálfu ári síðar lækkaði þakið í 350 þúsund krónur, og lægst var það eftir janúar 2010 þegar það fór í 300 þúsund krónur á mánuði, rétt rúman helming þess sem það var áður en skerðingahrinan hófst.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hóf aftur hækkun hámarksgreiðslu í fæðingarorlofi um síðustu áramót, þegar þakið hækkaði í 350 þúsund. Til stóð að hækka það í 450 þúsund á næstu tveimur árum.

Það var ekki eina breytingin sem ríkisstjórn Jóhönnu áformaði. Til stóð að lengja orlofið í áföngum úr níu mánuðum í tólf. Lengja átti orlofið um einn mánuð á ári fram til ársins 2016 þegar það átti að verða tólf mánuðir.

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur ákveðið að falla frá lengingu orlofsins, og byrja heldur á því að hækka hámarksupphæðina sem foreldrar geta fengið frá Fæðingarorlofssjóði á mánuði. Fyrsta skrefið hefur raunar þegar verið tekið, en í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í byrjun þessa mánaðar kemur fram að þakið verði hér eftir 370 þúsund krónur á mánuði.

### Spurning um forgangsröðun

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sagði á Alþingi nýverið að málið snúist um forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Ákveðið hafi verið að taka til baka skerðingar sem fyrri ríkisstjórn hafi ákveðið áður en orlofið verði lengt.

Eygló sagði að horfa verði til þess hvert markmiðið með lögum um fæðingarorlof hafi verið þegar réttindi feðra til fæðingarorlofs hafi verið tryggð á árinu 2000. Þá fengu feður þrjá mánuði í fæðingarorlof til móts við þrjá mánuði mæðra, en foreldrarnir fengu að auki þrjá mánuði sem þeir gátu skipt með sér.

Rökin fyrir því að gera þessa byltingarkenndu breytingu á lögunum voru ekki eingöngu þau að gera ætti feðrum mögulegt að sinna umönnun barna sinna. Markmiðið var líka að jafna möguleika kynjanna á vinnumarkaði, fjölga konum í stjórnunarstöðum og draga úr kynbundnum launamun.

Þegar rýnt er í tölur sem Fréttablaðið aflaði hjá Fæðingarorlofssjóði sést að þetta markmið er í hættu. Þriðjungur feðra barna sem fædd eru á síðasta ári hafa enn ekki tekið fæðingarorlof. Orlofið má taka á fyrstu þremur árunum eftir fæðingu barns svo talan á eflaust eftir að hækka.

Hlutfallið á síðasta ári var meira en helmingi hærra en það var þegar það var lægst, árið 2008. Þá tóku 16,3 prósent feðra ekkert fæðingarorlof. Hlutfallið fyrir árið 2012 gæti þó hækkað eins og áður segir.

### SA vilja frekar hækka hámarkið

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir það lengi hafa verið keppikefli samtakanna að réttur til fæðingarorlofs nýtist báðum foreldrum

„Það er mikilvægur þáttur í jafnrétti á vinnumarkaði að réttindin sé jafn og að það sé hvati fyrir báða aðila að nýta sér réttinn. Með of lágu tekjuþaki er það hins vegar tekjulægra foreldrið sem er líklegra til að nýta réttinn og það er ekki í samræmi við jafnréttissjónarmiðin,“ segir Þorsteinn.

Hann segir það ekki forgangsmál við núverandi efnahagsaðstæður að lengja orlofsréttinn. „Við teljum þann kostnaðarauka sem því fylgdi ekki forgangsmál. Nær væri að skoða vandlega hvaða áhrif lækkun á hámarksgreiðslu hefur haft. Það eru vísbendingar um að karlar nýti sér síður rétt sinn vegna lækkunar á hámarksgreiðslum og því eru upprunaleg markmið um jafnrétti til orlofs síður að nást,“ segir Þorsteinn.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi, sem fyrirtækin í landinu greiða. Tryggingagjaldið er í dag 7,69 prósent. Af því hefur sjóðurinn fengið 1,28 prósentustig, en í fjárlagafrumvarpinu sem kom fram í byrjun mánaðarins kom fram að hlutfallið yrði lækkað í 0,65 prósentustig.

Þorsteinn segir þetta leiða til þess að hámarksfjárhæð orlofsréttinda verði ekki hækkuð í framtíðinni nema til komi frekari hækkun tryggingagjalds. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sé ávísun á stóraukna skattlagningu á launatekjur frá því sem áður hafi verið. Þetta gangi þvert á loforð ríkisstjórnarinnar og það valdi miklum vonbrigðum.

### Skerðing bitnar líka á konum

Ég var sáttur við að lengja orlofið, ég samþykkti það, en með þeim formerkjum að það þyrfti líka að hækka þakið,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.

Hann segir að stjórnvöld þurfi að hafa samráð við Samtök atvinnulífsins um hvernig fæðingarorlofið eigi að þróast. Þó komi spánskt fyrir sjónir að skerða það hlutfall tryggingagjaldsins sem renni í Fæðingarorlofssjóð og því mótmæli Björt framtíð.

„Með óbreyttu hlutfalli hefði verið hægt að fara í lengingu orlofsins og fara í samræður við atvinnulífið um hvort við ættum að fara í að hækka þakið líka til að sjóðurinn gagnist fólki betur,“ segir Guðmundur.

Hann segir sorglegt að karlmenn hætti við að taka orlof, en bendir á að þó að lækkun á hámarksgreiðslu komi frekar fram hjá körlum hafi það þó einnig slæm áhrif á konur. Þær geti síður sleppt því að taka orlof og verði því frekar að taka á sig lækkun á tekjum.



**ORLOF** Tilgangurinn með því að deila fæðingarorlofi milli feðra og mæðra var meðal annars að stuðla að auknu jafnrétti á vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hlutfall feðra sem tekur orlof





### ➜ Færri karlar taka meira en þrjá mánuði

Þegar rýnt er í tölur um fæðingarorlof karla má sjá að lítið hefur dregið úr hlutfalli karla sem taka eitthvert orlof, en ekki meira en þá þrjá mánuði sem eyrnamerktir eru körlum. Þeir sem taka allt að þrjá mánuði hafa verið á bilinu 75 til 80%, en hefur fjölgað í 87% vegna barna sem fædd eru 2008.

Aukninguna verður að skoða í samhengi við verulega fækkun feðra sem taka eitthvert hlutfall af þeim þremur mánuðum sem foreldrar deila á milli sín. Um 17 til 19% feðra barna sem fædd voru 2005 til 2008 tóku meira orlof en þá þrjá mánuði sem eru eyrnamerktir þeim. Þegar tölur yfir feður barna sem fæddust í fyrra eru skoðaðar er hlutfallið komið í rúm 8%. Þar ber þó að geta þess að foreldrar hafa þrjú ár frá fæðingu barns til að taka orlofið, svo hlutfallið á eflaust eftir að lagast eitthvað.

Hlutfall feðra sem ekkert orlof taka hefur hækkað skarpt. Um fimmtungur, 20%, feðra barna sem fædd eru árið 2005 tók ekkert orlof. Það hlutfall var komið í rúm 16% hjá feðrum barna sem fædd voru árið 2008. Sú staða hefur breyst verulega. Um 29% feðra barna sem fædd eru á árinu 2011 hafa ekkert orlof tekið, og rúm 33% feðra barna sem fæddust í fyrra eru í sömu stöðu. Aftur er rétt að ítreka að líklegt er að hlutfallið breytist eitthvað þar sem fresturinn til að taka orlof er ekki runninn út.

Sjá má einhverja byrjun á þessari þróun þegar borin eru saman orlof feðra barna sem fædd eru árin 2008 og 2009. Búið er að gera upp orlof vegna barna fæddra á árinu 2009 þar sem meira en þrjú ár eru liðin frá fæðingu barnanna. Hlutfall feðra sem tóku þrjá mánuði eða færri minnkaði milli ára úr tæplega 65% í 61%, og hlutfall feðra sem tóku meira en þrjá mánuði lækkaði úr 19% í tæp 16%.





**MM Pajero** 3,2 GLS 33” br.
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 152.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:3.790.000,-
Tilboð **2.990.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI

## HEKLA Reykjanesbæ



Tilboð **2.890.000,-**

**Audi A6** 2.0T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.690.000,-



Tilboð **2.790.000,-**

**Nissan X-Trail** LE
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.890.000,-



Tilboð **1.350.000,-**

**Hyundai** Tucson 2700 4x4
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 113.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000,-



Tilboð **4.290.000,-**

**Volvo** XC90 2,4 D5
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 163.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.000,-

## Bílasala Selfoss



Tilboð **1.890.000,-**

**M. Benz** C200 kompressor
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 129.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000,-



Tilboð **1.990.000,-**

**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000,-



Tilboð **1.990.000,-**

**MM Pajero** GLS 33”
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 117.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000,-



Tilboð **2.190.000,-**

**Honda** Jazz 1400 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.650.000,-

## HEKLA Notaðir bílar Laugavegi



**VW Polo** 1.4 Comfortl.
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 31.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.450.000,-



**VW Polo** 1.4 Comfortl.
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 37.500 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.190.000,-



**VW Touareg** V6 TDI
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 96.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.750.000,-



**VW Passat** Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.250.000,-



**Audi A4** 2.0TD Avant
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.250.000,-



**MM Pajero** 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.990.000,-



**Skoda Superb** Combi 2.0 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.890.000,-



**Skoda Fabia** Classic
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 50.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.690.000,-

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

Línur teknar að skýrast í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík:

# Halldór sækist eftir fyrsta sæti

**STJÓRNMÁL** Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

Halldór tilkynnti formlega um framboðið í gær. „Það er ákveðin opnun varðandi leiðtogasætið hér í Reykjavík. Hanna Birna Kristjánsdóttir er hætt og farin í landsmálin. Sjálfstæðismenn hér í borginni skoruðu á mig þannig að mér finnst þetta mjög áhugavert tækifæri,“ segir Halldór.

Í harðan slag stefnir um oddvitasætið en auk Halldórs hafa Júlíus Vífill Ingvarsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir gefið kost á sér í fyrsta sæti. Kjartan Magnússon sem einnig var orðaður við fyrsta sætið, hefur ákveðið að sækjast eftir öðru sæti.

Frestur til að tilkynna framboð vegna prófkjörs sjálfstæðismanna rennur út á föstudag. Prófkjörið fer fram 16. nóvember. - hks



**BÝÐUR SIG FRAM** Halldór Halldórsson er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og varabæjarfulltrúi á Ísafirði. FRETTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

# Veitti undanþágur í ósamræmi við lög

Þingmaður segir forsætisráðuneytið á mjög hálli braut við veitingu tímabundinna undanþága frá upplýsingalögum. Sú ákvörðun þarfnist skýringa enda samræmist ekki lögum að veita slíka undanþágu án umsagnar frá Samkeppniseftirlitinu.

**STJÓRNSÝSLA** „Þarna finnst mér ráðuneytið vera á mjög hálli braut,“ segir alþingismaðurinn Róbert Marshall um þá ákvörðun forsætisráðuneytisins að veita 37 fyrirtækjum í opinberri eigu tímabundna undanþágu frá upplýsingalögum áður en Samkeppniseftirlitið veitir umsögn um undanþágurnar.

Forsætisráðuneytið greindi frá þessum tímabundnu undanþágum, auk nokkurra sem eru til lengri tíma, á vef sínum á mánudag. Kveðið er á um það í upplýsingalögum að hægt sé að veita undanþágu að tillögu ráðuneyta og sveitarstjórna og að fenginni umsögn Samkeppniseftirlitsins, og lágu slíkar umsagnir fyrir í tilviki þeirra sex félaga sem fengu undanþágu fram í júlí 2016, en ekki hinna sem þó fengu undanþágu til áramóta.

Upplýsingalögunum var gjörbreytt í fyrra með frumvarpi Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Eftir breytinguna kveða lögin meðal annars á um upplýsingaskyldu félaga í meirihlutaeigu hins opinbera, nema að veittri undanþágu. Róbert var framsögumaður frumvarpsins í þinginu.

„Ég get ekki séð að þar sé neins staðar gert ráð fyrir svona undanþágu án þess að fá umsögn frá Samkeppniseftirlitinu,“ segir Róbert. Mér finnst að forsætisráðuneytið og forsætisráðherra verði að skýra það hvaða heimild er til þess í lögum að gera þetta með þessum hætti, því að það er klárlega ekki í samræmi við lögin.“

Róbert segir að töluvert hafi verið rætt um þetta ákvæði þegar frumvarpið var til meðferðar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. „Og við töldum ljóst að það yrði að beita þessari reglu af mikilli varfærni.“ Svo virðist sem það hafi hins vegar ekki verið gert í þessu tilviki.

„Ég er mjög hissa á þessu því að við í nefndinni gerðum miklar breytingar á lögunum frá hendi forsætisráðuneytisins, þaðan sem málið er ættað, þannig að það er mikil þekking þar innandyra á þessum lagabókstaf,“ bætir hann við.

Í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, að ekki hafi reynst unnt að veita umsagnir fyrir 1. júlí þar sem beiðnirnar bárust of seint, auk þess sem gögn hafi í sumum tilvikum vantað.

Spurður hvort hann telji tímabundnu undanþágurnar samræmast lögum segir Páll að það sé „ekki á valdsviði Samkeppniseftirlitsins að túlka valdheimildir ráðuneytisins að þessu leyti“.

Ekki náðist í Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í gær. stigur@frettabladid.is



**RÓBERT MARSHALL**



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**



**KYNNT Á MÁNUDAG** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra veitti undanþágurnar í sumar en ekki var tilkynnt um það nema í Stjórnartíðindum þar til á mánudag.

## Fengu undanþágu

Þessi félög eru á meðal þeirra sem fengu tímabundna undanþágu:

- Fasteignafélag Íslands ehf.
- Landsbréf hf.
- Landsvaki ehf.
- Landsvirkjun Power ehf.
- Þeistareykir ehf.


TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR! BILALAND.IS

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/12, ekinn 28 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 191045

Frábært verð 7.290 þús.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 04/13, ekinn 23 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.690 þús.
Rnr.130722.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/12, ekinn 45 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.130785.



SUBARU FORESTER VISION
Nýskr. 04/11, ekinn 62 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr.280506.



HYUNDAI i10
Nýskr. 05/11, ekinn 38 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.380 þús.
Rnr.120180.



HYUNDAI i30 CLASSIC WAGON
Nýskr. 06/13, ekinn 7 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.120261.



HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 04/12, ekinn 66 þús km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.980 þús.
Rnr.130700.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is



FALLEG HÚÐ MEÐ NÁTTÚRULEGUM LJÓMA

miðvikudagur 30. okt. 6.900 kr.

Fegurðin kemur innan frá



ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR starfar sem næringarþerapisti, heilsufrömuður og skrifar metsölubækur um mataræði og hollan lífsstíl fyrir Norðurlandabúa.

Ástand húðarinnar speglast af ástandi líkamans og starfsemi hans. Hrukkumyndun milli augna og bólumyndun á enni eru merki um þreytta lifur og uppsöfnun eiturefna. Bólga og þroti í kringum augu sýna að nýrun eru komin í yfirvinnu. Óreglu í tíðarhring má lesa af höku og kinnum.

ÞETTA ER HÆGT AÐ LAGA MEÐ:
- Réttu mataræði, ofurfæði og bætiefnum
- Kremum og húðvörum sem hreinsa og virka dýpra
- Réttu hugarfari, sem sést líka í húðinni

KOMDU ÞÉR AF STAÐ Í VIKU HÚÐ-DETOX MEÐ:
- Hreinsandi mataræði
- Uppbyggilegum bætiefnum
- Nærandi andlitskremum

Nánari upplýsingar og skráning á thorbjorg@thorbjorg.dk eða í síma 698 3048.

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5
KL. 18:30 – 22:00



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979


50% AFSLÁTTUR
Jólatilboð á arineldstæðum
20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM
Sérfræðingar í heilsurúmum
12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*
* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.
Að vakna endurnærð/ur eftir góðan svefn er ein besta stund dagsins
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGU-GREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Hvers vegna sál okkar lifir áfram eftir dauðann
Fyrirlestur á ensku / www.lif-eftir-daudann.net






Miele þvottavélar og þurrkarar EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldar þeirra gera.

# Drónaárásir gætu talist til stríðsglæpa

**Mannréttindasamtökin Amnesty International segja miklar líkur á því að bandarískir ráðamenn og yfirmenn í hernum hafi gerst sekir um stríðsglæpi og önnur mannréttindabrot með fyrirskipunum um árásir mannlausra flugfara í Pakistan.**


**ÓGN Í LOFTI** Ómannað bandarískt flugfar á sveimi yfir Kandahar í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PAKISTAN** „Amnesty International hefur ríka ástæðu til að óttast að þessar árásir kunni að hafa leitt til ólögmætra manndrápa, sem falla myndu undir aftökur án dóms og laga eða stríðsglæpi,“ segir í nýrri skýrslu frá mannréttindasamtökunum Amnesty International, þar sem fjallað er um árásir ómannaðra bandarískra flugfara, svonefndra dróna, á skotmörk í Pakistan.

Árásirnar, sem hófust að öllum líkindum árið 2004, skipta hundruðum og hafa kostað þúsundir manna lífið. Flestar hafa þær verið gerðar í Norður-Waziristan, litlu héraði við landamæri Afganistans, en þar hafa herskáir talibanar og aðrir uppreisnarhópar hreiðrað um sig.

Engar óyggjandi upplýsingar eru til um fjölda látinna eða hve stór hluti þeirra voru almennir borgarar, en Sameinuðu þjóðirnar, pakistönsk stjórnvöld og ýmis samtök sem lagt hafa vinnu í að rannsaka árásirnar segja ljóst að þessar árásir hafi kostað hundruð almennra borgara lífið.

Barack Obama Bandaríkjaforseti fullyrti í maí síðastliðnum að Bandaríkin geri engar árásir með drónum „nema næstum öruggt sé að engir almennir borgarar láti lífið eða særist“.

Amnesty segir hins vegar að af hálfu Bandaríkjanna hvíli svo mikil leynd yfir þessum árásum að engin leið sé að meta það hvort í reynd sé gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir mannfall meðal almennra borgara.

Amnesty International segir rannsóknir sínar á níu stöðum í Pakistan, þar sem mannfall varð af völdum drónaárása, benda til þess að Bandaríkin hafi þar í raun orðið mörgum að bana með ólögmætum hætti sem talist geti til stríðsglæpa eða annarra brota gegn alþjóðlegri mannúðarlöggjöf.

„Rétt eins og aðrir hópar sem athafna sig á ættbálkasvæðunum virðast Bandaríkin vera að notfæra sér hve löglaust og afskekkt þetta svæði er til að forðast ábyrgð á brotum sínum,“ segir í skýrslunni.

Amnesty skorar á Bandaríkin að birta upplýsingar um árásirnar, svo hægt verði að meta afleiðingarnar. Bandarískir ráðamenn og yfirmenn í hernum kunni að hafa gerst sekir um stríðsglæpi.

Alþjóðalög séu skýr um þetta: „Að gera árás á óljós skotmörk sem veldur almennum borgurum dauða eða meiðslum, eða árás sem vitað er að hafi í för með sér mannfall, meiðsli eða skaða meðal almennra borgara, er stríðsglæpur.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Bandarískar drónaárásir í Pakistan

| | Bandaríkjastjórn | Stjórn Pakistans | Aðrar heimildir |
|---|---|---|---|
| **Fjöldi árása** | Leynd | Fleiri en 330 | 348-374 |
| **Fjöldi látinna** | 4.700* | 2.200 | 2.065-3.613 |
| **Þar af almennir borgarar** | Ekki upplýst | 400-600 | 153-926** |
| **Fjöldi særðra** | Ekki upplýst | Fleiri en 600 | 1.117-1.505 |

Engar óyggjandi upplýsingar eru til um fjölda árása, mannfall eða fjölda særðra. Hér eru birtar þær tölur, sem stjórnvöld í Bandaríkjunum og Pakistan hafa birt. Aðrar heimildir eru The Long War Journal, The New America Foundation og The Bureau of Investigative Journalism.

*Ekki er vitað hvort bandaríska talan um heildarfjölda árása á við um allar drónaárásir Bandaríkjanna í heiminum, eða hvort átt er við Pakistan og einhver önnur ótilgreind lönd.

**Inni í þessari tölu eru 168-200 börn, samkvæmt mati The Bureau of Investigative Journalism

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo
Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins
5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:
2.460.000 kr.
Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Toppaðu með Vilborgu og Leifi

**Opinn fyrirlestur fyrir alla sem vilja upplifa kvöldstund með okkar fremsta afreksfólki í fjallamennsku og útivist. Aðgangur ókeypis.**

Háskólabíó, miðvikudagur 23. október kl. 20–22.







66° NORÐUR

Leifur Örn Svavarsson, sem kleif norðurhlið Everest fyrstur Íslendinga, sýnir myndir og segir frá mögnuðum leiðangri sínum.

Vilborg Arna Gissurardóttir, suðurpólfari, ræðir um sjö tinda leiðangurinn, markmið, undirbúning og hvernig hugmyndir verða að veruleika.

Slysavarnafélagið Landsbjörg kynnir öryggi í ferðamennsku og vefinn safetravel.is í hléi.

**Dagskráin hefst kl. 20 en húsið verður opnað kl. 19.**
**Aðgangur ókeypis.**

**Nánari upplýsingar á 66north.is**

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

safe travel.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# SKOÐUN

Nú þarf að horfa á stóru myndina:

## Upplýst ákvörðun um sæstreng

Lagning sæstrengs til að selja íslenzka raforku til Bretlands eða meginlandsins hefur oft verið til umræðu undanfarna áratugi. Nú fara þær umræður fram í meiri alvöru en oftast áður, eins og rakið var í ýtarlegri fréttaskýringu Svavars Hávarðssonar í helgarblaði Fréttablaðsins. Ástæðurnar eru annars vegar síhækkandi orkuverð á alþjóðavettvangi, sem þýðir að eftir meiru er að slægjast, og hins vegar að tækninni fleygir fram og það gerir sæstrengslagninguna auðveldari. Brezk stjórnvöld hafa verið mjög áhugasöm um framkvæmdina.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Ráðgjafahópur skipaður breiðum hópi hagsmunaaðila á sviði orkunýtingar og umhverfisverndar hefur skilað iðnaðarráðherra skýrslu um ýmis álitamál varðandi lagningu sæstrengsins og hugsanleg næstu skref. Hópurinn setur fram margvíslegar tillögur um framhaldið en rauði þráðurinn í þeim er að afla þarf margvíslegra nýrra upplýsinga, gera ýmiss konar greiningar á áhrifum sæstrengsins á efnahagslíf, umhverfi og einstakar atvinnugreinar, auk þess að hefja viðræður við brezka aðila um hugsanlegt samstarf um lagningu strengsins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardaginn geta falizt gríðarleg tækifæri í sölu raforku til annarra Evrópulanda um sæstreng. Þar vegur þungt að í fyrsta sinn væri þá komin leið til að koma umframorku í íslenzka raforkukerfinu í verð. Sú orka nýtist ekki iðnaði sem þarf tryggt og stöðugt framboð, en getur verið eftirsótt vara á stórum og fjölbreyttum raforkumarkaði eins og í Bretlandi. Að mati Landsvirkjunar gæti umframorkan sem í dag er til í kerfinu orðið allt að tveim fimmtuhlutum þeirrar orku sem færi um sæstreng.

Eitt af áhyggjuefnunum sem hafa verið viðruð vegna sæstrengslagningarinnar er að hækkun á orkuverði myndi leiða af sér hærri rafmagnsreikning íslenzkra heimila. Jákvæð áhrif af hærra orkuverði á allt hagkerfið ættu þó að vega þar upp á móti, rétt eins og heimilin græða á því þegar íslenzkur fiskur selst á hærra verði erlendis, þótt hann kosti þá líka meira í fiskbúðinni. Sömuleiðis hefur verið bent á að auðvelt ætti að vera að endurdreifa hagnaði orkufyrirtækja til heimila ef fyrirfram er hugsað fyrir leiðum til þess.

Þótt ástæða sé til að slá ótal varnagla er tækifærið, sem gæti legið í orkusölu um sæstreng, of stórt til að halda ekki áfram að kanna möguleikana í fullri alvöru. Öflun meiri upplýsinga er lykilatriðið; á grundvelli þeirra ætti svo að geta náðst sæmilega víðtæk sátt um hvort ráðast eigi í verkið eða ekki.

Stutt umræða fór fram á Alþingi í síðasta mánuði um sæstrenginn. Þar hafði Birgitta Jónsdóttir mestar áhyggjur af áhrifunum á grænmetisbændur, Ásmundi Friðrikssyni fannst lítil ástæða til að selja Englendingum orku vegna þess hvernig þeir hefðu komið fram í makrílmálinu og Vigdís Hauksdóttir var sannfærð um að áform um lagningu sæstrengs til ESB-landa væru liður í víðtækara samsæri tengdu aðildarumsókninni.

Svona örgrunn umræða á okkar virðulegu löggjafarsamkomu sýnir vel fram á nauðsyn þess að afla gagna og upplýsinga um allar hliðar málsins, þannig að hægt sé að taka vandaða, upplýsta ákvörðun. Svo verðum við bara að vona að þeir sem taka hana á endanum séu færir um að horfa á stóru myndina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hinar íslensku Rosa Parks

Stóra Gálgahraunsmálið er sannarlega ekkert smámál – þá væri það litla Gálgahraunsmálið. Náttúruverndarsinnum er sópað í bunkum upp í lögreglubíla svo að hægt sé að grafa í sundur hraunið fyrir vegi sem enn er ekki víst að megi leggja. Það er einkennileg staða, en umræðan um málið er hins vegar farin að bera keim af vanstillingu. Í gær var mótmælendunum líkt við Rosu Parks, táknmynd réttindabaráttu blökkumanna í Bandaríkjunum, og í fréttunum í gær líkti Ómar Ragnarsson vinnubrögðum íslenskra yfirvalda við þau sem tíðkast í Rússlandi Pútíns.



### Lögmál Godwins

Svona samlíkingar eru fæstum málstað til framdráttar – nema í þeim sárafáu tilvikum þegar hann á sannarlega við. Þess er varla langt að bíða að Jesús Kristur og Adolf Hitler skjóti upp kollinum í umræðunni um Álftanesveginn.

### Viðeigandi

„Hvar er ráðherra? Hvar er ráðherra?" hrópuðu mótmælendur úr hópi Hraunavina þegar þeir söfnuðust saman fyrir utan innanríkisráðuneytið í gær. Svarið barst skömmu síðar, í formi athugasemdar frá ráðuneytinu við frétt mbl.is um mótmælin: Hanna Birna Kristjánsdóttir ráðherra var alls ekki á staðnum – hún var á Austurlandi í embættiserindum – eins og formanni Náttúruverndarsamtaka Íslands hafði raunar verið greint frá eftir að boðað var til mótmælanna. Og hvað skyldi Hanna Birna hafa verið að gera fyrir austan? Jú, hún var að sjálfsögðu að vígja nýjan veg. Sá liggur til Vopnafjarðar.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ógn við réttaröryggi íslenskra kvenna

JAFNRÉTTI



**Heiða Björg Hilmisdóttir**

formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar



**Margrét Lind Ólafsdóttir**

varaformaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar

Niðurstöður nýrrar könnunar Háskóla Íslands og Ríkislögreglustjóra meðal starfandi lögreglumanna opinbera ógnvekjandi veruleika um þau kynjaviðhorf og vinnumenningu sem ríkir innan lögreglunnar á Íslandi. Það er grafalvarlegt mál að innan lögreglunnar, útvarðar réttarvörslukerfisins, viðgangist víðtækt kynbundið ofbeldi og kvenfjandsamleg viðhorf eins og könnunin sýnir.

Meðal niðurstaðna er að þrjár af hverjum tíu lögreglukonum hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni, oftar en tvisvar sinnum, á undangengnum sex mánuðum, m.a. af hálfu yfirmanns. Einelti karlkyns yfirmanna eða samstarfsmanna er algengt og ekki er brugðist við ítrekuðu einelti af hálfu yfirmanna. Meirihluti kvenkyns lögreglumanna upplifir að karlar og konur hafi ekki jafna möguleika innan lögreglunnar og tveimur af hverjum þremur finnst komið öðruvísi fram við þær en karla. Konur, sem sækjast eftir aukinni ábyrgð eða stöðuhækkunum hjá lögreglunni, upplifa að gengið sé fram hjá þeim þegar skipað er í stöður, þrátt fyrir að konur séu almennt með meiri menntun en karlar. Kynjahlutföll meðal yfirmanna lögreglunnar staðfesta það og vaxandi óánægja og brottfall kvenna úr lögreglunni á undanförnum árum skýrist m.a. af þessu.

Skýrsluhöfundur segir að menningin innan lögreglunnar sé óvinveitt konum. Valdahlutföllum sé viðhaldið með kynferðislegri áreitni og ekki komið fram við þær af faglegri virðingu.

Ástandið innan lögreglunnar er alvarleg ógn við réttaröryggi kvenna á Íslandi og því miður er óhjákvæmilegt að setja það í samhengi við ótrúlegt getuleysi réttargæslukerfisins í viðbrögðum við kynferðisofbeldismálum. Fáar kærur og dómar vegna nauðgana, vændiskaupa og annars kynferðisofbeldis tala þar sínu máli.

Við krefjumst þess að þegar í stað verði gripið til ráðstafana til að tryggja öryggi íslenskra kvenna og skorum á innanríkisráðherra að bregðast tafarlaust við þessari alvarlegu stöðu og uppræta ofbeldið og þau kvenfjandsamlegu viðhorf sem þarna viðgangast þannig að bæði kynin geti treyst því að lögreglan sé raunverulegt skjól og vörn eins og henni ber. Þetta viljum við sjá strax og þá meinum við strax.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Annar kafli úr bók eftir óþekktan ástarsöguhöfund



Í DAG
**Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir**
leikkona

Sigurborg steig reiðhjólið af miklu kappi í morgunslyddunni og lét það ekkert á sig fá þótt fennti fyrir gleraugun hennar. Hún þekkti þessa leið út og inn og hefði treyst sér til að hjóla hana blindandi. Reyndar gerði hún sér það að leik af og til að hjóla hluta leiðarinnar með lokuð augun og hafði hingað til sloppið með skrekkinn.

Hún hjólaði af Eiríksgötunni inn á bílastæði Landspítalans, steig af baki og læsti hjólinu við staur við enda byggingarinnar. Hana rak í rogastans þrátt fyrir slæmt skyggni því við ruslageymsluna stóð svört bifreið og þrír sérsveitarmenn með alvæpni höfðu komið sér fyrir við innganginn sem var alsettur veggjakroti spellvirkja. Á veggnum stóð spreyjað í fánalitunum: Íslenska spítala fyrir Íslendinga!

Þetta hlaut að vera vegna óeirðanna sem brotist höfðu út á slysadeild daginn áður. Þá hafði hópur hælisleitenda verið færður á slysavarðstofu vegna meiðsla við handtöku. Fólkið hafði sumt hvert verið á nærfötunum einum fata því lögreglan hafði gert því rúmrusk löngu fyrir dagmál svo hælisleitendur gætu ekki vígbúist. Hópur þjóðernissinna hafði tjaldað fyrir utan spítalann og kveikt varðeld og hrópað ókvæðisorð að starfsfólki spítalans sem sökum vaktaskipta þurfti eðlilega að ganga um anddyri spítalans.

Sigurborg tók af sér reiðhjólahjálminn og gekk inn um aðaldyr spítalans. Henni var hrollkalt og ekki var hlýrra innandyra. Yfirstjórn spítalans hafði brugðið á það ráð að draga úr kyndingu á göngum spítalans í sparnaðarskyni. Það hafði vissa kosti í för með sér, því verulega hafði dregið úr rápi sjúklinga sem og heimsóknum almennra borgara.

### Glansmynd

Sigurborg leit í kringum sig sem snöggvast og eitt andartak birtist henni fortíðin sem glansmynd úr hugskoti endurminninganna. Upplýstur gangurinn, gljáfægðir veggsímar leigubílastöðvanna og hlátrasköll glaðværs hjúkrunarfólks sem hljóp um gangana boðið og búið til að veita líkn þeim sem minnst máttu sín. Eins og lágmyndir birtust fyrir hugskoti Sigurborgar vinaleg andlit sjálfboðaliðanna sem unnu í verslun þeirri er staðið hafði í anddyri spítalans. Þær voru ófáar maltflöskurnar og blómvendirnir sem höfðu farið um hendur þessara hjartahlýju kvenna til að auðvelda önnum köfnum gestum heimsóknir til fársjúkra ættmenna sinna.

Sigurborg hrökk upp úr þessum þönkum því farsími hennar hringdi án afláts. Hún svaraði og hljóp af stað. Þetta var Guðvarður yfirlæknir sem bað hana að hitta sig á skrifstofu sinni tafarlaust. Sigurborg hljóp við fót í átt að skrifstofu yfirlæknisins fram hjá auðum skrifstofum geislafræðinga og mátti litlu muna að hún velti við hjólaborði drekkhlöðnu af lífsýnum næturinnar.

Guðvarður bað Sigurborgu að loka á eftir sér og bauð henni til sætis andspænis sér.

Hjartað ólmaðist í brjósti Sigurborgar, því hún hafði löngum haft augastað á Guðvarði og ekki síst í ljósi þess að hann var nýorðinn ekkjumaður. Konan hans hafði látist við „heimilisstörfin“ eins og sjálfsvíg voru jafnan nefnd í flimtingum meðal starfsfólks spítalans.

### Þjóðaröryggi

Guðvarður vék sér beint að efninu og bað Sigurborgu lengstra orða að ræða ekki við nokkurn mann um það sem hann myndi nú segja henni því það varðaði þjóðaröryggi. Sigurborg hálfklökknaði við að finna traustið sem streymdi frá Guðvarði og sagði honum í lágum hljóðum að hann gæti fyllilega treyst á þagmælsku hennar og trygglyndi. Freistandi var að segja Guðvarði frá því er hún óvænt hafði verið fengin til að sinna bandarískri stórstjörnu á Vatnajökli. Yfir þessu hafði Sigurborg þagað eins og mannsmorði þó að erlend stórblöð hefðu boðið henni fúlgur fjár fyrir uppljóstranir af einhverju tagi. Sigurborg tók þegjandi og hljóðalaust við lyklum að einkastofu á hæðinni sem einungis var notuð ef um innlagnir fyrirfólks var að ræða.

> Ráðherrann skyldi aðeins fá það besta og auðvitað aðeins íslenskar afurðir, feitt kjet og ylvolga mjólk.

Sigurborg setti lykilinn í skrána og sneri honum varlega. Dyrnar opnuðust og innan úr herberginu mátti heyra titillagið úr tölvuleiknum Angry Birds. Þetta var vistleg stofa, ríkmannlega innréttuð og á veggjum mátti sjá forseta lýðveldisins innrammaða í einfaldri röð. Í miðju herberginu var mikilfenglegt sjúkrarúm og í því sat hann, ráðherrann ungi sem þjóðin hafði saknað svo dögum skipti. Hann sat þar eins og skólabarn með i-paddinn í kjöltunni og með tunguna ofurlítið úti í öðru munnvikinu eins og til þess að glata nú ekki einbeitingunni. Nokkur græn sælgætisbréf utan af Lindubuffi lágu á sænginni og á gólfinu umhverfis rúm ráðherrans.

Hjarta Sigurborgar ætlaði að bresta við þessa sjón og hún fylltist meðlíðan með ráðherranum unga. Hún vissi sem var að fram undan væru erfiðir dagar þar sem hún þyrfti að annast ráðherrann af kostgæfni, bægja frá forvitnum og sauð handa honum grautarvelling í huganum.

Ráðherrann skyldi aðeins fá það besta og auðvitað aðeins íslenskar afurðir, feitt kjet og ylvolga mjólk. Þann staðgóða kost sem hafði haldið þjóðinni á lífi öldum saman og veitt henni sjálfstæði sitt, gildismat og aga. Sigurborg strengdi þess heit að láta ekki sitt eftir liggja við að hjálpa ráðherranum unga til að ná fullri heilsu, því hér var ekki eingöngu um heilsu ráðherrans að ræða heldur var velsæld heillar þjóðar í húfi.

**YGGDRASILL EHF. TIL SÖLU**

Fyrirtækjaráðgjöf Auðar Capital ehf. hefur verið falið að annast sölu á öllu hlutafé Yggdrasils ehf.

Yggdrasill er heildsala sem sérhæfir sig í innflutningi og sölu á lífrænum og náttúrulegum heilsuvörum. Félagið er umboðsaðili fyrir mörg af sterkustu vörumerkjunum í geiranum og lætur einnig framleiða og selur lífræna matvöru undir eigin vörumerki, Himnesk Hollusta.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fagfjárfestum sem geta sýnt fram á viðeigandi þekkingu og eiginfjárstöðu umfram 300 milljónir króna. Seljandi áskilur sér rétt til þess að takmarka aðilum aðgang að söluferlinu t.d. vegna samkeppnissjónarmiða eða ef fyrir hendi eru einhverjar lagalegar takmarkanir.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu þurfa að undirrita trúnaðaryfirlýsingu og leggja fram fullnægjandi staðfestingu á fjárfestingargetu.

**SÖLUFERLIÐ**

Fjárfestar sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku fá afhent kynningargögn um Yggdrasil og verður gefinn kostur á að gera óskuldbindandi tilboð í félagið. Samhliða gefst fjárfestum kostur á að gera tilboð í allt hlutafé fasteignafélagsins Agóru ehf. sem á fasteignina sem hýsir starfsemi Yggdrasils. Tímafrestur til að skila inn óskuldbindandi tilboði í allt hlutafé Yggdrasils (eða í allt hlutafé Yggdrasils og Agóru) er til kl. 16:00, mánudaginn 11. nóvember 2013.

Fjárfestum sem lagt hafa fram ásættanleg óskuldbindandi tilboð að mati seljanda verður boðin þátttaka í öðrum hluta söluferlisins þar sem þeir munu fá aðgang að ítarlegri gögnum um félagið.

Seljandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum, breyta söluferlinu eða stöðva það eftir atvikum hvenær sem er á meðan söluferlinu stendur. Fyrirspurnir má senda á soluferli@audur.is. Umbeðnum gögnum til að fá aðgang að söluferlinu skal skilað til **Auðar Capital, Borgartúni 29, 105 Reykjavík,** merkt **„Söluferli – Yggdrasill“** eða á netfangið **soluferli@audur.is.**

**UM YGGDRASIL**

Yggdrasill flytur inn, dreifir, kynnir og markaðssetur breitt úrval lífrænna og náttúrulegra mat- og drykkjarvara, bætiefna, hreinlætis- og snyrtivara. Félagið er umboðsaðili fyrir þekkt vörumerki s.s. NOW vítamín og fæðubótarefni, *Rapunzel* matvöru, *Dr. Hauscha* snyrtivörur, *Naturfrisk* drykki, *Clipper* te og *Beutelsbacher* safa. Yggdrasill lætur einnig framleiða og selur breiða línu lífrænna matvara undir eigin vörumerki, *Himnesk Hollusta*. Hjá félaginu starfa í dag 17 manns.

AUÐUR CAPITAL



# Sannmæli

**MENNING**



Jakob Frímann Magnússon
tónlistarmaður

Strandhögg íslenskra tónlistarmanna í Kennedy Center í Washington fyrr á þessu ári vakti athygli og fyrir sumt meira en annað.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék þar í aðalsal og naut að sjálfsögðu þeirrar fyrirmyndaraðstöðu, búningsherbergja og annars sem í boði er fyrir tónlistarmenn.

Menntamálaráðuneytið hóstaði léttilega upp 30 milljóna króna styrk svo að sveitin mætti fljúga, gista og snæða vel, eins og dagpeningar ríkisstarfsmanna gera ráð fyrir.

Íslensku hrynsveitirnar sem fram komu nutu auðvitað engra dagpeninga né opinberra styrkja frekar en fyrri daginn. Þær ferðuðust þetta á eigin yfirdrætti og undu glaðar við sitt í einum af smærri sölum hallarinnar sem þó skartaði góðum búningsherbergjum til að dveljast í milli atriða og skipta um föt fyrir tónleika.

**Vísað inn á salerni**

Þegar hrynverjar hugðust koma sér þar fyrir kom forstöðumaður hússins og rak alla úr búningsherbergjunum með fyrirmælum um að lið þetta mætti skipta um föt á salerni hússins og kúldrast þar uns menn yrðu kvaddir á svið!

Umrædd lýsing þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart. Þetta er sama viðmótið og flytjendur nýgildrar tónlistar hafa mátt venjast um áratugaskeið.

Sjálfskipaðir menningarpáfar Íslands og útverðir sígildrar tónlistar af þýska skólanum þreyttust ekki á að viðhafa hrakyrði opinberlega um t.a.m. jazztónlist sem kölluð var „hóruhúsatónlist“ og „tónlist djöfulsins“ sem helst ætti að bannfæra með öllu! Poppplötur voru brotnar í hinum gylltu sölum RÚV til að fyrirbyggja mengunaráhrifin af þeim, og stórum hluta af myndbandsupptökum Sjónvarpsins af ármönnum íslenskrar hryntónlistar var hreinlega eytt eða annað efni „göfugra“ tekið upp á sömu spólur. Sá hluti tónlistarsögu okkar er sumsé glataður.

**➜ Adam var þó ekki lengi í Paradís. Það fyrsta sem kastað var út við gerð nýrra fjárlaga var umræddur Útflutningssjóður! 20 þúsund milljónir til íslenskra kúabænda standa óhaggaðar á meðan 20 milljónir til íslenskra geisladiskabænda eru slegnar af með einu pennastriki!**

Fyrir 30 árum hófst markviss sókn íslenskra hryntónlistarmanna á erlenda markaði, með öllum þeim áhættuþáttum og gífurlega kostnaði sem slíku fylgir.

Snemma var horft til stoðkerfa annarra þjóða og eftir áratuga baráttu fyrir e.k. Útflutnings- og þróunarsjóði var loksins tilefni til fagnaðar á sl. ári er tilkynnt var að flytjendur nýgildrar tónlistar hefðu nú verið bænheyrðir í ljósi þeirra merka framlags til menningarlífs Íslands, ímyndar þess og ómetanlegrar landkynningar.

Baráttan hafði reyndar hafist árið 1998 með vilyrði þáverandi iðnaðarráðherra um sjóð, sambærilegan Kvikmyndasjóði, er byggjast mundi á virðisaukaskatti af hljómplötusölu sem þá hefði myndað sjóð að upphæð 150 milljónir kr. Sjóðurinn langþráði sem loks leit dagsins ljós árið 2012 nam hins vegar einungis 20 milljónum króna og glöddust menn mjög af litlu, enda litlu vanir. Sjóðsstjórn var skipuð, reglur voru samdar og fyrirbærið auglýst og ríkti gleði yfir hinum nýja áfanga. Loks gætu hryntónlistarmenn sótt sínar tónlistarhátíðir og sín tónleikaferðalög erlendis með tilheyrandi frakt og útgerðarkostnaði án þess að borga með sér.

**Innan við fimm prósent**

Adam var þó ekki lengi í Paradís. Það fyrsta sem kastað var út við gerð nýrra fjárlaga var umræddur Útflutningssjóður!

Tuttugu þúsund milljónir til íslenskra kúabænda standa óhaggaðar á meðan 20 milljónir til íslenskra geisladiskabænda eru slegnar af með einu pennastriki!

Þetta beinir óþægilegum kastljósum að nýlegri samantekt FTT á opinberum tölum sem speglar þá staðreynd að af öllum samanlögðum framlögum ríkis og sveitarfélaga til tónlistarlífs á Íslandi er hlutur hryntónlistar enn þá, eftir allt sem á undan er gengið, innan við 5%. FIMM PRÓSENT!

Línurnar, sem lagðar voru á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar af hinum þýsk-andaktugu forkólfum íslensks menningarlífs þess tíma, eru sumsé allsendis óbreyttar árið 2013!

Þeim sem fást við að semja og flytja íslenska tónlist um víða veröld er náðarsamlegast vísað á náðhús, á meðan hlaðið er undir löngu látin þýsk tónskáld!

Skyldi virkilega ekki tími til kominn að þeir íslensku höfundar og flytjendur sem hér er um fjallað fái loks að njóta sannmælis?

Slík stefnubreyting myndi marka sannkölluð vatnaskil í hrynheimum og íslensku menningarlífi á 21. öld.







# Áfengis- og vímuefnafíkn er ekki skortur á viljastyrk

SAMFÉLAG



Reynar Kári Bjarnason
sálfræðingur

Daglega berast okkur fréttir úr undirheimum; af ungu fólki sem hefur misst stjórn á eigin lífi vegna neyslu vímuefna og af ógæfu útigangsfólks. Í samfélaginu hafa löngum verið fordómar gagnvart fólki sem ánetjast áfengi eða vímuefnum og litið á það sem ístöðulitla og veiklundaða einstaklinga. Tilgangur þessara skrifa er að benda á mikilvægi þess að hlúa vel að þessu fólki og veita því þá heilbrigðisþjónustu sem það á rétt á. Jafnframt getur upplýst umræða um fíknisjúkdóma dregið úr fordómum.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að fólk byrjar að neyta vímugjafa. Sumir byrja að nota vímugjafa vegna þess að vímuefni framkalla vellíðunartilfinningu eða draga úr streitu og kvíða. Aðrir fara að nota vímugjafa til að ná betri árangri, t.d. í íþróttum, og enn aðrir prófa vímuefni fyrir forvitni sakir. Í upphafi er ákvörðunin um að neyta vímuefna langoftast sjálfviljug. Þegar fíknin hins vegar tekur völdin yfir einstaklingnum missir hann stjórn.

Líkt og með aðra sjúkdóma er tilhneiging til að þróa með sér fíkn misjöfn á milli manna. Því fleiri áhættuþætti sem einstaklingurinn hefur, þeim mun meiri líkur eru á því að neyslan leiði til fíknar. Einn helsti áhættuþátturinn eru erfðir einstaklingsins, en rannsóknir á fíknisjúkdómum sýna að þeir eru arfgengir. Þróun sjúkdómsins getur þó verið ólík eftir einstaklingum þar sem umhverfis- og erfðaþættir vinna saman að mótun sjúkdómsins.

### Stuðningur og leiðsögn

Langvarandi ofneysla getur valdið neytandanum ýmsum líkamlegum vandamálum eins og vannæringu, lifrarbólgu, briskirtilbólgu, vöðvarýrnun og margs konar skemmdum á heila og taugum. Ofneysla er gríðarlega kostnaðarsöm fyrir þjóðfélagið m.a. vegna slysa, afbrota, sjálfsvíga, ofbeldis og vinnutaps. Talið er að um helming banaslysa í umferðinni megi rekja til ölvunar og það sama á við um þau morð sem framin eru. Einnig má rekja tæpan þriðjung sjálfsvíga og drukknana til ölvunar. Til þessa er vísað þegar talað er um að sjúkdómurinn endi í mörgum tilfellum með dauða ef ekkert er að gert. Vímuefnin ein og sér valda ekki alltaf dauðsfallinu heldur er það oft dómgreindarleysi einstaklingsins undir áhrifum sem leiðir til dauða.

Þegar neyslu er hætt geta undirliggjandi geðsjúkdómar líkt og þunglyndi og kvíði gert vart við sig. Auk þess getur sektarkennd og ýmiss konar erfið reynsla, sem einstaklingurinn upplifði í neyslunni, haft í för með sér að erfiðlega gengur að feta beinu brautina. Mikilvægt er að fólk fái stuðning og leiðsögn sálfræðinga og annarra sérfræðinga við að vinna úr erfiðri reynslu og lifa lífinu án vímugjafa.

Misnotkun áfengis og vímuefna er mikið vandamál á Íslandi eins og um allan heim. Á Íslandi eru taldar rúmlega 20% líkur á því að karlar þrói með sér fíkn í vímugjafa einhvern tíma á ævinni. Hjá konum eru líkurnar um 10%. Þetta er gríðarlega há tíðni samanborið við aðra sjúkdóma. Til samanburðar er tíðni geðklofa á bilinu 0,5-2% og tíðni anorexíu um 1%.

### Þjónusta vanmetin

Áfengis- og vímuefnafíkn er skilgreind sem sjúkdómur í DSM-5-greiningarhandbókinni sem gefin er út af APA (American Psychiatric Association). Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) og AA-samtökin vinna einnig út frá því að um sjúkdóm sé að ræða.

Þrátt fyrir ofangreint eru margir þeirrar skoðunar að áfengissýki sé einungis skortur á viljastyrk og að orsakir neyslunnar séu þær að neytandinn hafi ekki nógu sterkan persónuleika til að hætta. Slík viðhorf geta haft þau áhrif að fólk þorir ekki að leita sér meðferðar vegna almenningsálitsins og ótta við að fá á sig óæskilegan stimpil. Ljóst er að upplýst umræða og aukinn skilningur á sjúkdómnum getur dregið úr fordómum og leitt til betri árangurs í baráttunni við hann. Væri það gríðarlegur ávinningur fyrir land og þjóð því að virkir fíklar kosta samfélagið mikið fé. Að sjá á bak ungu og efnilegu fólki vegna neyslu þess á áfengi og vímuefnum er þyngra en tárum taki og ber okkur skylda til að vinna að öflugri forvarna- og meðferðarþjónustu við fólk með fíknisjúkdóma. Í baráttunni við þennan vágest verða sérfræðingar í félags- og heilbrigðisþjónustu að taka höndum saman. Sú mikilvæga þjónusta og stuðningur sem sálfræðingar veita fólki í vímuefnavanda hefur hingað til verið vanmetin af opinberum aðilum.

**➜ Ljóst er að upplýst umræða og aukinn skilningur á sjúkdómnum getur dregið úr fordómum og leitt til betri árangurs í baráttunni við hann. Væri það gríðarlegur ávinningur fyrir land og þjóð því að virkir fíklar kosta samfélagið mikið fé.**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
hafa áhrif á börn.

VERT

IFÖ SILVER
Sturtuhurðar og sturtubotnar



RÚNAÐ STURTUHORN
90x90 cm - 59.900 kr.



FERKANTAÐ STURTUHORN
80x80 cm - 57.900 kr.
90x90 cm - 59.900 kr.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUHORNUM OG STURTUBOTNUM. AÐEINS ÞESSA VIKU.



RÚNAÐUR STURTUBOTN
90x90 cm - 49.500 kr.



FERKANTAÐUR STURTUBOTN
80x80 cm - 47.500 kr.
90x90 cm - 49.500 kr.

Ifö
Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 / tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 / www.tengi.is

TENGI

## MERKISATBURÐIR

**1641** Írska uppreisnin hefst með því að írskumælandi íbúar Ulster ráðast á enska landnema og drepa þúsundir þeirra.

**1728** Brunanum mikla í Kaupmannahöfn slotar en þá eru brunnin um 30 prósent borgarinnar.

**1938** Samband íslenskra berklasjúklinga, SÍBS, er stofnað.

**1955** Stytta af Héðni Valdimarssyni reist við verkamannabústaðina við Hringbraut í Reykjavík.

**1956** Uppreisnin í Ungverjalandi hefst með mótmælum námsmanna í tækniháskólanum í Búdapest.

**1958** Bandalag háskólamanna, BHM, stofnað.

**1976** Alexandersflugvöllur tekinn í notkun á Sauðárkróki. Hann er nefndur eftir prófessor Alexander Jóhannessyni, sem var frumkvöðull í flugmálum.

**1988** Íslendingar vinna til 11 verðlauna á heimsleikum fatlaðra í Seúl í Suður-Kóreu 15. til 23. október. Þar af eru tvenn gullverðlaun, sem Haukur Gunnarsson og Lilja M. Snorradóttir hljóta.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT FÆREYJA** Margir kannast eflaust við Sinfóníuhljómsveit Færeyja frá árlegum nýárstónleikum hennar sem sendir hafa verið út á RÚV.

# Færeyskir tónar í Hörpu

**Sinfóníuhljómsveit Færeyja á þrjátíu ára afmæli á þessu ári og hluti af hátíðahöldunum felst í tónleikaferð til Íslands. Seinni tónleikar ferðarinnar eru í Hörpu í kvöld.**

Sinfóníuhljómsveit Færeyja fagnar þrjátíu ára afmæli sínu með heimsókn til Íslands en hún lék í Hofi á Akureyri í fyrrakvöld og leikur í Hörpu í kvöld klukkan 19.30.

Sinfóníuhljómsveit Færeyja hefur allt frá stofnun fyrir 30 árum gegnt afar mikilvægu hlutverki í tónlistarlífi Færeyja. Markmið hljómsveitarinnar hefur verið að ná til eins breiðs áheyrendahóps og mögulegt er og að allir sem hafa áhuga eigi möguleika á því að upplifa tónleika hljómsveitarinnar. Til að uppfylla þetta markmið hefur hljómsveitin haldið ógrynni af barnatónleikum auk reglulegra sinfóníutónleika og enn fremur jóla- og fjölskyldutónleika hvert ár í byrjun desember sem eru ákaflega vel sóttir af jafnt börnum sem fullorðnum af öllu landinu.

Margir kannast eflaust við Sinfóníuhljómsveit Færeyja frá árlegum nýárstónleikum hennar sem sjónvarpað er inn á hvert heimili í Færeyjum í byrjun janúar og hafa undanfarin ár einnig verið sendir út á RÚV. Þetta er mikill viðburður sem sameinar færeysku þjóðina við að hlýða á klassíska tónlist.

Hluti af hátíðahöldum hljómsveitarinnar vegna 30 ára afmælisins er tónleikaferðin til Íslands. Á efnisskránni eru Enigma-varíasjónirnar eftir Edward Elgar, fyrsti píanókonsert Tsjajkovskís, þar sem rússneski píanóleikarinn Pavel Raykerus leikur einleik, og Veitsla eftir færeyska tónskáldið Sunleif Rasmussen. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson.

Hljómsveitin hefur áður farið í tvær tónleikaferðir, til Noregs og Danmerkur, og er þetta því þriðja ferðin sem nú er farin til frændþjóðarinnar í norðri.

---

†



Bróðir minn,

**GUÐJÓN SVEINBJÖRNSSON**
**áður bóndi í Uppsölum,**
**Grænumörk 2, Selfossi,**

andaðist 11. október á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 25. október kl. 13.30.

**Jóna Marín Sveinbjörnsdóttir**

---

†



Okkar ástkæra

**ELÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**áður til heimilis á Rauðarárstíg 5,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 20. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 28. október kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**systur hinnar látnu.**

---



**ÓSKAR L. ÁGÚSTSSON**
**húsgagnasmíðameistari,**
**Fjölnisvegi 1,**

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 24. október kl. 15.00.

**Auður Lilja Óskarsdóttir**
**Eygló Óskarsdóttir**
**Erla Sólveig Óskarsdóttir**
**Sigurður Ólafsson**
**Ingvar Sveinbjörnsson**
**Þorsteinn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


Haustútsalan
er hafin hjá Graníthöllinni
Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granithollin.is



Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88


---


Legsteinar og fylgihlutir
Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum
Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

†



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SESSELJA GUNNARSDÓTTIR**
**Ofanleiti 15, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 21. október.

**Sævar Magnússon**
**Theodór Magnússon**
**Brynjar Ómar Magnússon**
**Gunnar Magnússon**
**Stefanía Guðmundsdóttir**
**Helga Margrét Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri bróðir, mágur og frændi,

**SIGURBJARNI GUNNAR**
**ÞORBERGSSON**

lést á Hrafnistu í Kópavogi föstudaginn 11. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Aðstandendur vilja senda starfsfólki á deild 5-1 á Hrafnistu í Kópavogi hjartans þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Ingibjörg Þorbergsdóttir**
**Þorbergur Ágúst Þorbergsson**
**Kristín Fjóla Þorbergsdóttir**
**og fjölskyldur.**
**Auðunn Bergsveinsson**
**Lára C. Þorbergsson**

---

†



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**BJÖRGHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR**
**Skjóli,**
**áður Freyjugötu 5, Reykjavík,**

lést aðfaranótt sunnudagsins 20. október á Skjóli. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. október klukkan 15:00.

**Sigríður Sverrisdóttir**
**Eiríkur Egill Sverrisson**
**Erla Sverrisdóttir**
**Svanhvít Sverrisdóttir**
**Ástrós Sverrisdóttir**
**Hlöðver Örn Rafnsson**
**Sigrún Arnarsdóttir**
**Eggert Helgason**
**Albert Klemenzson**
**Sigfús Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RAGNAR GUNNARSSON**
**Vesturbergi 95, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 18. október. Útför verður auglýst síðar.

**Guðrún Markan**
**Árni Ragnarsson**
**Metta Ragnarsdóttir**
**Elísabet Ragnarsdóttir**
**Kristjana H. Jónsdóttir**
**Björn Hróbjartsson**
**barnabörn og barnabarnbörn.**

OYSTER PERPETUAL LADY-DATEJUST PEARLMASTER



ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. október 2013 | 29. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## SKAPANDI GREINAR VELTA HUNDRUÐUM MILLJARÐA

➜ **Heildarvelta skapandi greina var um 190 milljarðar króna árið 2009**

➜ **Sama ár voru útflutningstekjur greinanna um 24 milljarðar króna**

➜ **Félagar í Samtökum skapandi greina segja mikilvægi greinanna oft vanmetið**

**SÍÐA 4**

## Kaupmáttur jókst um 0,4%

Kaupmáttur launa jókst um 0,4 prósent milli ágúst og september samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Þá kemur fram í tölum Hagstofunnar að vísitala launa hafi verið 465 stig í september, sem er 0,7 prósenta hækkun frá fyrra mánuði. Í umfjöllun greiningar Íslandsbanka segir að hækkunin milli mánaða sé sú mesta síðan í mars, þegar áhrifa kjarasamninga gætti síðast í launum. Í tölum Hagstofunnar kemur jafnframt fram að síðastliðna tólf mánuði hafi launavísitalan hækkað um 5,9 prósent, en á sama tíma hafi vísitala kaupmáttar hækkað um 1,9 prósent.

## Iceland Foods notar Benz

Breska verslanakeðjan Iceland Foods skiptir öllum heimsendingarbílaflota sínum yfir í Mercedes Benz Sprinter-vöruflutningabíla, að því er fram kemur í frétt LogisticsManager.com. Alls verður um 1.300 vöruflutningabílum skipt, en nýju bílarnir verða með sérstaka hitastýringu í flutningsrými. Fram kemur að yfir 300 nýir bílar verði komnir á göturnar fyrir lok þessa árs.



Hluti af samkomulagi Iceland Foods við Mercedes Benz er að bílaframleiðandinn styrkir Gæðamiðstöð þar sem starfsfólk fær sérstaka þjálfun í tengslum við breytinguna. **- óká**

## Hlutabréf í Netflix hækkuðu

Hlutabréf í bandarísku streymisveitunni Netflix hækkuðu um tæp tíu prósent á mánudag þegar fyrirtækið birti afkomutölur sínar fyrir þriðja ársfjórðung.

Afkomutölurnar sýna að Netflix hagnaðist um 32 milljónir dala á ársfjórðungnum, eða um 3,8 milljarða íslenskra króna. Hagnaður fyrirtækisins var á sama tíma í fyrra um ellefu milljónir dala, eða um 1,4 milljarðar íslenskra króna.

Áskrifendum Netflix fjölgaði úr þrjátíu milljónum á síðasta ári í fjörutíu milljónir á þessu ári. **- hg**


Getum við
bætt reksturinn?

Advania hefur þróað fjölda snjalllausna fyrir atvinnulífið sem styðjast við Android, Apple iOS og Windows stýrikerfin. Við færum fyrirtækjum ávinning af hagnýtingu snjalltækja.




Starfsmenn snjalllausna Advania eru til þjónustu reiðubúnir í síma 440 9000.
Nánari upplýsingar má finna á www.advania.is/app

advania
Welcome to IT

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**8** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**3** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**2** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
ICELANDAIR
**94,6%** frá áramótum
BANK NORDIC
**3,6%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
NÝHERJI
**-25,2%** frá áramótum
MAREL
**5,8%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 164,50 | 36,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 155,00 | -15,8% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 133,00 | 29,1% | 6,4% |
| Eimskipafélag Íslands | 226,50 | -1,5% | -0,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 27,25 | -16,3% | 1,7% |
| Hagar | 34,20 | 50,3% | 1,5% |
| Icelandair Group | 16,00 | 94,6% | 3,6% |
| Marel | 122,00 | -13,2% | -5,8% |
| Nýherji | 3,03 | -25,2% | 0,0% |
| Reginn | 13,48 | 22,5% | 1,4% |
| Tryggingamiðstöðin* | 30,10 | 12,7% | 0,3% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 11,07 | 20,1% | 1,2% |
| Össur | 189,00 | -2,6% | -0,4% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1140,90 | 7,7% | -0,9% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 12,15 | 29,3% | 0,0% |
| HB Grandi | 16,20 | 8,0% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 13,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Nýskráning bifreiða – mánaðarlegar tölur



Heimild: Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands birtir tölur um nýskráningar bifreiða mánaðarlega. Eins og sést á myndinni náðu mánaðarlegar skráningar hámarki í júní 2005 en lágmarki í desember 2008. Nýskráningar bifreiða voru þá aðeins 77 talsins. Nýskráningar eru fæstar í desember mánuði en flestar í júní ár hvert. Frá 2009 hefur nýskráningum bifreiða fjölgað töluvert samvæmt myndinni.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 23. október**
- Marel – Uppgjör 3. ársfjórðungs
- Vinnumarkaðsrannsókn september 2013
- Össur – Uppgjör 3. ársfjórðungs

**Fimmtudagur 24. október**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í september

**Föstudagur 25. október**
- Vísitala neysluverðs í október 2013
- Útgáfudagur Hagvísa SÍ

**Mánudagur 28. október**
- Vísitala framleiðsluverðs í september 2013

**Miðvikudagur 30. október**
- Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2013
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í september 2013
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á*

Hækkar ræstikostnaður um 44% hjá þér 1. desember?

Hafðu samband við okkur í síma **581 4000** eða kíktu á **www.solarehf.is** og kynntu þér lausnir okkar.




Atvinnuleysi í Bandaríkjunum var 7,2 prósent í september:

# Störfum fjölgaði um 148 þúsund

Störfum í Bandaríkjunum fjölgaði um 148 þúsund í september síðastliðnum. Atvinnuleysi í landinu var 7,2 prósent í september en það var 7,3 prósent í ágúst.

Bandarískir hagfræðingar höfðu áður spáð að störfum í Bandaríkjunum myndi fjölga um 180 þúsund og því var aukningin talsvert minni en spáð var.

Frá þessu var greint á fréttavefsíðu BBC.

Þar segir að lokun ríkisstofnana í Bandaríkjunum hafi tafið fyrir útgáfu gagna um atvinnuleysi. Ríkisstarfsmenn hjá Vinnumálastofnun Bandaríkjanna voru sendir í launalaust leyfi á meðan á lokun ríkisstofnananna stóð sem vekur upp efasemdir um að stofnunin geti safnað áreiðanlegum gögnum um októbermánuð. -ue



**NEW YORK** Lokun ríkisstofnana hafði áhrif á útgáfu gagna um atvinnuleysi. NORDICPHOTOS/AFP

# Spá því að álverð hækki á næsta ári

***Álverð hefur lækkað um fjórtán prósentustig frá janúar á þessu ári. Miklar álbirgðir og umframframleiðsla halda verðinu lágu. Langtímaspár gera ráð fyrir hóflegum verðhækkunum á áli.***

**STÓRIÐJA**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Heimsmarkaðsverð á áli lækkaði í byrjun október um fjórtán prósentustig frá janúarmánuði þessa árs.

„Miklar álbirgðir og áframhaldandi umframframleiðsla áls gera það að verkum að ólíklegt er að álverð hækki á næstu mánuðum,“ segir Sigurður Ottó Þorvarðarson hjá IFS-greiningu en fyrirtækið birtir reglulega umfjöllin um ástandið á álmörkuðum.



**PÉTUR BLÖNDAL**

Í síðustu umfjöllun fyrirtækisins segir að umframframboð á áli hafi á fyrstu sjö mánuðum ársins verið 773 þúsund tonn, samanborið við 506 þúsund tonn árið 2012. Til samanburðar er samanlögð framleiðslugeta íslensku álveranna þriggja um 815 þúsund tonn.

Seðlabanki Íslands og viðskiptablaðið Wall Street Journal birtu nýverið hvort sína spána um þróun álverðs. Þar er því í báðum tilvikum spáð að álverð eigi eftir að hækka á næsta ári. Wall Street Journal spáir einnig að eftirspurn eftir málminum eigi eftir að aukast.

„Í síðustu spá CRU, sem er helsti greiningaraðilinn í áliðnaðinum, er spáð hóflegum verðhækkunum á áli á tímabilinu 2013 til 2017,“ segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls – Samtaka álframleiðenda á Íslandi.

„Það kemur einnig fram í spá CRU að það verði umframeftirspurn eftir áli í heiminum, að Kína frátöldu, sem þýðir að álbirgðir munu minnka. Kína hefur ekki verið að flytja út til annarra landa sem neinu nemur og ekki er útlit fyrir að það sé að breytast. Hins vegar eru ýmsir þættir sem halda aftur af verðhækkunum og því er spurning hversu verulegar þessar hækkanir verða,“ segir Pétur.

Lágt álverð hefur skiljanlega áhrif á rekstur íslensku álveranna. Tvö þeirra, álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík og álver Norðuráls á Grundartanga, standa nú bæði í kostnaðarsömum fjárfestingarverkefnum.

Álverið í Straumsvík vinnur nú að því að auka framleiðslugetu sína úr 190 þúsund tonnum í 205 þúsund tonn. Norðurál hóf nýverið fimm ára fjárfestingarverkefni þar sem markmiðið er meðal annars að auka framleiðslugetu álversins um allt að fimmtíu þúsund tonn af áli á ári. Í tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í síðustu viku segir að heildarkostnaður við verkefnið verði á annan tug milljarða íslenskra króna.

**Þróun álverðs frá janúar 2010 til október 2013**



*Heimild: Bloomberg (London Metal Exchange)*

Seðlabankinn birti yfirlýsingu varðandi uppgjör Glitnis og Kaupþings:

# Ekkert ákveðið um Bingó-áætlun

Seðlabankinn birti í gær yfirlýsingu á heimasíðu sinni þar sem bankinn neitar að hafa sett fram kröfur varðandi uppgjör í tengslum við slit Glitnis og Kaupþings.

Morgunblaðið sagði í gær frá því að Seðlabankinn ynni eftir áætlun, sem gengi undir vinnuheitinu Bingó, sem gerði ráð fyrir því að nauðasamningar Glitnis og Kaupþings verði aldrei samþykktir nema ef 400 milljarða krónueignir þrotabúanna fáist keyptar með 75 prósenta afslætti.

Í yfirlýsingu Seðlabankans kemur fram að ýmsar hugmyndir um leiðir til að gera upp bú Glitnis og Kaupþings hafi verið til skoðunar innan bankans

„Engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessu sambandi og Seðlabankinn getur því ekki tjáð sig um einstakar hugmyndir sem kunna eða kunna ekki að hafa verið viðraðar um lausn málsins. Einnig ber að undirstrika að losun fjármagnshafta er verkefni sem unnið hefur verið í samvinnu ríkisstjórnar og Seðlabankans og Seðlabankinn mun engu hrinda í framkvæmd hvað þetta varðar nema í samráði við fulltrúa hennar, segir í yfirlýsingu bankans. - hg



**SEÐLABANKINN** Ýmsar hugmyndir um leiðir til að gera upp bú Glitnis og Kaupþings hafa verið til skoðunar innan Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





## Reitir hjálpa þínum vinnustað að þróast

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Fjölbreytt eignasafn Reita gefur þínum vinnustað tækifæri til að þróast, hvort sem þú vilt stækka við þig eða grípa ný tækifæri í rekstri með endurhönnun húsnæðis. Þannig geta þú og þínir átt góðan vinnustað.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

# ÞÝSKIR & ÞRÆLGÓÐIR



Support
28.900,-



Sitness
heilsu-
kollur
39.900,-



Top Point
44.900,-



Event
22.500,-



Open
Point
45.900,-



Alu Basic
53.800,-



Profi Star
129.900,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ
Sími 564 5040
www.hirzlan.is








**FJÖLBREYTILEIKI** Skapandi greinar eru einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar samkvæmt skýrslu um hagræn áhrif þeirra sem kom út vorið 2011.

# Segja að mikilvægi skapandi greina sé oft vanmetið

***Heildarvelta skapandi greina hér á landi var um 190 milljarðar króna árið 2009. Sama ár skiluðu þær 24 milljörðum í útflutningstekjur. Félagar úr Samtökum skapandi greina segja fyrirhugaðan niðurskurð í nýju fjárlagafrumvarpi hafa komið þeim í opna skjöldu.***

**VIÐTAL**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Skapandi greinar eins og bókaútgáfa, myndlist og kvikmyndagerð vilja oft gleymast þegar talað er um arðvænlegar og mikilvægar atvinnugreinar í íslenska hagkerfinu.

Í maí 2011 var kynnt skýrsla sem unnin var af stjórnvöldum og samráðsvettvangi skapandi greina um efnahagsleg áhrif greinanna. Samkvæmt henni var heildarvelta þeirra um 190 milljarðar króna árið 2009. Sama ár voru útflutningstekjur greinanna um 24 milljarðar króna, eða um þrjú prósent af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar.

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, og Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, segja Íslendinga oft eiga erfitt með að skilja mikilvægi skapandi greina og að boðaður niðurskurður í opinberum fjárveitingum til greinanna hafi komið þeim í opna skjöldu.

### Greinarnar orðnar sýnilegri

„Þetta eru greinar sem hafa verið mjög áberandi á síðustu fimm árum eða frá efnahagshruninu. Þá förum við Íslendingar að fara oftar í leikhús, á tónleika og að sjá íslenskar kvikmyndir. Þess vegna er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að greinarnar eru mjög mikilvægar fyrir verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi til lengri tíma,“ segir Halla.

Hún og Laufey benda á að smærri fyrirtæki eins og leikhópurinn Vesturport og kvikmyndaframleiðslufyrirtæki Baltasars Kormáks, Sögn, hafi að undanförnu aukið umsvif sín, bæði hér á landi og erlendis.

„Ég held að fáir hefðu trúað því fyrir tíu árum að íslensk leiklist gæti orðið að útflutningsvöru eins og hefur gerst í tilviki Vesturports,“ segir Laufey.

„Svo eru einnig önnur fyrirtæki úr skapandi greinum sem eru orðin stór og vaxandi fyrirtæki,“ segir Halla og nefnir sem dæmi Sagafilm, CCP og Íslensku auglýsingastofuna.

## FÉLAGAR Í SAMTÖKUM SKAPANDI GREINA

**Samtónn – Samtök tónlistarrétthafa**
**Íslensk tónverkamiðstöð**
**Kvikmyndamiðstöð Íslands**
**Leiklistarsamband Íslands**
**KÍM – Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar**
**Miðstöð íslenskra bókmennta**
**Hönnunarmiðstöð Íslands**
**Samtök tölvuleikjaframleiðenda**



„Vöxtur skapandi greina er langhlaup.

*Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.*



„Ísland er meðal annars komið á kortið vegna þessara greina.

*Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.*

„Hér á landi eru einnig mörg stór fyrirtæki, eins og stoðtækjaframleiðandinn Össur, sem treysta á framlag hönnuða og þeirra listrænu sýn og forystu,“ bætir Laufey við.

### Aðlaðandi fyrir ungt fólk

„Skapandi greinar þykja aðlaðandi fyrir ungt fólk og í Evrópu og öðrum heimsálfum vita menn að þetta eru vaxandi greinar og fjárfesta í þeim sem slíkum. Þessar greinar hafa mikið að segja varðandi ferðamennsku og það er margir hér á landi sem mennta sig innan þeirra. Því þurfum við að tryggja að þetta fólk fái góð störf og geti í framtíðinni nýst okkar samfélagi,“ segir Halla.

Hún bætir því við að sér þyki Íslendingar oft eiga erfitt með að skilja mikilvægi skapandi greina.

„Við skiljum byggingarlist, bókaútgáfu og vægi kvikmyndagerðar en þegar kemur að greinum eins og vöruhönnun eða fatahönnun þá eru það miklu yngri og ómótaðri greinar hér á landi.“

Þegar tal berst að einstökum greinum sem hafa verið talsvert til umfjöllunar í fjölmiðlum upp á síðkastið nefnir Halla að íslensk kvikmyndagerð sé gott dæmi um mikla grósku innan skapandi greina.

„Kvikmyndagerð sameinar flestar greinarnar því þar eru innanborðs rithöfundar, leikarar, búningahönnuðir og aðrir. Fyrir nokkrum árum tóku þáverandi stjórnvöld ákvörðun um að fjárfesta í Kvikmyndasjóði og í kjölfarið vorum við komin með öflugan bransa sem veitir erlendum fyrirtækjum þjónustu,“ segir Halla.

„Íslensk kvikmyndagerð byggði grunninn sem var nauðsynlegur til að hingað gætu komið erlend stórfyrirtæki. Í öðrum greinum eins og fatahönnun er þessi grunnur enn í mótun og því er svo mikilvægt að þessar greinar fái áframhaldandi fjármagn frá hinu opinbera,“ segir Laufey.

### Segja niðurskurðinn mikið högg

„Þessar greinar urðu sterkari og sýnilegri á erfiðum tímum og því finnst mér skjóta skökku við að nú þegar farið er að sjást í land eigi að fara í niðurskurð á framlagi ríkisins til þessara greina,“ segir Halla og vísar í fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir töluverðum niðurskurði í opinberum fjárveitingum til skapandi greina, þar á meðal til kvikmyndagerðar og myndlistar.

„Með þessum niðurskurði er hætta á að sú gerjun sem hefur átt sér stað hér á síðustu árum falli niður og þá verðmætaskópunin sem henni fylgir,“ segir Laufey.

Halla og Laufey segja tvær síðustu ríkisstjórnir hafa lagt aukna áherslu á að treysta grundvöll skapandi greina.

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lagði á síðasta ári fram fjárfestingaráætlun sem átti meðal annars að leggja áherslu á uppbyggingu ákveðinna verkefnasjóða innan skapandi greina. Áætlunin átti að vera fjármögnuð með veiðileyfagjöldum og arðgreiðslum af eignarhluta ríkisins í viðskiptabönkum eða sölu á þeim eignarhlutum.

„Fyrri ríkisstjórn ákvað að fjárfesta í skapandi greinum til að flýta fyrir framþróun innan þessara greina. Núverandi ríkisstjórn strikar þessa fjárfestingaráætlun út. Við teljum að málið sé ekki svona einfalt og að það þurfi að skoða ávinninginn af þessum greinum og samhengið þar í kring. Því trúum við því að stjórnvöld endurskoði þessa ákvörðun,“ segir Halla.

### Útflutningur á okkar menningu

Halla og Laufey segja einnig að menningarlegur og samfélagslegur ávinningur skapandi greina eigi til með að gleymast.

„Ísland er meðal annars komið á kortið vegna þessara greina. Bókmenntirnar eru orðnar alvöru útflutningsvara og bækur rithöfunda eins og Guðbergs Bergssonar og Hallgríms Helgasonar eru seldar í bókabúðum víðs vegar um heim. Þetta er útflutningur á okkar menningu og lífsgildum og hann smitar út frá sér og á stóran þátt í því að ferðamenn koma hingað,“ segir Laufey.

„Vöxtur skapandi greina er langhlaup. Allir stjórnmálaflokkarnir töluðu um skapandi greinar í kosningabaráttunni en í kosningabaráttunni fyrir fjórum árum síðan talaði enginn um þær,“ segir Halla.

„Ég held að íslenskir listamenn og menningarlífið hér hafi algjörlega staðist áskoranir síðustu ára og það sést best á aukinni umfjöllun út á við,“ segir Laufey að lokum.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## DOLLY PARTON Á FERÐ UM EVRÓPU

**Söngstjarnan Dolly Parton verður 68 ára í janúar en hún hefur boðað tónleikaferð um Evrópu næsta sumar. Meðal annars verður hún í Ósló hinn 9. júlí. Eitt frægasta lag hennar er I Will Always Love You sem Whitney Houston gerði heimsfrægt í myndinni The Bodyguard.**


STÆKKUNAR-GLERSLAMPAR



Amma mús – handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavík
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

OLANG
FYRIR DÖMUR OG HERRA
Verð:24.000.-
OC ICE GRIP SYSTEM



NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM
Parísar TÍZKAN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR



hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 25. október



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




# HARÐKORNADEKK ERU SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

**HARÐKORNADEKK EHF. KYNNIR** *Harðkornadekk koma betur út í mælingum en nagladekk og ónegld vetrardekk og eru því öruggari, en einnig umhverfisvænni og ódýrari.*

Þróun fyrirtækjarekstrar á undanförnum árum hefur nokkuð snúist frá því að láta einvörðungu gott af sér leiða á sviði líknar- og góðgerðarmála yfir í að sýna í verki sátt og samlyndi við menn og náttúru og gera það með þeim hætti að eftir er tekið. Framleiðsla og notkun harðkornadekkja gerir það með margvíslegum hætti. Fyrst mætti nefna að vafalítið er leitun að vöru sem stuðlar með jafn áberandi hætti að aukinni sjálfbærni eins og að endurnýta dekk. Í annan stað mun notkun harðkornadekkja draga úr notkun nagladekkja sem þýðir minna svifryk, sem nýlegar rannsóknir sýna að er enn meira heilsuspillandi en áður var talið.

### VILJA REISA HARÐKORNADEKKJA-VERKSMIÐJU HÉRLENDIS

Helgi Geirharðsson og Kristinn R. Sigurðsson standa að þróun, innflutningi og sölu harðkornadekkja, en Helgi hefur unnið ötullega í á annan áratug að framgangi harðkornadekkja hér á landi svo losna megi við þær slæmu afleiðingar sem hljótast af mikilli nagladekkjanotkun. Spurðir um næstu skref þeirra í þessari sjálfskipuðu herför svöruðu þeir: „Hugmynd okkar, sem stöndum að þessum innflutningi í dag, er að innan nokkurra ára skapist þær forsendur sem réttlæti að reisa harðkornadekkjaverksmiðju hér á landi. Slík verksmiðja ætti að skapa allt að tíu störf og spara yfir 300 milljónir í gjaldeyri á hverju ári. Spurning er hvort slíkt verkefni flokkist undir samfélagslega ábyrgð, en ávinningurinn fyrir þjóðfélagið er augljós."

En skiptir þetta einhverju máli og er hægt að gefa dæmi um hvaða áhrif það hefur ef 100 bílar skipta frá nöglum yfir í harðkornadekk? „Já, þetta skiptir ótrúlega miklu máli. Árið 2001 var Landsíminn með 90 fólksbifreiðar á harðkornadekkjum sem áður höfðu verið á nagladekkjum. Forsvarsmenn Landsímans reiknuðu út að við þessa einföldu ráðstöfun spöruðust um 18 tonn af malbiki yfir vetrarmánuðina og má ætla að af því hafi nálægt eitt tonn verið svifryk. Fyrir borgaryfirvöld er því augljóslega um að ræða mikinn sparnað í viðhaldi gatna en miklu þyngra vega meiri loftgæði sem leiða til betri heilsu borgarbúa. Aukakostnað vegna 100 bíla sem aka á nagladekkjum, vegna viðhalds gatna, má gróflega áætla eina milljón króna á ári."

### TALSVERT ÖRUGGARI EN NAGLADEKK

Er þetta ekki óöruggara í umferðinni? „Nei, það er langur vegur frá því. Fyrir nokkrum árum framkvæmdi sænska vegamálastofnunin (VTI) samanburðarpróf á harðkornadekkjum og bestu vetrardekkjum sem þá voru á markaðnum. Athugað var við aðstæður sem eru algengustu hættulegu skilyrðin hér á höfuðborgarsvæðinu, það er við frostmark. Harðkornadekkin komu betur út en nagladekk ef notaðar voru ABS-bremsur og miklu betur út en þekkt vörumerki í dekkjageiranum. Í beygju- og bremsuprófi munaði 32% og 36% á virkni harðkornadekkja og þess dekks sem stóð sig næstbest. Þá má einnig nefna að starfshópur á vegum samgönguráðs komst að þeirri niðurstöðu í október 2009 að harðkornadekk væru betri til vetraraksturs en önnur vetrardekk. Í ályktun hópsins var gengið svo langt að lagt var til að með markvissum áróðri og fræðslu kæmu harðkornadekk alfarið í stað nagladekkja."

### HEILSAN OG BUDDAN HAGNAST

Er þetta ekki dýrara fyrir bílaeigendur? „Þrátt fyrir niðurstöður rannsóknar og álit starfshópsins, sem vísað er í hér að framan, um gæði harðkornadekkja fram yfir önnur vetrardekk, þá eru harðkornadekk lítið dýrari en ódýrustu dekkin en miklu ódýrari en dýrustu vörumerkin. Á heimasíðu okkar, www.hardkornadekk.is er að finna upplýsingar um verð og stærðir sem við getum útvegað ásamt margvíslegum fróðleik um dekkin. Ef hugsað er um þann þjóðhagslega sparnað sem fæst af fækkun nagladekkja vegna tilkomu harðkornadekkja, má færa fyrir því góð rök að harðkornadekk séu langódýrustu dekkin á markaðnum, sögðu þeir Helgi og Kristinn að lokum."

**HARÐKORNADEKK** Kristinn R. Sigurðsson og Helgi Geirharðsson mæla með harðkornadekkjum fyrir íslenskan vetur.



# DEMANTAR Á LITRÍKU HAUSTLAUFI

**HAUSTLITIR** *Haustið eru uppáhaldstími ljósmyndara en þá skartar náttúran sínum fegurstu litum. Ekki þarf að leita langt til að finna fallega staði.*

Náttúra landsins skartar sínum fegurstu litum yfir haustmánuðina. Þessi árstími er í miklu uppáhaldi hjá mögum ljósmyndurum sem nota hvert tækifæri til að taka fallegar myndir áður en grár og hvítur veturinn tekur völdin.

Ellert Grétarsson náttúruljósmyndari er einn þeirra sem ferðast mikið fótgangandi um náttúru Íslands og hefur meðal annars ljósmyndað náttúruperlur Reykjanesskagans. „Haustið er yndislegur og fallegur árstími, ekki bara vegna litanna heldur verður birtan oft líka svo falleg. Haustlægðirnar bjóða einnig upp á ýmis tilbrigði og dramatísk birtan leikur um skýjabólstrana eins og á gömlu meistaramálverki. Eftir uppstyttuna glóir döggin eins og demantar á litríku haustlaufinu og allt verður svo tært.“

Þótt haustlitirnir séu í uppáhaldi hjá mörgum ljósmyndurum hafa allar árstíðir sinn sjarma að sögn Ellerts. „Það er alltaf veður til að taka myndir. Vetrarstormurinn og hríðarbylurinn getur líka falið í sér dramatíska stemningu sem er gaman en jafnframt krefjandi að ljósmynda. Sömuleiðis þokan sem sveipar landslagið dulúð eða drungalegir skýjabakkarnir.“

Þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref í áhugaljósmyndun ættu að skoða haustlitina á Þingvöllum og í Heiðmörk, þar er óþrjótandi uppspretta myndefnis. „Fyrir þá sem vilja kanna aðrar slóðir mæli ég með Botnsdal í Hvalfirði og einnig Gjánni í Þjórsárdal en þar er guðdómlega falleg náttúra, jafnt sumar sem haust.“

Byrjendur þurfa ekki að eiga dýrar vélar að sögn Ellerts enda verða myndir ekkert betri þótt viðkomandi eigi fullkomnustu myndavélina og dýrustu linsuna. „Maður verður fyrst og fremst að hafa auga fyrir því sem maður er að gera og það er hægt að þjálfa með sér. Það getur verið gott að fara á námskeið til að koma sér af stað en einnig er á netinu aragrúi fræðsluefnis, til dæmis myndbönd á YouTube sem gagnast mörgum.“

■ starri@365.is



**LITADÝRÐ** Gjáin í Þjórsárdal í gullfallegum haustlitum. MYND/ELLERT GRÉTARSSON



**NÁTTÚRU-LJÓSMYNDARINN** Allar árstíðir hafa sinn sjarma að sögn Ellerts Grétarssonar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# TVO MÁNUÐI Á LEIÐ UPP EVEREST

**ÆVINTÝRI** *Leifur Örn Svavarsson kleif á topp Everest í maí. Í kvöld verður hann með fyrirlestur um ferðina í Háskólabíói en einnig segir Vilborg Arna Gissurardóttir pólfari frá sinni reynslu.*

Leifur Örn segir að hann muni fjalla um Everest-ferðina í máli og myndum en hann dvaldi í tvo mánuði í Tíbet, fór norðanmegin á fjallið og komst á toppinn 23. maí. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem fer þessa leið á fjallið sem er mun erfiðari en suðurhliðin. „Það eru fráleitt hentugar aðstæður á þessum slóðum og það tekur langan tíma að aðlagast þunna loftinu sem þarna er,“ útskýrir hann. „Það er gert með því að færa sig hægt og rólega upp fjallið og jafna sig á milli.“

Leifur fór til Katmandú í Nepal en þaðan var farin landleiðin til Tíbet. „Kínverjar ráða Tíbet og það getur verið erfitt að komast yfir landamærin. Á leiðinni að grunnbúðunum þarf síðan að stoppa, hvíla sig í þorpum og aðlagast loftslaginu,“ segir Leifur enn fremur.

Leifur er leiðsögumaður hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og hefur stundað fjallgöngur í marga áratugi. „Ég er búinn að fara á alla helstu heimsálfutindana og suma oftar en einu sinni. Einnig hef ég klifið nágrannafjall Everest, Cho Oyu, sem er sjötta hæsta fjall í heimi, 8.201 metri yfir sjávarmáli. Þangað fór ég árið 2007. Það er langtímaákvörðun að klífa Everest og langan tíma tekur að undirbúa slíka ferð,“ segir Leifur. „Þetta er líklegast merkilegasta, eftirminnilegasta og erfiðasta fjallaferð sem ég hef farið í,“ viðurkennir hann. Á undan Leifi höfðu þrír Íslendingar klifið Everest en þeir fóru allir á fjallið að sunnanverðu. Vilborg Arna hefur ákveðið að klífa Everest næsta vor og er að undirbúa það ferðalag. „Við ætlum saman á hæsta fjall í S-Ameríku í janúar en sú ferð er opin öllum sem áhuga hafa á að koma með. Það er mikill og vaxandi áhugi hér á landi á fjallaferðum.“

Fyrirlesturinn er opinn öllum sem áhuga hafa á fjallamennsku og útivist og hefst kl. 20 í Háskólabíói.



**Á LEIÐ Á TOPPINN** Leifur hvílir sig áður en haldið er áfram upp í efri grunnbúðir.















**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MIÐVIKUDAGUR 23. OKTÓBER
21. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



## FJÖR Í BEINNI

Gummi Ben gefur allt í knattspyrnulýsingarnar.




## BARCELONA-REAL MADRID

Einn stærsti fótboltaleikur ársins fer fram um helgina.



## KOLLA OG MEÐVIRKNI

Meðvirkni á ekkert skylt við góðmennsku.



# DREGUR TIL TÍÐINDA

## STÖÐ 2 SÝNIR ÞRIÐJU ÞÁTTARÖÐ VERÐLAUNAÞÁTTANNA HOMELAND

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

**ÓMISSANDI Í VIKUNNI**




**HEIMSÓKN**
**Miðvikudag kl. 20.05**



**THE BLACKLIST**
**Fimmtudag kl. 21.10**



**HELLO LADIES**
**Föstudag kl. 20.35**



**SPAUGSTOFAN**
**Laugardag kl. 19.30**




**ÁSTRÍÐUR**
**Sunnudag kl. 20.45**



**THE AMERICANS**
**Mánudag kl. 21.55**



**HOW I MET YOUR MOTHER**
**Þriðjudag kl. 20.50**

# NÆST **BESTA STARF Í HEIMI**

Það er iðulega líf og fjör í beinum sjónvarpsútsendingum **Guðmundar Benediktssonar,** íþróttafréttamanns á Stöð 2 Sporti. Hann segir starfið vera það næstskemmtilegasta í heiminum, á eftir því að spila fótbolta.

Íþróttafréttamaðurinn Guðmundur Benediktsson hefur vakið mikla athygli fyrir skemmtilegar og líflegar lýsingar sínar frá fótboltaleikjum. Guðmundur fór gjörsamlega á kostum í tveimur síðustu landsleikjum Íslendinga gegn Kýpur og Noregi. „Þegar svona mikið er í húfi man ég varla eftir leikinn hvað ég sagði í öllum æsingnum, maður gleymir alveg stund og stað. Það eru auðvitað mikil forréttindi að stunda svona starf. Þetta er næst skemmtilegasta starf í heimi, á eftir því að spila sjálfur.“

Guðmundur hóf störf sem íþróttafréttamaður sumarið 2007 og hefur upplifað marga spennandi leiki. „Eftirminnilegustu leikirnir eru þeir þar sem allt er undir, eins og í síðustu tveimur leikjum landsliðsins. Einnig mætti nefna úrslitaleikinn í Meistaradeildinni síðasta vor þegar þýsku liðin Dortmund og Bayern mættust á Wembley. Lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar vorið 2012 var líka ógleymanleg en þá tryggðu leikmenn Manchester City sér titilinn á lokasekúndunum.“

Stemningin á leikjum erlendis er oft frábær, ekki síst á Englandi þaðan sem Guðmundur hefur lýst nokkrum leikjum undanfarin ár. „Áhorfendur skynja það vel heima í stofu þegar maður er staddur á vellinum sjálfum. Tilfinningin er einhvern veginn önnur enda sé ég meira af vellinum en áhorfendur af skjánum. Síðan er stemningin allt önnur erlendis enda oft tugir þúsunda áhorfenda á leikjum. En það er líka sterkari knattspyrnuhefð í mörgum löndum, þá sérstaklega Englandi, þar sem laugardagurinn er heilagur dagur fyrir marga. Allir vita hvað þeir gera þann daginn, þeir fara á völlinn og styðja liðið sitt, sama hvernig viðrar eða hvar liðið er statt í deildinni.“

Sérstakur aðdáendaklúbbur var stofnaður um Guðmund á Facebook árið 2009. Rúmlega 5.200 manns fylgja síðunni en sjálfur fylgist hann ekki með henni þar sem hann er ekki skráður notandi á Facebook. „Mér var bent á þessa síðu í vinnunni og gef þessum aðila bara prik fyrir gott starf.“

Margir spennandi leikir verða sýndir í beinni útsendingu á næstu vikum á Stöð 2 Sporti. Þar má meðal annars nefna Chelsea–Manchester City 27. október, Arsenal–Liverpool 2. nóvember og stórleik í spænsku deildinni milli stórveldanna tveggja, Barcelona og Real Madrid, sem fer fram 26. október.



„Eftirminnilegustu leikirnir eru þeir þar sem allt er undir,“ segir Guðmundur Benediktsson, íþróttafréttamaður hjá Stöð 2 Sporti. MYND/DANÍEL

# STELA NÝJU STJÖRNURNAR SENUNNI Í EL CLASICO?

SPORT
**EL CLASICO**
**Kl. 15.50 laugardag**

**Einn stærsti fótboltaleikur ársins fer fram um helgina þegar Barcelona og Real Madrid mætast í spænsku úrvalsdeildinni. Tveir af bestu leikmönnum heims, Neymar og Gareth Bale, taka nú þátt í El Clasico í fyrsta sinn. Leikurinn verður sýndur beint á Stöð 2 Sporti og hefst útsending klukkan 15.50.**

Það er mikil spenna fyrir leikinn á Camp Nou á laugardaginn. Börsungar tróna á toppi deildarinnar með 25 stig eftir níu leiki en Real Madrid er í þriðja sæti með 22 stig. Það er ávallt heitt í kolunum þegar þessir fornu fjendur mætast og má búast við miklu fjöri. Bæði lið munu stilla upp sínum sterkustu leikmönnum og sem fyrr verður mikil athygli á stórstjörnunum Lionel Messi hjá Barcelona og Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid. Þeir verða þó ekki einir um sviðsljósið því bæði félög bættu við sig frábærum leikmönnum í sumar. Brasilíumaðurinn Neymar gekk til liðs við Barcelona frá Santos fyrir 57 milljónir evra en Real Madrid svaraði með því að kaupa Gareth Bale frá Tottenham fyrir 100 milljónir evra sem er hæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir knattspyrnumann. Núna mætast þeir í fyrsta sinn í El Clasico og fótboltaáhugamenn um víða veröld munu fylgjast grannt með.






# SVEITASÖNGKONA MEÐ STÍL



**NASHVILLE**
**Kl. 20.30 mánudag**

Leikkonan Hayden Leslie Panettiere, sem fer með hlutverk Juliette Barnes í hinum vinsælu sjónvarpsþáttunum Nashville, tilkynnti trúlofun sína og hnefaleikakappans, Wladimirs Klitschko, fyrir nokkrum dögum. Athygli vekur að Hayden er 24 ára en boxarinn, sem er frá Úkraínu, 37 ára. Hayden var stolt þegar hún sýndi fallegan trúlofunarhring í þættinum Good Morning America.

Hayden kom fyrst fram í sjónvarpi ellefu mánaða gömul í auglýsingum fyrir Playskool-leikföng en átta mánaða var hún fyrirsæta fyrir barnafatnað. Á fimmta ári fékk hún fyrsta hlutverk sitt en það var í sápuóperunni One Life to Live. Hún var með í þættinum í þrjú ár. Móðir hennar, Lesley Panettiere, lék einnig í sápuóperum. Síðan tók við hlutverk Lizzie Spaulding í þáttunum Guiding Light en í því hlutverki var hún fram til ársins 2000. Þá starfaði hún við talsetningu á Disney-kvikmyndum.

### Í þekktum þáttum

Hayden fékk loks stórt tækifæri þegar hún landaði hlutverki á móti Denzel Washington í Remember the Titans. Þá lék hún dóttur Tims Allen í gamanmyndinni Joe Somebody og dóttur Ally McBeal í samnefndum þáttum. Einnig lék hún í Malcolm in the Middle og fleiri sjónvarpsþáttum. Þekktust varð hún fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Heroes.

Vegna þess hversu mikið Hayden hafði að gera í leiklistinni sem barn varð æska hennar óvenjuleg. Hún reyndi að lifa venjulegu lífi, stundaði nám í almenningsskóla í New York en skólagangan reyndist erfið vegna frægðar hennar. Eftir að hún lauk áttunda bekk fór hún til S-Afríku til að leika í kvikmyndinni Racing Stripes. Eftir að tökum lauk ákvað hún að sleppa skólanum en ljúka grunnskólanum með leiðbeinanda á ferðalagi um S-Afríku. „Það var lærdómsríkur tími,“ var haft eftir henni. Sextán ára var hún mynduð á næturklúbbi með Paris Hilton og lenti þá á lista yfir barnastjörnur sem eiga erfitt með að fóta sig í samkvæmislífinu.

### Hvalfriðunarsinni

Hayden hefur leikið í mörgum sjónvarpsþáttum og bíómyndum þótt ung sé. Í fyrra tók hún við hlutverkinu í hinum dramatísku þáttum Nashville. Þættirnir fjalla um sveitatónlist og leikur hún þar hæfileikaríka kántrí-söngkonu.

Hayden hefur verið virk í baráttu gegn drápi á hvölum og öðrum sjávardýrum. Hún hefur meðal annars rætt við Barack Obama um verndun sjávardýra. Sveitasöngkona með stíl.



Í Friðheimum í Bláskógabyggð.

# ÁSTARSAGA Á ÞINGEYRI

**SÆLKERAFERÐIN**
**Kl. 20.05 fimmtudaga**

Vala Matt heldur áfram Sælkeraferð sinni um landið en að þessu sinni fer hún í Bláskógabyggð á Suðurlandi og vestur á Þingeyri.
„Í næsta þætti förum við á ævintýralegan veitingastað í miðju gróðurhúsi í Friðheimum í Bláskógabyggð þar sem innréttingarnar eru tómatplöntur á alla vegu og þar fengum við dýrindis kjúklingarétt og grunnurinn er ótrúlega góð sósa gerð úr ferskum tómötum,“ segir Vala og bætir við:
„Og svo förum við á Þingeyri í skemmtilegt kaffihús, Simbahöllina, sem ungt erlent par keypti fyrir 2.500 krónur. Húsið gerðu þau síðan upp, en þau urðu ástfangin á Íslandi, ílentust hér og hafa búið á Þingeyri undanfarin ár. Hér fáum við dýrindis vöfflur og lærum að gera rabarbarasultu sem er alveg einstök. Ástarsaga og ástríða í matargerð. Mjög skemmtilegt.“
Vala hefur fundið ýmsar faldar matarperlur víða um land en áhorfendur geta síðan prófað réttina sjálfir. Uppskriftirnar birtast á visir.is undir sjónvarp.

# GAMAN AÐ LEIKA VONDA GAURINN



**HOSTAGES**
**Kl. 21.15 mánudaga**

Dylan McDermott hefur leikið ýmsa góða gæja í gegnum tíðina, í Steel Magnolias, In the Line of Fire og Miracle on 34th Street. Vondir karlar hafa líka lifnað til lífsins í gegnum hann, til dæmis í Wonderland. Í þáttunum Hostages bregður hann sér í hlutverk vonda mannsins sem FBI-fulltrúinn Duncan Carlisle. „Mér finnst skemmtilegt að fara á milli, leika til skiptis góða og vonda menn. Ég hef þó hitt jafnoka minn í persónu Carlisle því hann fetar mjóa línu milli hins illa og góða. Það er ástæða fyrir því sem hann er að gera. Þó hann geri hræðilega hluti, þá eru þeir ætlaðir til góðs,“ segir McDermott sem heillast af persónu Carlisle. „Það er mjög erfitt að leika hann, því ég þarf að lifa mig inn í erfiðar aðstæður og oft endar það á því að ég er Carlisle stærri hluta dags en ég er Dylan.“
McDermott segir erfitt að losna undan Carlisle eftir að heim er komið. „Ég er aðeins vænisjúkari en venjulega og mun tortryggnari. Líklega er heimurinn aðeins verri en hann var áður,“ segir hann.

**365 MIÐLAR** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Jónas Unnarsson**


5
ára
ÁBYRGÐ
UPPLEVA snjallsjónvörp og hljóðkerfi eru með 5 ára ábyrgð.
109.900,-
UPPLEVA 40" snjallsjónvarp
246.200,-
HEMNES sjónvarpsbekkur m/40" UPPLEVA snjallsjónvarpi og 2.1 UPPLEVA hljóðkerfi
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is


Sígilt og snjallt!
UPPLEVA er einstök vara sem sameinar sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn.
Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu.
Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is
IKEA®




## THE CAMPAIGN
**Kl. 20.40 laugardag**

Bráðfyndin gamanmynd frá 2012 með Will Ferrell og Zach Galifianakis. Þingmaðurinn Cam Brady stefnir á sigur fimmtu kosningarnar í röð, enda hefur hann aldrei haft mótframbjóðanda. Nú stefnir hins vegar í óvænta kosningabaráttu þegar hinn barnalegi Marty Huggins býður sig fram á móti honum.

## KILLER JOE
**Kl. 22.00 laugardag**




Spennumynd frá 2011 með Matthew McConaughey og Emile Hirch í aðalhlutverkum. Ungur maður sem skuldar hættulegum mönnum peninga óttast um líf sitt. Hann ákveður að eina leiðin út úr vandræðunum sé að ráða leigumorðingja til að myrða illkvittna móður sína og fá peninga út úr líftryggingunni.



## MOONRISE KINGDOM
**kl. 21.05 föstudag**

Skemmtileg og óvenjuleg mynd sem hlotið hefur frábæra dóma. Meðal aðalleikara eru Bruce Willis og Edward Norton.

## TRUST
**Kl. 22.40 föstudag**




Spennumynd með Clive Owen og Catherine Keener. Rólegt líf úthverfafjölskyldu breytist í martröð eftir að táningsstúlkan á heimilinu kynnist manni á netinu.

## 10 BÍÓ Á BÍÓ STÖÐINNI

**TOPPMYNDIR**
**Kl. 22.00 alla daga**




**The Messenger**
MÁNUDAG




**Arn**
ÞRIÐJUDAGUR




**The Change-up**
MIÐVIKUDAG




**World's Greatest Dad**
LAUGARDAG




**Contraband**
FIMMTUDAG




**Fast Five**
FÖSTUDAG



**Sherlock Holmes: A Game of Shadows**
SUNNUDAG



### MANDY PATINKIN

leikur Saul Berenson sem í þriðju þáttaröðinni hefur tekið við sem forstjóri CIA. Hann er lærifaðir Carrie og yfirmaður. Mikill vinskapur hefur ríkt þeirra á milli en nú virðist annað uppi á teningnum. Patinkin er bandarískur leikari og tenórsöngvari. Hann er hvað þekktastur fyrir túlkun sína á Inigo Montoya í myndinni The Princess Bride frá 1987. Meðal annarra mynda hans má nefna Alien Nation (1988), Yentl (1983) og Dick Tracy (1990). Hann hefur einnig komið fram í ýmsum sjónvarpsþáttum á borð við Chicago Hope, Dead Like Me og Criminal Minds. Patinkin hefur oft verið tilnefndur til verðlauna og hefur hlotið bæði Tony- og Emmyverðlaun. Hann er þekktur fyrir vinnu sína í söngleikjum bæði í sjónvarpi og á sviði.

### CLAIRE DANES

Claire Danes leikur hina skarpskyggnu en örgeðja Carrie Mathison og hlaut nýverið Emmy-verðlaun annað árið í röð fyrir frammistöðuna. Danes hefur áður hlotið verðlaun fyrir leik sinn sem hin einhverfa Temple Grandin í samnefndri mynd.
Danes er 34 ára og gift leikaranum Hugh Dancy. Hún byrjaði feril sinn sem unglingur í þáttunum My So-Called Life. Hún hefur síðan vakið athygli í kvikmyndum fyrir hlutverk á borð við Júlíu í Romeo + Juliet í leikstjórn Baz Luhrmann, Cosette í Les Misérables og sem Yvaine í Stardust.

# Í LIFANDI MARTRÖÐ

Þriðja þáttaröð mögnuðu spennuþáttanna Homeland er sýnd á Stöð 2 á sunnudögum. Þar fylgjumst við með Carrie Mathieson berjast gegn hryðjuverkasamtökum, eigin geðsjúkdómi og tilfinningum sem hún ber til Nicholas Brody, grunaðs hryðjuverkamanns.



**RUPERT FRIEND**

leikur leyniþjónustumanninn Peter Quinn. Friend er breskur leikari sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Mr. Wickham í kvikmyndinni Pride and Prejudice frá árinu 2005. Hann hefur einnig leikið liðsforingjann Kurt Kotler í The Boy in the Striped Pyjamas og Prince Albert í myndinni The Young Victoria. Friend átti í ástarsambandi við Keiru Knightley í fimm ár.

**DAMIAN LEWIS**

leikur stríðsfangann Nicholas Brody, hermann sem snýst á sveif með óvinum Bandaríkjanna eftir átta ára fangavist en fær síðar bakþanka. Lewis er 42 ára breskur leikari og framleiðandi og hefur hlotið bæði Emmy- og Golden Globe-verðlaun fyrir frammistöðu sína sem Brody. Af öðrum hlutverkum sem Lewis hefur leikið má nefna The Forsyte Saga, Life og Band of Brothers.
Lewis var aðeins sextán ára þegar hann ákvað að gerast leikari. Hann stundaði nám við Guildhall School of Music and Drama en í kjölfarið starfaði hann fyrir Royal Shakespeare Company. Hann hefur þurft að venja sig af breska hreimnum og taka upp bandarískan fyrir hlutverk Brodys. Hann leyfir börnum sínum ekki að horfa á Homeland og þá má þess geta að hann er einlægur Liverpool-aðdáandi.

**HOMELAND**
**Kl. 21.10 sunnudaga**

Þrír þættir hafa þegar verið sýndir af þriðju þáttaröðinni. Í síðasta þætti kom Brody loksins aftur til sögunnar en ekkert hafði til hans frést í tveimur fyrstu þáttunum. Þar situr hann fastur í niðurníddu háhýsi í Venesúela, sem kallast Tower of David, innan um fátæklinga og glæpamenn sem meina honum útgöngu. Á meðan er Carrie föst á geðsjúkrahúsi þar sem henni virðast allir vegir lokaðir. Hún er ævareið út í vin sinn Saul Berenson sem sveik hana og neyddi hana á sjúkrahúsið. Saul þarf aftur á móti að taka erfiðar ákvarðanir sem forstjóri CIA. Öll virðast þau föst í eigin martröð.

Þriðja þáttaröð Homeland hefur fengið gagnrýni fyrir hægan söguþráð en áhorfendur þurfa ekki að örvænta því brátt flækist söguþráðurinn og ýmsar samsæriskenningar koma í ljós.

Homeland hefur unnið til fjölda verðlauna. Hlaut til dæmis Emmy-verðlaunin sem besti dramaþátturinn árið 2012 og Golden Globe-verðlaunin bæði 2011 og 2012 sem besti dramatíski sjónvarpsþátturinn. Þá hafa aðalleikararnir tveir einnig verið verðlaunaðir fyrir frammistöðu sína.



# ÓTTAST EKKI HANDALÖGMÁL

**LOGI Í BEINNI**
**Kl. 20.20 föstudag**

Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín, mætir ásamt hljómsveit sinni í þáttinn Logi í beinni á föstudaginn. Auk Högna mæta einnig Vigdís Hauksdóttir þingmaður í sófann og uppistandarinn og þjóðfélagsrýnirinn Bergur Ebbi.

Vigdís Hauksdóttir er líklega einn af umdeildari þingmönnum landsins og því má búast við hressilegum umræðum þegar uppistandari, sem þekktur er fyrir óvægna þjóðfélagsrýni, mætir einnig í sófann. Logi óttast þó ekki að upp úr sjóði í sófanum.

„Ég hef reyndar trú á því að þau verði ekki alveg sammála og í beinni útsendingu getur allt gerst. En ég hef svo sem engar sérstakar áhyggjur af handalögmálum,“ segir Logi hvergi banginn.

Þátturinn hefst klukkan 20.20 á föstudagskvöld.

# MEÐVIRK KOLLA

**KOLLA**
**Kl. 20.25 í kvöld**



„Meðvirkni getur verið brjálæðislega fyndin, hafi maður húmor fyrir sjálfum sér, en einnig afskaplega súr,“ segir sjónvarpskonan Kolla, sem í kvöld mun fjalla vítt og breitt um meðvirkni og meðvirka hegðun í spjallþætti sínum á Stöð 2.

Fyrsti þáttur Kollu fór í loftið fyrir sléttri viku og voru viðtökur spenntra áhorfenda góðar.

„Það er ljóst að málefni stjúpforeldra voru mörgum hugleikin og umræðan um meðvirkni er ekki síður brýn. Ég reikna með að áhorfendur eigi örugglega eftir að uppgötva í raun og sann hvað meðvirkni er.“

Að sögn Kollu hafa flestir tilhneigingu til meðvirkrar hegðunar.

„Þó gætir víða þess misskilnings að meðvirkni sé bundin við aðstandendur áfengis- og vímuefnaneytenda, að meðvirkni sé það sama og góðmennska, og að meðvirkir einstaklingar séu svokallaðar „dyramottur.“ Við getum nefnilega sýnt meðvirkni í flestum aðstæðum lífsins.“

Til Kollu koma í kvöld Olga Björt Þórðardóttir og Daníel Geir Moritz sem bæði eru meðvirk og gefa áhorfendum innsýn í meðvirka hegðun.

„Hjá mér sest líka Anna Sigríður Pálsdóttir dómkirkjuprestur sem er sjálf meðvirk og hefur liðsinnt „meðvirklum“, eins og þeir kallast, frá árinu 1985. -

## WORLD CLASS

World Class Iceland

30% afsláttur af þriggja mánaða baðstofu- og heilsuræktarkorti eða af stökum tíma í baðstofu.



**30% AFSLÁTTUR**

## VEGAMÓT

VEGAMÓT RESTAURANT | BAR

35% afsláttur af matseðli frá kl. 11-16 alla mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga.



**35% AFSLÁTTUR**

2 VILD *er snilld*

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á **www.stod2.is/vild**

# NÚ ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

### STÖÐ 2 VILD

Það eina sem þarf að gera er að skrá kreditkort heimilisins á **stod2.is**

## LIFANDI MARKAÐUR

LIFANDI MARKAÐUR

20% afsláttur af öllum vörum við fyrstu kaup.
10% afsláttur eftir það. Tilboð gildir aðeins í Fákafeni 11.



**20% AFSLÁTTUR**

## MÝS OG MENN

Borgarleikhúsið

Ríflega 25% afsláttur af miðum á fyrstu 10 sýningarnar.



**25% AFSLÁTTUR**

**Þú færð sjálfkrafa afslátt hjá fjölda samstarfsaðila.**

- 10-11 — **10%** afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira
- The Sushi Train — **12%** afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira
- Olís / ÓB — **Kynntu þér tilboðin á stod2.is/vild** Sækja þarf um Olís greiðslulykil til að fá afslátt
- Björg — **20%** afsláttur af fatahreinsun
- Splass — **40%** afsláttur af bílaþvotti að utan
- Skemmtigarðurinn Smáralind — **50%** afsláttur af fjölskyldukortum Stöðvar 2

**KYNNTU ÞÉR FLEIRI SPENNANDI** TILBOÐ Á STOD2.IS

FÍTON / SÍA

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Kia Ceed Ex 1.6 Stw Diesel árg.2013 ek.36þús. Sjálfskiptur. Station. TILBOÐSVERÐ 3.790.000.- Rnr.286267.



Peugeot 508 Active Diesel 5/2012 ek.53þús. Sjálfskiptur. Glertoppur. TILBOÐSVERÐ 3.990.000.- Rnr.286205.



M.Benz B170/180 11/2005 ek.71þús. Sjálfskiptur. Ný vetrardekk á stálfelgum, ný sumardekk á álfelgum. Webasto miðstöð. Nýkominn úr fullri B-skoðun. Ásett verð 1.990.000.- Rnr.310424

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Suzuki Grand Vitara 2.0 1/2003 ek.115þús. Sjálfskiptur. GULLMOLI. Ásett verð 890.000.- Rnr.286259



Skoda Octavia Ambiente Combi 4x4 11/2006 ek.147þús. Beinskiptur. Ásett verð 2.090.000.- Rnr.286172

**www.bilarydvorn.is S. 587 1390**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974 **Bílamarkaðurinn**



HONDA Accord sedan sport. Árgerð 2006, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.105459.Bílamarkaðurinn S-567-1800 Bilamarkadurinn.is



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2006, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.230601.Bílamarkaðurinn S-567-1800 Bilamarkadurinn.is



VW Golf trendline dísel. Árgerð 2011, ekinn 31 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.780.000. skoðar skipti Rnr.222929. Bílamarkaðurinn S-567-1800 Bilamarkadurinn.is

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.160332.



MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec 4matic blue tec. Árgerð 2012, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.900.000. Rnr.210197.



KIA Ceed w/g lx 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 37 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.990552. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**bílaplan.is**



**TILBOÐ DAGSINS**

RENAULT CLIO árg. 2005 ek. 98 Þkm. 5 gíra, 2 eigendur frá upphafi, ný tímareim,möguleiki á 100% fjármögnun...afb 27 þús, tilboðsverð 590 þús

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Skoda Octavia 1.6 TDi Station Árgerð 5/2013, ekinn 19þ.km, bsk. Hlaðinn aukabúnaði! Glæsilegur bíll sem er á staðnum. Verð 3.790þ.kr. Raðnúmer 133692. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**HEKLA REYKJANESBÆ**



**TILBOÐSBÍLL**

HYUNDAI Tucson. Árgerð 2007, ekinn 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Tilboðsverð 1.350.000. Rnr.110334.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**


# Andar þú að þér heilbrigðu lofti?

# Hljóðlátu vifturnar



Tilboð í okt frá **7990**

Heilbrigt loft
Minna ryk
Jafnt rakastig

## Blásarar



Öflugir loftskipti-blásarar. Tilboð frá **34.990 kr**
Úrval barka.

## Röraviftukitt



Röraviftur með barka, viftuhlífum og klemmum.
Verð frá **11.990 kr**.

## Útsogsblásarar



Útsogsblásarar og þakblásarar. Verð frá **29.900 kr**
Margar útfærslur.

**íshúsið**

Eigum yfir 300 gerðir á lager

**www.viftur.is • S:566 6000**

**Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata**




Honda CR_V Executive 05/2007 ek. 99 sjálfskiptur , leður , lúga ofl Gæðaeintak einn eigandi verð aðeins 2690 !!!



**METAN / BENSIN !**
VW Passat Highline STW Ecofuel (METAN) 08/2011 ek 87 þ.km Leður lúga krókur ofl. verð aðeins 3690 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**




**EKINN AÐEINS 63Þ KM**
AUDI A4 sedan . Árgerð 2005, ekinn 69 Þ.KM sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.108371. Netbílar.is 588-5300 Bíllinn er á staðnum!!!

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.



Hummer H2 Metanbreyttur. 2006 árg. 98000km. Í mjög góðu ástandi. Verð 490.000. S 695 9568



Volvo 850 Turbo skutbíll í frábæru ástandi. 1995. 270þkm. 2,3L. Leðursæti. Heilsársdekk. Skoðun 2014, Verð 200þ. S: 6959568.




## 250-499 þús.



Renault Kangoo árg. 99 ek. 140.000 km. Ný tímareim og og púst og nýjir bremsuklossar og diskar. Nýskoðaður - engin athugasemd! Verð 288þús. simi 848 5280



Til Sölu Renault megane 2003 þarfnast smá lagfæringar. Verð 380.þ uppl. í síma 8939722.



H1 Hyundai 1X4 árg. 1999 skoðaður þarfnast smá viðgerðar á bremsum. verð 350þ. Uppl. í síma 8939722.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar




**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is

## Varahlutir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

**BÍLFIX**
Bílaviðgerðir á betra verði. Bílfix Smiðjuvegi 26, rauð gata. S. 778 3911.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Garðyrkja




## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**HIMNAMÁLUN**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Húsasmíðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða tímavinna. Sími 7778450 eða á thorarinnscheving@live.com

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




# KEYPT & SELT

## Til sölu












**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**






## VÖNDUÐ EIGNASTÝRING
STJÓRNAST AF MARKMIÐUM
VIÐSKIPTAVINARINS

**Einkabankaþjónusta Arion banka** veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum.
- Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- Öll almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í 444 7410 eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

**ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA**

Arion banki




## Magnað miðvikudagskvöld!

Það verður enginn skortur á sjálfstrausti á Bernabéu í kvöld þegar stórveldin Real Madrid og Juventus mætast. Allt annað en sigur hjá Ronaldo og félögum í Real er óásættanlegt en sú gamla ítalska hefur sín eigin áform. City byrja fótboltakvöldið í Moskvu, Englandsmeistararnir fá Real Sociedad í heimsókn og landsliðsstrákarnir okkar Rúrik Gíslason og Ragnar Sigurðsson í FC Kaupmannahöfn kíkja til Tyrklands.

**Komdu þér vel fyrir og njóttu kvöldsins!**

## Í KVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| CSKA Moskva–Manchester City | 2 SPORT | 15:55 |
| Upphitun | 2 SPORT | 18:00 |
| Real Madrid–Juventus | 2 SPORT | 18:30 |
| Manchester United–Real Sociedad | 2 SPORT 3 | 18:30 |
| Galatasaray–FC Kaupmannahöfn | 2 SPORT 4 | 18:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 20:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 SPORT
*besta sætið*



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.


# Opnar brátt vestra

***Jón Stephenson von Tetzchner hefur sagt skilið við Opera Software og einbeitir sér að fjárfestingum og uppbyggingu frumkvöðlasetra. Hann valdi sér búsetu í Bandaríkjunum út frá flugtíma til Íslands.***

**SVIPMYND**
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Þessa dagana er Jón Stephenson von Tetzchner, fjárfestir og frumkvöðull (stofnandi Opera Software í Noregi), upptekinn við uppbyggingu og tengingu frumkvöðlasetra. Hér opnaði hann fyrir skömmu frumkvöðlasetrið Innovation House á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Innandyra er rúmgott, enda um að ræða nálægt því 800 fermetra rými þar sem rúm er fyrir á þriðja tug fyrirtækja.

Jón er tiltölulega nýfluttur frá Noregi til Bandaríkjanna með konu sinni og þremur börnum, 17, 12 og 10 ára gömlum. „Ég er búsettur í Gloucester rétt fyrir norðan Boston," segir hann. Miklu hafi ráðið um valið á staðsetningu að þaðan er styst að fljúga til Íslands.

Jón er svo hér með annan fótinn, bæði til að fjárfesta og styðja við starfsemi Innovation House. „Svo finnst mér reyndar sumt minna á Ísland þarna úti. Þar getur blásið svolítið eins og á Nesinu," segir hann, en Jón er uppalinn á Seltjarnarnesi til tvítugs.

Í Gloucester segist Jón líka fá góðan fisk frá Íslandi, auk þess sem Whole Foods selji íslensk lambalæri á haustin. Úti í Noregi segist Jón ekki hafa fengið sama góða fiskinn og hann er vanur hér heima.

Ytra er Jón svo að byggja upp annað Innovation House með það fyrir augum að tengja setrin saman.

„Hugsunin er að fólk geti komið frá Íslandi og verið þarna um stund." Því fylgi minna umstang og kostnaður fyrir íslensk fyrirtæki sem vilji reyna fyrir sér í Bandaríkjunum en að flytja hluta starfseminnar út. Þá henti alls ekki öllum að setja sig niður í Silicon Valley. Gangi áætlanir eftir segist Jón taka yfir eign undir starfsemina vestra eftir rúma viku.

Obba fjárfestinga sinna segir Jón vera á Íslandi, en hann hefur sagt skilið við Opera Software og hefur smám saman verið að selja hlut sinn þar. „Fjárfestar og ég deildum ekki sýn á stefnu og því skildi leiðir."

Til þessa segist Jón hafa fjárfest í einu fyrirtæki í Noregi og einu í Bandaríkjunum. Hér heima hefur hann svo fjárfest í Oz, Smart-Media, Búðinni, Spyr, Hringdu og Akra. Hann segist fjárfesta í tiltölulega fáum fyrirtækjum til þess að geta betur fylgt þeim eftir. „En hér í setrinu eru líka að koma fyrirtæki sem ég hef ekki fjárfest í."

Jón segist vera „alvöru nörd" að því leyti að hans helsta áhugamál er tækni. „Ég hef gaman af tækni og þá passar auðvitað vel að vinna við tækni." Þar fyrir utan segist Jón hafa gaman af íþróttum og hreyfingu og hann reyfi sér að fara á stöku fótboltaleik, enda ætlar hann á leik í London að lokinni fundasyrpunni á Íslandi.



**JÓN TETZCHNER** Með því að opna frumkvöðlasetur á Boston-svæðinu í Bandaríkjunum vonast Jón til þess að opna fyrir aukið samstarf og útvíkkun starfsemi sprotafyrirtækja. Hér er nýopnað Innovation House á Seltjarnarnesi, heimabæ Jóns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MANNVINUR OG SNILLINGUR



**GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON**
forstjóri Oz.

„Það sem fyrst kemur upp í hugann er hversu einstakt ljúfmenni Jón er og hlý persóna. Svo er hann líka hógvær því maðurinn er náttúrulega algjör snillingur, alveg ótrúlega klár. Svo er hann nörd og hefur gaman af því að nördast," segir Guðjón Már Guðjónsson og bætir við að þótt Jón hafi komið hingað til lands með ákveðnum stormi sem fjárfestir, ráði þar ekki peningaleg sjónarmið. „Hann gerir þetta fremur af tengingu við föðurlandið og trú sem hann hefur á íslenskum kúltúr. Það sem drífur hann áfram er að leggja sitt af mörkum í uppbygginguna."



**ANNE STAVNES**
samstarfskona Jóns.

„Jón er líklega almennilegasta manneskja í heimi. Ég vann fyrir hann í tíu ár hjá Opera. Svo flutti hann til Bandaríkjanna, en þegar mér bauðst að vinna fyrir hann aftur þurfti ég ekki að hugsa mig lengi um. Ég tók mig upp eftir að hafa búið í Noregi í 30 ár. […] Jón lætur sér annt um allt sitt samstarfsfólk. Ég veit líka um fólk sem vann með Jóni hjá Opera og sagði honum að sama hvað hann ákvæði að taka sér fyrir hendur þá myndi það vilja taka þátt í því, hvar sem væri í heiminum."



**ROLF ASSEV**
vinur Jóns og fyrrverandi samstarfsmaður.

„Ég vann með Jóni í tólf ár og hann er framsýnasti maður sem ég hef unnið fyrir. Hann horfir á hlutina með langtímamarkmið í huga. Hann er harðduglegur og ræður til sín fólk sem þekkir betur til en hann sjálfur á þeim sviðum sem eru utan hans helstu styrkleikasviða," segir Rolf Assev. „Jón treystir fólki, og ég myndi klífa hvaða fjall sem er, svo lengi sem Jón væri maðurinn sem tryggja ætti línuna."

Markaðsvirði félaga Kauphallarinnar fari úr rúmum 400 milljörðum 2013 í 640 milljarða 2015:

# Sextán skráningar á þremur árum

Í lok september hafði heildarmarkaðsvirði íslenska hlutabréfamarkaðarins í Kauphöll Íslands aukist um 85 milljarða á árinu, að því er fram kemur í nýrri umfjöllun greiningar Íslandsbanka. Í aukningunni vega þungt tvö ný félög sem skráð voru á markaðinn á árinu. „Var samanlagt markaðsvirði þeirra í lok september 49 milljarðar króna," segir í umfjölluninni.

Greining Íslandsbanka segist reikna með því að N1 verði skráð á markað fyrir áramót, en reiknar ekki út markaðsvirði félagsins þar sem Íslandsbanki annast útboðið.

Líkur eru sagðar á þremur nýskráningum á næsta ári og að þá verði tekin til viðskipta í Kauphöllinni bréf Sjóvár, Reita og Skipta. „Við áætlum að samanlagt markaðsvirði þeirra verði í kjölfar skráningar í kringum 76 milljarðar króna og markaðurinn verður þá 491 milljarður króna að stærð án innri vaxtar." Gert er ráð fyrir að Sjóvá verði skráð snemma á næsta ári, en óvissa sögð meiri um tímasetningu annarra félaga. „Þá er skráning Reita háð því að kröfuhafi samþykki skilmála sáttar Reita og Seðlabankans."

Þá telur greining Íslandsbanka líkur á því að á þarnæsta ári verði allt að átta félög skráð á markað, MP banki, Eik, Landfestar, Kaupás, Promens, Skeljungur, HB Grandi og Advania. „Við teljum ekki líklegt að Eik og Landfestar verði skráð á markað hvort í sínu lagi heldur verði þau annaðhvort sameinuð eða í það minnsta annað þeirra keypt inn í Regin eða Reiti." Ætlað er að markaðurinn verði þá 640 milljarðar króna að stærð án markaðshækkana. „Eftir árið 2015 gerum við ráð fyrir að stóru viðskiptabankarnir verði skráðir ásamt Bakkavör og Icelandic Group." Bankarnir verði þó væntanlega ekki skráðir á markað fyrr en óvissu í kringum verðtryggð lán og gjaldeyrishöft hefur verið eytt.

Að auki telur greining Íslandsbanka líklegt að HB Grandi verði skráður á aðallista Kauphallarinnar á næstu árum. „Ánægjulegt væri ef við sæjum fleiri sjávarútvegsfélög bætast í hópinn enda er um eina stærstu atvinnugrein landsins að ræða." - óká

**NASDAQ OMX ICELAND** Von er á fjölda nýrra félaga í Kauphöll Íslands. Stefnt er á skráningu N1 á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



2013

# Villibráð

*Villibráðarhlaðborð Perlunnar byrjar þann 24. október*

**Gjafabréf Perlunnar**
*Góð gjöf við öll tækifæri!*

















**Elgurinn er kominn í hús!**

## Forréttir

Villibráðarsúpa
Blinis og kavíar
Hreindýra paté m/títuberjasultu
Gæsa og kjúklingafrauð
Skelfisksalat
Krabbasalat í sweet chilli sósu
Reyktur áll á eggi
Heitreyktur silungur m/piparrót
Sushi
Reyktur lax með wasabi majónes
Hvala carpaccio m/parmisan
Graflax
Síldar salöt
Parmaskinka með rjómaosti
Dúfu-terrin með foie gras
Grafið lamb m/balsamico og sultuðum lauk

## Aðalréttir

Léttsteiktur zebrahestur
Svartfuglsbringur
Villigæsabringa
Heilsteiktur hreindýravöðvi
Hreindýrabuff
Sultuð gæsalæri
Villisveppir í smjörkænu
Gufusoðinn kræklingur
Hnetufylling
Krónhjörtur
Kryddlegin elgur
Pottréttur
Rauðvínssósa
Kóngasveppasósa.

## Eftirréttir

Ostaterta
Úrval osta
Heit eplakaka
Ferskt ávaxtasalat
Rjómalagaður ítalskur ís
Crème Brullée
Fylltir súkklaðibollar
Kókostoppar
Enskt krem
Karamellusósa
Súkkulaðiterta
Skyrkaka
Tapioka búðingur
Fylltar vatnsdeigsbollur.

*9.290 kr.*
*tilboð mánud.-miðvikud*
*8.290 kr.*

## Jólahlaðborð

*Jólahlaðborð Perlunnar byrjar þann 21. nóvember*

## Skötuhlaðborð

*Skötuhlaðborð Perlunnar 23. desember*

## Vínsmökkun

Mekka verður með vínsmökkun á eðalvínum fyrir mat, á hlaðborðum Perlunnar.

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200
perlan@perlan.is
www.perlan.is

PERLAN

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

klinkið
Katrín Olga Jóhannesdóttir, ein valdamesta kona í íslensku viðskiptalífi.
vísir

Hin hliðin



SIGRÍÐUR HRUND GUÐMUNDS-

# Hlutabréf fyrir lengra komna

Þegar börnin mín voru mjög ung og spurðu mig „við hvað vinnurðu mamma?“ þá svaraði ég oft: „ég vinn við að búa til peninga“ og brosti. Ég sagði þetta meira í gríni en alvöru en það dugði þangað til þau urðu aðeins eldri. Þá gat ég útskýrt betur fyrir þeim að ég fjárfesti og ávaxtaði peninga fyrir lífeyrissjóð sem ég gerði á þeim tíma. Þegar frumburðurinn, dóttir mín, hafði þroska og tækifæri til hvatti ég hana til að fjárfesta í hlutabréfum. Þó umfangið hafi verið lítið var það gert í þeim tilgangi að kenna henni og gera henni grein fyrir tækifærunum. Þetta opnaði fyrir henni heim sem var áður svo fjarlægur.

**Góðar fréttir**

Hlutabréfamarkaðurinn hérna á landinu kalda er rétt að taka við sér nú fimm árum eftir hrun. Þrátt fyrir að þrjú ný félög hafi komið inn í Kauphöllina á árinu eru enn sárafá félög skráð þar. Útlit er fyrir að félögum haldi áfram að fjölga í Kauphöllinni því fréttir berast af fyrirtækjum á leiðinni á hlutabréfamarkað á næstu misserum. Það eru góðar fréttir.

**Spennandi kostur**

Fyrir lengra komna eru hlutabréfin eflaust mest spennandi fjárfestingarkosturinn í dag í ljósi þess hve almennar viðtökur hafa verið í hlutafjárútboðum ársins. Enn þá eru gjaldeyrishöft og þá má ekki fjárfesta í erlendum verðbréfum. Því heyrast áhyggjuraddir af bólumyndun í lokuðu hagkerfi og að hlutabréf séu búin að hækka svo mikið á stuttum tíma að þau hljóti að vera of hátt verðlögð. Það má vel vera í einhverjum tilvikum og sjálfsagt að hafa vaðið fyrir neðan sig. Hlutabréf eru jú í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og margir fóru flatt á þeim í hruninu.

**Tækifæri fyrir alla**

Sögulega hafa hlutabréf hins vegar reynst betri fjárfestingakostur en margt annað í dreifðu eignasafni. Þó fyrirtæki hækki í verði þarf það ekki að vera lögmál að verðið haldi ekki áfram að hækka. Þau félög sem eru vel rekin og með skýra framtíðarsýn eru líklegust til að skila eigendum sínum góðum arði til lengri tíma.

Eru hlutabréf þá bara fyrir lengra komna? Nei, þau þurfa ekki að vera það. Unga fólkið í dag þarf að kynnast hlutabréfamarkaðnum af eigin raun svo það geti tekið virkan þátt í uppbyggingu atvinnulífsins á eigin forsendum síðar meir og lært að nýta sér þau tækifæri sem þar bjóðast.




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Stöð 2 kynnir með stolti **glæsilegustu vetrardagskrá** frá upphafi

# Við lofum góðum íslenskum vetri

margfalt skemmtilegri!

Við erum afar ánægð með nýju vetrardagskrána okkar og flöggum nýjum og spennandi íslenskum þáttum. Aldrei áður hefur úrvalið verið jafn glæsilegt, fleiri og fjölbreyttari íslenskir þættir en nokkru sinni fyrr ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki. **Við óskum þér góðrar skemmtunar með Stöð 2 í allan vetur.**




Með **Skemmtipakkanum** færðu mikið fyrir lítið!

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.

**Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is**

**Margfalt meiri skemmtun** á aðeins

**7.990 kr.**




**STÖÐ 2**
Engin sjónvarpsstöð á Íslandi frumsýnir daglega fleiri þætti og bíómyndir en Stöð 2. Fréttir og meiri íslensk dagskrárgerð en nokkru sinni fyrr.

**STÖÐ 3**
Ný og fersk stöð með erlent gæðaefni í bland við nýtt íslenskt.

**KRAKKASTÖÐIN**
Talsett barnaefni daglega frá morgni til kvölds á sérstakri barnastöð. Barnakvikmynd alla daga klukkan 19:00.

**BÍÓSTÖÐIN**
Frábærar kvikmyndir, allan sólarhringinn.

**GULLSTÖÐIN**
Klassískir innlendir og erlendir sjónvarpsþættir.

**POPPTÍVÍ**
Tónlistarmyndbönd eins og þú getur í þig látið.

**TÓNLIST.IS**
Öll íslensk og erlend tónlist á einum stað, þriggja mánaða aðgangur með áskrift.

**VILD**
Með aðgangi að Vild getur fjölskyldan hæglega sparað sem nemur mánaðaráskrift.








KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTRA YFIRVALDA

Heimili og skóli

www.saft.is

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gott einstak. herb. m. húsg. í 101. Nál. H.Í. Séringng. Aðg. að eldh. og baðh. 58000 + 1 mán. tr. S. 695 2213.

### Húsnæði óskast

Par leitar eftir húsnæði í Reykjavík. Birgir R. J. s: 820-2223

### Geymsluhúsnæði

Bílás
Bílasala Akraness

**GEYMSLA**
Getum bætt ferðavögnum í vetrargeymslu og eða sölu. Gott húsnæði/einnig möguleiki á að geyma búslóð eða annað á brettum. Uppl. s. 431 2622/893 2621.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Óska eftir að ráða smiði og verkamenn, vana trésmíðavinnu. Uppl. í s. 845 1873.

símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

Hringið í síma 7767400 og 7747400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is

**KAFFIVAGNINN GRANDAGARÐI 10 101 RVK**
Óskar eftir starfsfólki til þjónustustarfa í fullt starf virka daga,einnig vantar okkur starfsfólk í helgarvinnu. Óskum eftir 25 ára og eldri.
**Umsóknir sendist á netfangið taktur70@gmail.com**

Til sölu atvinnutækifæri, tækifæri fyrir handlaginn, upplagt sem aukavinna eða með öðrum rekstri, bílskúr nægir fyrir starfsemina sem er í leiguhúsnæði í dag, uppl. í síma 897-3327

Aðstoð vantar í heildverslun með heimilisvörur, hlutastarf. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax. Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „heildverslun"

### Atvinna óskast

Smiður óskar eftir vinnu. 7718013.

Húsasmiður óskar eftir vinnu. Áhugasamir hafið samband í s. 778 1780

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlsögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

### atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**S. 777 2 333**

**Blaðberinn bíður þín**
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## fasteignir

OPIÐ HÚS

# Traðarland 8

– mjög gott einbýlishús



FOLD FASTEIGNASALA
**Sími 552 1400**
Helgar- og kvöldvakt sölumanna 694 1401
Viðar Böðvarsson
Sími 694-1401

Fallegt og vel skipulagt 245 fm einbýli á einni hæð á eftirsóttum stað í Fossvoginum. Gróin skjólgóður garður með timburverönd og skjólgirðingum. Stutt í skóla, leikskóla og íþróttastarfið. **V. 76,0 millj.**
**Eignin verður sýnd miðvikudaginn 23.okt. frá kl. 17:30 – 18:00**

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Kjartan Hallgeirsson lögg. Fs.
sími 824 9093
kjartan@eignamidlun.is

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Frakkastígur 12A – 3. hæð og bílskýli.**




Falleg talsvert endurnýjuð 2ja- 3ja herbergja íbúð (teiknuð 3ja) á 3.hæð og í risi í mjög góðu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu. Endurnýjað baðherbergi, eldhús og íbúðin er nýmáluð. Sérinngangur af svalagangi. Innangeng í bílskýli þar sem þessi íbúð á stæði.
**V. 26,5 millj. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 23.október milli kl. 17:15 og kl. 17:45. Þórarinn er á staðnum í síma 899-1882**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík




113 Reykjavík

Allar nánari upplýsingar gefur
**Atli S. Sigvarðsson**
sölufulltrúi
**sími:** 899-1178
atli@miklaborg.is

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg 2ja herb íbúð í lyftuhúsi
Gott skipulag, vel innréttuð eign
Frábært útsýni á efstu hæð
Stæði í bílageymslu.
Lán frá ILS c.a 19 millj getur fylgt

Verð: **21,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**ÍBÚÐ 301**

Allar nánari upplýsingar veitir
**Páll Þórólfsson**
sölufulltrúi
**sími:** 893-9929
pall@miklaborg.is

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Glæsileg 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð
Vel skipulögð
Suðursvalir
Vandaðar innréttingar
Aukin lofthæð

Verð: **32,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
Gyða Gerðarsdóttir
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

# Vogartunga 29 A




**OPIÐ HÚS Í DAG, MIÐVIKUDAG 23. OKTÓBER FRÁ KL. 17:00-17:30**

FALLEG 3JA HERB. ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI Á ÞESSUM EFTIRSÓTTA STAÐ Í KÓPAVOGI
Rúmgóð 3ja herbergja 110,5 fm íbúð á 1. hæð með sérverönd til suðurs.
Frábær staðsetning rétt við Hamraborgina í Kópavogi.

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, LÖGG. FASTEIGNASALI OG LEGUMIÐLARI S. 695-1095 / 517-2600. gyda@fastko.is

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600



2 | KL. 20:25 KOLLA

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 20:05
HEIMSÓKN
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



2 | KL. 20:55
GREY'S ANATOMY
Dramatíkin er í hámarki á Grey Sloane Memorial-spítalanum í vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
THE CHANGE-UP
Frábær gamanmynd með Ryan Reynolds og Jason Bateman í aðalhlutverkum.



Krakkastöðin | KL. 19:00
GULLBRÁ OG BIRNIRNIR 3
Birnirnir kenna Gullbrá dýrmæta lexíu; hvernig það er að tilheyra fjölskyldu.



3 | KL. 21:05
ARROW
Önnur þáttaröðin um milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum í skjóli nætur.



3 | KL. 21:45
DAMAGES
Lögfræðitryllir með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverkum.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 7 | | 3 | 8 |
| 2 | | | | | 9 | 6 | | 7 |
| 1 | | | 2 | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | 6 | | | |
| 3 | | 1 | | | 2 | 4 | | |
| | | | 4 | | | 3 | | 9 |
| | | 2 | 5 | | 1 | | 6 | |
| 8 | 9 | | | 3 | | 1 | | 2 |
| | | | | | | 7 | | 4 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | 7 | 1 | 5 | | |
| 6 | | 5 | 2 | | 9 | 3 | | |
| 7 | | | | | 8 | | | |
| 8 | | | | | | 6 | 9 | |
| 9 | | | | | | | | 5 |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| | | | | 2 | | | | 7 |
| | | | 5 | | | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 9 | | | | | | | 4 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | 2 | | 7 | |
| | | | | | 7 | 9 | | 1 |
| | 9 | | | 8 | | | 3 | |
| | | | | 7 | 1 | | | 5 |
| 5 | 7 | | 3 | | | | | |
| 8 | | 2 | 4 | | | | 9 | |
| | 8 | | 5 | | 9 | | | |
| 9 | | | | | 6 | 3 | | |
| | 5 | | | | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 8 | 1 | 9 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 6 | 3 | 2 | 8 | 1 | 4 | 5 | 7 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 | 1 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 7 | 9 | 4 | 3 | 6 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 3 | 2 | 6 | 1 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 1 | 9 |
| 7 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 4 | 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 8 |
| 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 4 | 7 | 6 | 1 | 8 | 3 |
| 4 | 3 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 2 | 8 | 6 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 3 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 6 | 8 | 1 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 7 | 8 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 1 | 8 | 6 | 5 | 4 | 7 |
| 6 | 5 | 8 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Dropinn holar harðan stein.**

*Íslenskur málsháttur.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** stagl, **6.** ógrynni, **8.** ringulreið, **9.** blóm, **11.** fisk, **12.** titill, **14.** heiti, **16.** hlutafélag, **17.** læsing, **18.** galdrastafur, **20.** 2000, **21.** lofttegund.

**LÓÐRÉTT 1.** rusl, **3.** ólæti, **4.** lögtak, **5.** andi, **7.** hjálpsamur, **10.** sigti, **13.** skammstöfun, **15.** stefna, **16.** skar, **19.** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tafs, **6.** of, **8.** tjá, **9.** rós, **11.** ál, **12.** prior, **14.** nafni, **16.** hf, **17.** lás, **18.** rún, **20.** mm, **21.** óson.

**LÓÐRÉTT: 1.** sorp, **3.** at, **4.** fjárnám, **5.** sál, **7.** fórnfús, **10.** sía, **13.** ofl, **15.** ísmi, **16.** hró, **19.** no.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Staðan kom upp í skák Guðfinns R. Kjartanssonar og Þórs Valtýssonar fyrir skemmstu á skákmóti hjá Riddaranum, skákklúbbi eldri borgara (60+) í Hafnarfirði.**

**Hvítur á leik**



**1. Hxf7+! Kg8 2. Hg7+!** og svartur gafst upp skömmu síðar. Skákmenn 60+ eru velkomnir alla miðvikudaga í Strandaberg (Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju) kl. 13. Sjá nánar á www.riddarinn.net.

**www.skak.is** EM landsliða í fullum gangi

# heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson, lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson, sölufulltrúi
Erla Dröfn Magnúsdóttir, lögfræðingur
Ásdís Írena Sigurðardóttir, skjalagerð

11 ára heimilisvinur – Stofnað 2002

Finndu okkur á Facebook

## Austurkór 100-102 útsýnisíbúðir





Glæsilegar nýjar útsýnisíbúðir við Austurkór 100 og 102 í Kópavogi. Húsin tvö skiptast í þrjár 3ja og þrjár 4ra herbergja íbúðir. Afhendast fullbúnar án gólfefna í september og október 2014. Allar nánari upplýsingar veita sölumenn Heimili Fasteignasölu.

-3ja herbergja 111,8 - 138 fm.
-4ra herbergja frá 140,2 - 167,6 fm.
-Allar íbúðir með tveimur baðherbergjum
-Íbúðir með hjónasvítu
-6 íbúðir með bílgeymslu
**Verð frá 38millj.**

## Sóleyjarimi 11 - 3ja herb - opið hús




Vönduð 107 fm endaíbúð með miklu útsýni. Meðfylgandi er stæði í lokuðu bílskýli. Vandaðar innréttingar og gólfefni, yfirbyggðar svalir og frábæst útsýni yfir borgina. **V. 31,0 m Laus til afhendingar. Til sýnis í dag kl 17:30- 18:00**

## Blönduhlíð 21, 2ja - opið hús




Mjög góð 63,5 fm íbúð á jarðhæð í 3-býli sem búið er að steina og halda vel við í gegnum tíðina. Til viðbótar við uppgefna fermetra er sér geymsla og sameiginlegt þvottahús. Parket og flísar á gólfum. Sérinngangur. **Verð 20,5 m.**
**Opið hús fimmtudaginn 24. okt frá 17:15-18:00.**

## Dalaland - Fossvogur 4-5 herb. - Opið hús




Vel skipulögð og frábærlega staðsett 4-5 herb. íbúð ásamt bílskúr við Dalaland 14 í Fossvogi. Eignin skiptist í forstofu, stofu/borstofu, eldhús, hjónherb, 2-3 barnaherb. baðherbergi, þvottahús innan íbúðar. Góð eign sem vert er að skoða. **v.39,9m**
**Opið hús fimmtudagaginn 24. okt kl. 17:30-18:00**

## Bakkastaðir, einbýli á einni hæð



Mjög gott einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, samtals 250 fm. Fimm svefnherbergi og stórar stofur. Parket og flísar á gólfum. Glæsilegur garður í góðri rækt með sólpalli og heitum potti. **V. 69,9 m.**

## Vesturberg - 4ra herb



Björt, falleg og mikið endurnýjuð 103,9 fm 4ra herbergja endaíbúð á fjórðu hæð. Tvennar svalir. Mikið útsýni. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. **V.25,9 m.**

## Reyrengi - 4ra herbergja



Mjög góð og mikið endurnýjuð 97 fm íbúð á annarri hæð í 5 íbúða stigagangi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Góð aðkoma og stutt í margvíslega þjónustu m.a. leikskóla-grunnskóla-framhaldsskóla-verslunarkjarna og Egilshöll. Húsið er í góðu ásigkomulagi og stigagangur snyrtilegur. **V. 26,5M**

## Boðaþing - 55 ára og eldri




Stór 2ja herbergja , 90 fm íbúð á 2. hæð og stæði í bílskýli. Eldhús með granít í borðplötum og sólbekkjum. Flísalagður sólskáli. Rúmgott svefnherbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Sér þvottahús innan íbúðar . Vandaðar innréttingar og gólfefni. **V.28m**

## Melgerði 12 – einbýli – Opið hús.




Gott, stórt og vel skipulagt 265 fm einbýlishús á á tveimur hæðum með stórum 50 fm bílskúr og falegum garði með mikilli útiaðstöðu. Stór hellulögð bílaplön ásamt stéttum og sólpöllum. Sex svefnh. og stórar stofur ásamt sólstofu með heitum potti. **Laust til afh. V. 69,0 m. Til sýnis föstudag 25. okt. kl 12:30-13:00 Upplýsingar veitir Bogi Pétursson**

## Gautavík, neðri sérhæð



Falleg 120,5 fm neðri sérhæð með sérinngangi á besta stað. Parket og flísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Tvær hellulagðar verandir og góð lóð. **V. 34,9 m.**

## Sogavegur - Aukaíbúð




Falleg mikið endurbætt 190 fm sérhæð með bílskúr og 30 fm aukaíbúðarrými. Þrjú góð svefnherbergi og góðar stofu. Allt endurbætt. Gott skipulag, vandaðar innréttingar og gólfefni. Glæsilegur afgirtur garður með góðri útiaðstöðu og svalir með útsýni. Hagstæð kaup.

## Langalína Garðabæ - glæsileg efsta hæð




Mjög vönduð um 150 íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílgeymslu. Íbúðin er öll sérhönnuð með mikilli lofthæð í stórri stofu. Mjög vandaðar innréttingar og tæki, allt sérhannað. Stórglæsilegt stórt baðherbergi. 2-3 svefnherbergi. Marmari og parket á gólfum. Fallegt útsýni af svölum. Íbúðin er laus. **V. 59,9 m.**

## Naustabryggja - glæsieign




Stórglæsileg ca 122 fm íbúð á tveim hæðum ástamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í stórar stofur og tvö herbergi. Parket og flísar á gólfum. Vandaðar innréttingar í eldhúsi og á baði. Tvennar svalir í suður og vestur. Góð staðsetning í Bryggjuhverfinu. Íbúðin er laus. **V. 31,9 m.**

**530 6500** | **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** | **530 6500**

# Ljóðið sem áttaviti

Ljóðadagskrá í Gunnarshúsi

**Rithöfundasambandið opnar hús sitt fyrir gestum og gangandi í tilefni Lestrarhátíðar í Reykjavík og býður upp á dagskrá með skáldunum Antoni Helga Jónssyni og Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur annað kvöld klukkan 20.**

**Í dagskránni bregða skáldin upp myndum af þekktum kennileitum í borginni en nema líka staðar og skyggnast inn í hús og draga upp myndir af örlögum nokkurra borgarbúa. Skáldin sjálf hafa löngum verið áttavillt í borginni og reynt að ná áttum með ljóð og skáldskap sem áttavita.**



**LJÓÐALESTUR** Anton Helgi Jónsson er annað skáldanna sem lesa upp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Vissir þú að Ísland byggðist af ást?

Lifandi og aðgengileg umfjöllun um ástir Íslendinga að fornu – um rétt þeirra til að elska, makaval, hjónaskilnaði, frillulíf og ást á eigin kyni.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu





ftt 30 ára

Stórsveit Reykjavíkur

- íslenskur djass í nýjum búningi

Einar Scheving, Tómas R. Einarsson, Eyþór Gunnarsson, Jóel Pálsson, Sunna Gunnlaugsdóttir og Ómar Guðjónsson, Agnar Már Magnússon, Kjartan Valdemarsson, Hilmar Jensson, Stefán S. Stefánsson

Tónleikarnir eru þeir fyrstu í afmælistónleikaröð FTT í tilefni af 30 ára afmæli félagsins. Stórsveit Reykjavíkur flytur íslensk djassverk í nýjum búningi. Fjölbreytt efnisskrá þar sem ný og eldri verk jazztónskálda þjóðarinnar eru færð í glæsilegan stórsveitarbúning.

Stjórnandi Sigurður Flosason.

Styrkt af Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður

HARPA / Kaldalón

föstudag 25. okt. kl. 21:00

Miðaverð frá kr. 2.900

Miðar á midi.is - harpa.is - í miðasölu Hörpu




**FANTASÍUHÖFUNDURINN** „Í þessari bók er ég að þróa sagnaheiminn betur og koma meira upp um það sem að baki liggur," segir Elí Freysson um nýjustu bók sína, Kallið. MYND: AUÐUNN NÍELSSON

# Engar ofurhetjur, fólk eins og þú og ég

Elí Freysson hefur vakið athygli fyrir bækur sínar sem fjalla um Þögla stríðið og nú er þriðja bókin í seríunni, Kallið, komin út. Elí er þó engan veginn búinn að afgreiða þann heim sem hann skapar í sögunum og er að ljúka við þá fimmtu.

„Þessi heimur varð bara til í höfðinu á mér," segir Elí Freysson, sem á dögunum sendi frá sér þriðju bókina í bókaflokknum um Þögla stríðið, spurður hver sé fyrirmyndin að þeim heimi sem hann skapar í bókunum. „Ég vildi segja ákveðna sögu, með ákveðnum stíl og ákveðnum karakterum og þessi heimur varð til í kringum það," útskýrir Elí.

Bókin heitir Kallið og þar er í forgrunni ný söguhetja, Katja að nafni. Fyrri bækurnar eru Meistari hinna blindu og Ógnarmáni, en Elí segir enga af sögupersónum þeirra bóka vera með í þeirri nýju. „Bækurnar eiga þennan heim sameiginlegan en ég skrifa þær með það í huga að nýir lesendur geti gengið að hverri bók fyrir sig vandræðalaust," segir Elí. „Í þessari bók er ég að þróa sagnaheiminn betur og koma meira upp um það sem að baki liggur." Hvers vegna heitir þetta Þögla stríðið? „Vegna þess að það er ekki raunverulegt stríð í gangi," segir Elí. „Það eru dulin öfl í skuggunum sem brugga sín launráð og svo fólk sem berst gegn þessum öflum. Áður höfðu þessar fylkingar átt í heljarinnar styrjöldum en nú eru rósturnar meira í laumi og þess vegna er þetta kallað Þögla stríðið. Ég held þó alltaf fókusnum á karakterunum og því sem þeir ganga í gegnum, heimurinn er meira bara svið fyrir það sem kemur fyrir þá." Elí segir persónur sínar vera venjulegt fólk eins og þig og mig, engar goðsagnahetjur. „Þær eru bara manneskjur sem glíma við alls konar erfiðleika eins og allir."

Bækurnar eru, eins og ljóst ætti að vera að framansögðu, fantasíubókmenntir, hefur sú bókmenntagrein lengi verið í uppáhaldi hjá þér? „Já, ég hef lesið mikið af þeim. Ég hef ansi þröngan bókmenntasmekk og fantasíurnar eru það sem ég hef leitað mest í." Elí segist þó aldrei hafa lesið Game of Thrones, sem sumir halda að sé fyrirmynd hans, áhugi hans á fantasíum hafi hafist með lestri á Lord of the Rings, haldið áfram við að lesa alls kyns fantasíur eftir mismunandi höfunda og núorðið sé Brandon Sanderson í mestu uppáhaldi.

Þótt Kallið sé nýkomin út er Elí þó kominn mun lengra með sögurnar úr Þögla stríðinu, er að klára fimmtu bókina og á von á að þær verði tíu til tólf þegar upp er staðið. „En ég er kominn með hugmynd að nýrri seríu sem ég mun taka til við þegar þessari er lokið. Ég er ekkert að fara að hætta að skrifa á næstunni."

fridrikab@frettabladid.is

# Inntakslaus en afdrifarík frægð

BÆKUR ★★★☆☆

**Vince Vaughn í skýjunum**
**HALLDÓR ARMAND ÁSGEIRSSON**

**MÁL OG MENNING**

Fyrsta bók Halldórs Armands Ásgeirssonar heitir Vince Vaughn í skýjunum. Hún lætur ekki mikið yfir sér en inniheldur samnefnda nóvellu (nánast of löng til að geta kallast smásaga og of stutt til að geta kallast skáldsaga) og svo jafn langa sögu sem heitir Hjartað er jójó.

Fyrri sagan er sögð í 3. persónu, af Söru sem starfar í sundlaug. Henni leiðist. Höfundurinn þekkir sögusviðið vel og þangað mæta persónur sem virðast stundum við að grípa athygli lesandans, svo sem gamli maðurinn sem mætir með græn gleraugu á hverjum degi, en fara svo hjá líkt og svipir sem skilja ekki eftir sig spor og hverfa. Hin bláa lykt er yfir öllu. Svo gerist það að Sara nær mynd af sérkennilegri skýjamyndun; leikarinn Vince Vaughn birtist á himnum, Sara nær mynd af þessu, setur á YouTube og verður á allra vörum. Á heimsvísu. Sagan sem hafði verið merkilega hæg og leitandi, skiptir um gangtegund og tekur á sprett.





Eins ólíkindalegt og þetta allt má heita er Hjartað er jójó hálfu ósennilegri og geldur þess eiginlega því erfitt reynist að finna tengingu við söguna. Þetta er 1. persónu frásögn Þóris sem starfar sem Lottókynnir. Hann á í erfiðleikum með sjálfan sig, finnst skjáframinn hafa svikið sig og gengur eiginlega af vitinu. Atburðir verða svo til samræmis við það, með miklum ólíkindum: Fyndnir og átakanlegir í senn.

Bókin inniheldur forvitnilegar pælingar um samtímann og stöðu fólks í honum. Sjálfsagt að fagna slíkum bókmenntum – en höfundar vilja gjarnan nálgast samtíma sinn á ská eða skjön eða hreinlega forðast hann. Gallinn er hins vegar sá að sögurnar eru misgóðar, á stundum fálmkenndar – svona eins og ritstjóri útgáfunnar hafi verið hálfsofandi eða á stjákli yfir þessu ágæta efni sem höfundurinn er að leggja til.

**Jakob Bjarnar Grétarsson**

**NIÐURSTAÐA:** Allrar athygli verðar sögur en fálmkenndar á köflum. Fínt fyrsta verk höfundar.




Úlfur Eldjárn | Jófríður Ákadóttir | Elín Ey | Daníel Bjarnason




**Njóttu þess að vera á Iceland Airwaves!**

Með Iceland Airwaves appi Símans færðu upplýsingar um alla viðburði, on- og off-venue, setur saman þína eigin dagskrá og færð áminningu 15 mínútum fyrir tónleika. Þú getur séð viðtöl og myndbönd með flytjendum, lesið dóma um tónleika gærdagsins, fylgst með röðunum í beinni og hlustað á Iceland Airwaves **Spotify** lagalistana.

Spotify



# Stelpur spila djass með Kjass

Djasshljómsveitin Kjass var stofnuð af tveimur tónlistarkonum í sumar.

„Mig hafði lengi langað til að stofna djasshljómsveit og lét svo verða af því að lokum," segir Fanney Kristjánsdóttir söngkona en hún stofnaði djasshljómsveitina Kjass í sumar, sem er ein af örfáum djasshljómsveitum hér á landi sem skartar tveimur stúlkum.

„Ég held það sé ekki algengt að það séu tvær stelpur í svona djasshljómsveit en við Anna Gréta píanóleikari náum mjög vel saman," bætir Fanney við.

**STELPUR Í DJASSHLJÓMSVEIT** Fanney Kristjánsdóttir söngkona hefur stofnað hljómsveitina Kjass en í henni eru tvær stelpur. MYND/NANNA DÍS

Hún skipar hana ásamt félögum sínum sem hún kynntist í Tónlistarskóla FÍH sem eru þau, Anna Gréta Sigurðardóttir sem spilar á píanó, Birgir Steinn Theodórsson bassaleikari, Mikael Máni Ásmundsson gítarleikari og Óskar Kjartansson trommuleikari.

Kjass er þessa dagana að semja efni fyrir plötu en stefnt er á að hefja upptökur fljótlega á næsta ári.

Meðlimir hljómsveitarinnar eru allir á framhaldsstigi í Tónlistarskóla FÍH að frátöldum slagverksleikaranum sem lauk burtfararprófi þaðan í vor.

- glp



**EMILÍANA TORRINI** Tónlistarkonan kemur fram „off venue" á Kexi Hosteli.

## Airwaves áfram á Kex

Það verður mikið um að vera á Kexi Hosteli á meðan á Iceland Airwaves-hátíðinni stendur 30. október til 3. nóvember. Helstu flytjendurnir sem koma þar fram „off venue" eru breska hljómsveitin Caveman, Emilíana Torrini, John Grant, Múm, Nite Jewel frá Kaliforníu og Ásgeir Trausti.

Dagskráin, sem er unnin í samstarfi við Iceland Naturally, hefst með Stórsveit Samúels Samúelssonar sem kemur fram á miðvikudeginum klukkan 13. Lokatónleikarnir verða svo með tvíeykinu Gluteus Maximus á sunnudagskvöld. Ókeypis er inn á alla viðburði.

Útvarpsstöðin KEXP frá Seattle mun senda út frá Kexi Hosteli í þriðja sinn í ár en margir muna eftir tónleikum Of Monsters and Men á stöðinni sem vöktu mikla athygli.



**HVERFLYND MÚSA** Lana Del Rey segist lítið vita um næstu breiðskífu sína. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hverflynd músa Del Rey

Söngkonan Lana Del Rey er óviss um hvers konar tónlist næsta breiðskífa hennar mun innihalda. Þetta kemur fram í nýju viðtali sem Del Rey veitti tímaritinu Nylon.

„Þegar fólk spyr mig út í næstu plötu gef ég því hreinskilið svar og segist einfaldlega ekki vita hvernig tónlist hún mun innihalda. Ég vil ekki segja: Já, næsta plata verður betri en sú síðasta," því ég veit ekki hvernig hún mun koma til með að hljóma. Músan mín er mjög hverflynd og kemur bara stundum til mín. Sem getur verið pirrandi," útskýrði söngkonan sem sló í gegn með laginu Video Games árið 2011.

## Bieber tekinn í tollinum

Bandaríski tónlistarmaðurinn, Justin Bieber, var tekinn í tollinum á flugvellinum í Púertó Ríkó á dögunum. Tollyfirvöld í landinu segja að leitin hafi verið handahófskennd en Bieber hafði mikinn farangur meðferðis. Uppi voru sögusagnir um að einn úr fylgdarliði Biebers væri með fíkniefni í fórum sínum.

Leitin tafði flug poppstjörnunnar töluvert en þetta er ekki í fyrsta skipti sem pilturinn lendir í tollinum því hann var tekinn í svipaða leit í ágúst í Flórída.



# Björk og Megas höfð í öndvegi

FTT fagnar 30 ára starfsafmæli sínu með tónleikaröðinni Ammæli sem fram fer í Hörpu um helgina.

„Við erum að fagna mjög góðu ári hjá okkur með magnaðri tónleikaröð sem ber nafnið Ammæli,“ segir Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda, en félagið stendur fyrir tónleikaröð næstu helgi í Hörpu, í tilefni af þrjátíu ára afmæli sínu.

Tónleikaveislan stendur frá föstudegi til sunnudagskvölds, en þar verður farið um víðan völl.

„Á föstudagskvöldið kemur Stórsveit Reykjavíkur fram og flytur tónlist eftir meðlimi félagsins, eins og Eyþór Gunnarsson og Einar Scheving svo einhverjir séu nefndir,“ segir Jón.

Á laugardagskvöldið flytja fimmtán íslensk tónskáld og textahöfundar tónlist sína. Á meðal þeirra sem koma fram þá eru Pétur Ben, Sóley Stefánsdóttir, Þórunn Antonía og Elín Ey, ásamt fleirum.

„Á sunnudeginum verðum við með málþing um íslenska textagerð, sem stýrt verður af Katrínu Jakobsdóttur og Bjarka Karlssyni. Tónleikarnir á sunnudagskvöldið verða svo lokapunktur hátíðarinnar,“ bætir Jón við.

Að kvöldi sunnudags fara þriðju og síðustu tónleikarnir fram og verða lög og textar eftir Björk Guðmundsdóttur og Megas í öndvegi. Meðal flytjenda eru Ragnheiður Gröndal, Magga Stína og Björn Jörundur, ásamt fleiri listamönnum. „Stelpurnar syngja lög Megasar og strákarnir syngja lög Bjarkar,“ bætir Jón við að lokum.

FTT er félag sem berst fyrir réttindum hryntónlistarmanna og leggur metnað í að sinna félagsmönnum og efla íslenskt tónlistarlíf. - glp



**30 ÁRA** Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda, býður upp á flotta tónleikaröð í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÁNÆGÐUR LEIKSTJÓRI** Guðmundur Arnar Guðmundsson með verðlaunin sem hann fékk á Hamptons-hátíðinni.

## Fleiri verðlaun til Hvalfjarðar

Síðan Hvalfjörður, í leikstjórn Guðmundar Arnars Guðmundssonar, hlaut dómnefndarverðlaun á Cannes-hátíðinni hefur stuttmyndin unnið til þrennra annarra verðlauna. Hún hlaut Golden Starfish-verðlaunin þegar hún var sýnd á Hamptons-hátíðinni í Bandaríkjunum og er þar með orðin gjaldgeng fyrir tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir bestu leiknu stuttmyndina árið 2015. Einnig var hún valin besta stuttmyndin á Film Fest Gent-hátíðinni í Belgíu. Með þeim sigri hlaut hún tilnefningu til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna 2014. Hvalfjörður var einnig valin besta leikna stuttmyndin á alþjóðlegu hátíðinni í Varsjá í Póllandi sem lauk um helgina.



**EKKI FYRIR DÓM** Lady Gaga og fyrrverandi aðstoðarkona hennar komust að samkomulagi um útistandandi laun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fer ekki fyrir dómstóla

Söngkonan Lady Gaga komst að samkomulagi við fyrrverandi aðstoðarkonu sína, Jennifer O'Neill, sem hafði kært söngkonuna fyrir ógreidd laun.

O'Neill kærði Lady Gaga árið 2011 og sagðist hafa unnið alls 7.168 klukkustundir í yfirvinnu á tímabilinu 2009 til 2011 en aldrei fengið yfirvinnutímana greidda. Hún sagði söngkonuna skulda sér 47,6 milljónir í laun.

Málið átti að fara fyrir dómstóla í næsta mánuði en söngkonan og O'Neill komust þess í stað að samkomulagi og fékk aðstoðarkonan fyrrverandi greidda óuppgefna upphæð fyrir vinnu sína. Í febrúar á þessu ári hafði Lady Gaga meðal annars kallað O'Neill „ræsisrottu“.

Lady Gaga og O'Neill voru herbergisfélagar þegar söngkonan hlaut frægð og frama árið 2008.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Verkfræðingarnir lögðu sig alla fram.
Og árangurinn er eftir því.




Made by Germans

Bosch hefur nú sett á markað nýja uppþvottavél, sem er búin frábærri tækni og á hagkvæmu verði. Hún kallast MeisterStück. Þessi uppþvottavél hefur engan óþarfa heldur aðeins nákvæmlega það sem til þarf. Allt til að gera þig ánægða(n). (Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með vélina geturðu einfaldlega skilað henni.) Lestu meira um MeisterStück uppþvottavélina á www.bosch.is.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BATTLE OF THE YEAR | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | L |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| ABOUT TIME | KL. 8 | 10 |
| RUNNER RUNNER | KL. 10.40 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| GRAVITY 3D | KL. 9 - 10.15 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| LA VIE D'ADELE | KL. 5.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL. 10 | 10 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | KL. 6 - 8 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 6 - 10 | 12 |
| BATTLE OF THE YEAR | KL. 8 - 10 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| KONAN Í BÚRINU | 8, 10:10 | 16 |
| BATTLE OF THE YEAR | 10:10 | L |
| MÁLMHAUS | 5:50, 8 | 12 |
| ABOUT TIME | 6, 9 | 10 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL TAL | 5:50 2D | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY VIP 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| RUSH | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 8 - 11 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:30 | 12 |
| RUSH | KL. 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RUSH | KL. 5:25 - 8 - 10:35 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 6 - 9 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RUSH | KL. 8 - 11 | 12 |
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| RUSH | KL. 5:50 - 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8:30 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

# Af afgirtum geitum og hrauni

**BAKÞANKAR**
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



Sex metra hár sænskur geithafur er risinn í Garðabænum og horfir skelkaður yfir til Gálgahrauns. Hann dreymir eflaust um að taka þátt í mótmælunum, en kemst ekki langt því hann er nefnilega afgirtur með rafmagnsgirðingu. Ástæðan er ekki sú að hann sé ógn við nokkurn mann, heldur hafa óbrennd börn stundað það síðustu ár að glæða jólagleðina svoleiðis í geitinni að hún skíðlogar. Hvort það hafi verið gert í mótmælaskyni gegn kapítalískum jólum fylgir ekki sögunni.

**JAFNELDFIMT** og geitin sjálf var ástandið í Gálgahrauni á dögunum. Fólk var með nesti og nýja skó. Sumir jafnvel sungu söngva. Ég skil vel að ástæða hafi þótt til að draga fram handjárnin. Að baki lögregluhers stóð gul grafa sem glottandi beið þess að kjamsa á hrauninu. Og svo óð hún af stað.

**ÉG** er bæði hlynnt því að fólk mótmæli friðsamlega þegar því þykir með lögum brotið á sér, eða lögin sneiða fram hjá sér, en þegar fólk neyðist til þess að mótmæla ólöglegum aðgerðum á friðlandi, þá verð ég bara alveg bit.

**AÐ** því sögðu langar mig að þakka þeim lögreglumönnum sem tekið hafa þátt í mótmælunum við Gálgahraun. Án ykkar aðstoðar hefði málið aldrei fengið það umtal sem skyldi. Í kjölfar fréttamynda sem sýna lögreglumenn bera Ómar Ragnarson í kóngastól af hrauninu hafa hundruð manna sýnt mótmælunum áhuga. Ómar Ragnarsson er orðinn þjóðarhetja og samstaðan eykst.

**Í** hóp mótmælenda hafa bæst einstaklingar sem seint munu teljast í hópi eldheitra umhverfissinna. Fólk sem einfaldlega getur ekki á sér setið þegar friðsamir, lopahúfuklæddir samlandar þeirra með ástríðuna eina að vopni eru rifnir upp í fullum rétti.

**ÉG** legg að lokum til að rafmagnsgirðingin góða verði flutt frá IKEA-geitinni og að hrauninu, svona rétt á meðan skorið verður úr um málið. Mótmælendur haldi sig þeim megin sem þeir kjósa. Girðingin er hraunsins vörn.

**ÞVÍ** ólíkt brennuvörgunum sem stútuðu jólageitinni voru mótmælendurnir með lopahúfurnar talsvert rólegri. Þeir börðust hetjulegum bardaga með viðveru sinni einni, gegn risastórri jarðýtu, herskara lögreglumanna og einhverju ósýnilegu valdi sem sveif yfir ómálga Gálgahrauninu.

# Sveiflukóngur gefur út jólaplötu

## Fyrsta jólaplata sveiflukóngsins Geirmundar Valtýssonar kemur út í nóvember.

„Ég er búinn að vera með þennan draum í höfðinu í nokkur ár,“ segir Geirmundur Valtýsson.

Tónlistarmaðurinn ástsæli gefur í næsta mánuði út sína fyrstu jólaplötu og nefnist hún Jólastjörnur Geirmundar Valtýssonar. „Það eru eintómar jólastjörnur sem flytja lögin fyrir mig og með mér. Það er gífurlega margt fólk sem kemur nærri þessu,“ segir hann og nefnir til sögunnar Helgu Möller, Siggu Beinteins, Pál Rósinkranz, Ara Jónsson og Berglindi Björk. Einnig syngja afadætur Geirmundar, þær Anna Karen Hjartardóttir og Valdís Valbjörnsdóttir sem eru átta og þrettán ára, í tveimur lögum.

Lögin eru öll eftir Geirmund og tveir textar eru eftir hann. Um helmingur laganna er rólegur en á hinum er skagfirska sveiflan allsráðandi. Einvala lið tónlistarmanna aðstoðaði við upptökurnar, eða Magnús og Finnbogi Kjartanssynir, Gulli Briem og Vilhjálmur Guðjónsson.

Aðspurður segist Geirmundur vera mjög sáttur við útkomuna. „Þetta verður alveg alvöru. Ég held að þetta verði mjög góð plata.“

Útgáfutónleikar verða haldnir í Miðgarði í Skagafirði 8. desember og verður þar öllu tjaldað til, að sögn sveiflukóngsins. -fb



**GEIRMUNDUR VALTÝSSON** Fyrsta jólaplata Geirmundar er væntanleg í næsta mánuði.

# Cee Lo gæti setið 4 ár í fangelsi

## Tónlistarmaðurinn hefur verið kærður fyrir að byrla konu ólyfjan í fyrra.

Tónlistarmaðurinn Cee Lo Green gæti átt yfir höfði sér fjögurra ára fangelsi verði hann fundinn sekur um að hafa byrlað konu ólyfjan. Atvikið átti sér stað í fyrra.

Í kærunni segir að söngvarinn hafi gefið konunni eiturlyfið alsælu án hennar vitundar og síðan nauðgað henni. Söngvarinn var kærður fyrir nauðgun og að hafa byrlað konunni ólyfjan. Héraðsdómur í Los Angeles lét nauðgunarkæruna niður falla því nægar sannanir þess efnis þóttu ekki liggja fyrir. Green verður því aðeins kærður fyrir að hafa byrlað konunni ólyfjan. Málið fer fyrir rétt í nóvember, en söngvarinn neitar öllum sakargiftum.



**CEE LO GREEN**

Green er einn af dómurum í sjónvarpsþættinum The Voice. Hann sló fyrst í gegn með hljómsveitinni Gnarls Barkley. Árið 2010 sagði hann skilið við sveitina og hóf sólóferil sinn með útgáfu smellsins Forget You. -fb

LYFJA – Lífið heil

Nýtt og nærandi rakagefandi krem með 70% fituinnihaldi

Decubal Lipid Cream

fyrir þurra og erfiða húð




www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




# Breytt og bætt Vínbúð í Stekkjarbakka

Nú hefur Vínbúðin Stekkjarbakka verið opnuð aftur eftir gagngerar endurbætur.
Við bjóðum ykkur velkomin í glæsilega verslun.

VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

# Guðmunda til Serbíu



**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, tilkynnti í gær hópinn sinn fyrir leik úti í Serbíu í undankeppni HM. Freyr gerir nokkrar breytingar frá tapinu á móti Sviss á dögunum.
Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins, hefur lagt skóna á hilluna. Auk hennar detta úr hópnum þær Greta Mjöll Samúelsdóttir, Ásgerður Baldursdóttir og Ólína Viðarsdóttir sem er meidd.

Selfyssingurinn Guðmunda Brynja Óladóttir, efnilegasti leikmaður Pepsi-deildar kvenna í sumar, kemur inn í hópinn og er eini ungi framherjinn í liðinu. „Guðmunda hefur æft með okkur núna síðustu vikur og virkar í mjög góðu standi. Hún hefur bætt sig mikið á milli ára. Hún er gríðarlega kröftug, hefur sprengikraft og styrk sem getur nýst okkur vel,“ sagði Freyr.

Freyr kallar líka aftur á Elísu Viðarsdóttur og Þórunni Helgu Jónsdóttur sem voru í EM-hópnum en ekki með á móti Sviss. Það er hægt að sjá allan hópinn inni á Vísi.

Óvíst er hver tekur við fyrirliðabandinu hjá íslenska kvennalandsliðinu en Freyr Alexandersson vildi ekki tjá sig um hver tæki við fyrirliðabandinu á blaðmannafundi í gær. Sara Björk Gunnarsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Sif Atladóttir eru líklegastar til að hreppa hnossið.

- óój, ktd

**58 PRÓSENT MARKA SELFOSS** Guðmunda Brynja Óladóttir skoraði 11 mörk í Pepsi-deildinni í sumar.



**WEMLBEY** Englendingar hafa nýtt búnaðinn á þjóðarleikvangi sínum í Lundúnum þegar kalt hefur verið í veðri.
MYND/SPORTS & STADIA

# Búið að panta sæng og pulsu frá Englandi

Laugardalsvöllur verður þakinn vænum dúk með hitablásturskerfi vikuna fyrir landsleik Íslands og Króatíu. Kostnaður er mikill en ekkert annað var í stöðunni.

**FÓTBOLTI** „Við veltum ýmsum hugmyndum fyrir okkur en vandamálið var alltaf það sama. Völlurinn er ekki upphitaður,“ segir Jóhann Gunnar Kristinsson, vallarstjóri á Laugardalsvelli. Karlalandslið Íslands mætir Króötum í fyrri viðureign þjóðanna í umspili um laust sæti hér á landi föstudagskvöldið 15. nóvember.

Töluverðar áhyggjur hafa verið vegna ástands vallarins um miðjan nóvember og sumir rifjað upp kvennalandsleik Íslands og Króatíu í umspili um sæti á EM haustið 2008. Þá var réttilega hægt að líkja Laugardalsvelli við skautasvell, en leikurinn fór fram 30. október. Koma þarf í veg fyrir að frost komist í jörðu líkt og þá.

Niðurstaðan er sú að KSÍ hefur ákveðið að nýta sér lausn sem breska fyrirtækið MacLeod býður upp á. Um er að ræða stóran og mikinn dúk en undir honum er stór pylsa. Í pylsuna er dælt heitu lofti sem heldur dúknum uppi.

„Það koma fjórir menn með búnaðinn, setja þetta upp og munu halda þessu gangandi þann tíma sem þarf,“ segir Jóhann. Eina mögulega vandamálið snýr að því hvernig dúknum verður haldið niðri. Þar hjálpi hlaupabrautin ekki til enda ekki hægt að festa í hana. Jóhann telur líklegast að notaðar verði vegstoðir til þess að halda dúknum niðri.



**JÓHANN G. KRISTINSSON** Vallarstjóri Laugardalsvallinum.

„Þær geta verið allt að eitt og hálft tonn að þyngd,“ segir Jóhann.

**Tilbúnir með sprey á leikdegi**

Mennirnir mæta til landsins þann 7. nóvember og daginn eftir verður búnaðurinn settur upp.

„Áður en þeir mæta munum við slá völlinn, mála hann og gera eins kláran og hægt er,“ segir Jóhann. Búnaðurinn á að halda hitastigi í grasinu í þremur til fjórum gráðum en þó er hætta á að frost komist í grasið þegar taka þarf dúkinn af. Það þarf að gera daginn fyrir leik þegar bæði landslið eiga rétt á æfingu á vellinum. Að æfingum loknum er þó hægt að setja búnaðinn aftur upp og starfsmenn geta hugað að skemmdum á vellinum.

Augljóslega verður búnaðurinn tekinn niður á leikdegi en það þarf að gerast um þremur tímum fyrir leik. Því er sú á hætta á ferðinni að grasið geti frosið á nokkrum klukkustundum verði svo kalt þann daginn. Jóhann hefur hugsað fyrir því.

„Þá erum við tilbúnir með efnablöndu sem seinkar því að völlurinn frjósi þótt hún komi ekki í veg fyrir það. Við gætum þá spreyjað völlinn bæði fyrir leik og í hálfleik.“

Búnaðurinn frá Englandi verður leigður en ljóst er að kostnaður Knattspyrnusambandsins er töluverður og hleypur á milljónum.

„Við skulum segja að þetta sé fokdýrt. Kostnaður hleypur á milljónum,“ segir Jóhann. Hann vildi þó ekki staðfesta hvort kostnaðurinn væri innan við tug milljóna eða meiri.

„Auðvitað er þetta dýr lausn. Við erum að leigja menn og flytja til landsins. Nú væri hiti undir vellinum fljótur að borga sig,“ segir Jóhann. Vaknar sú spurning hvers vegna ekki hafi verið farið í að koma fyrir hitakerfi undir Laugardalsvelli á undanförnum árum.

„Stofnkostnaðurinn væri auðvitað tugir milljóna en kæmi að notum allan ársins hring,“ segir Jóhann. Afar dýrt sé þó að kynda vatnið sem þarf fyrir svo stóran flöt. Þar sem Jóhann þekkir til erlendis sé aðeins kynt í þá örfáu daga sem reiknað er með frosti. Ekki sé verið að hugsa um að örva vöxt grassins heldur einfaldlega að hafa leikfleti frostlausa og hættulausa.

kolbeinntumi@frettabladid.is

## Kolbeinn og félagar í Ajax nánast úr leik í Meistaradeildinni



**SVEKKELSI** Kolbeinn Sigþórsson getur ekki leynt vonbrigðum sínum eftir tap á móti Celtic í Glasgow í gær. Ajax varð að vinna leikinn til þess að eiga raunhæfa möguleika á því að komast áfram í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í fótbolta.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

visir.is
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina í fótbolta.

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson og félagar í Ajax eru svo gott sem úr leik í Meistaradeildinni eftir 1-2 tap á útivelli á móti Celtic í gær. Kolbeinn var nálægt því að opna markareikning sinn en fyrsta Meistaradeildarmarkið lætur enn bíða eftir sér. AC Milan og Barcelona gerðu 1-1 jafntefli í hinum leik H-riðilsins.

Pólverjinn Robert Lewandowski spillti 64 ára afmælisdegi Arsene Wenger með því að tryggja Dortmund 2-1 sigur á Arsenal á Emirates-leikvanginum og Fernando Torres skoraði tvö mörk þegar Chelsea vann 3-0 útisigur á toppliði Schalke og komst í efsta sæti síns riðils. Atlético Madrid er með fullt hús í G-riðli eftir glæsilegan 3-0 útisigur á FH-bónunum í Austria Vín.

- óój

Heilsu torgið
Blómavali Skútuvogi

VÍTAMÍN OG BÆTIEFNI 20% AFSLÁTTUR!
BENEDIKTA JÓNSDÓTTIR
sölustjóri og heilsuráðgjafi Heilsutorgsins
HEILSURÁÐGJÖF
Benedikta Jóndóttir veitir ráðgjöf um bætiefni, vítamin og hvernig þú getur breytt yfir í hollari og betri lífsstíl.
Alla virka daga milli 11:00 og 18:00.
blómaval

Framboðsfrestur

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í VR við kjör fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna 2013. Kjörnir verða 55 fulltrúar og 28 fulltrúar til vara. Framboðslistar ásamt meðmælum 300 fullgildra félagsmanna VR þurfa að hafa borist kjörstjórn á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, fyrir kl. 16:00 þann 29. október næstkomandi.

Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing Réttlæti
VR

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




DVB-T DVB-C CI+

## Einfalt en gott 32" sjónvarp á ómótstæðilegu verði.

**Myndgæði og eiginleikar**
Vandað tæki með 1366x768 punkta upplausn og progressive scan ásamt Pure Image 2 örgjörva. Nicam Stereó hljóðkerfi. Textavarp með 1200 síðna minni

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI tengjum, USB margmiðlunartengi, Scart, VGA og heyrnatólstengi ásamt CI+ kortarauf.

**Thomson 32FU2253**

**59.990**

VERÐ ÁÐUR **79.990**

Pure image2 Intelligent HD Engine • COLOR extender • HIGH contrast • DIGITAL pure sound • x3 HDMI • PVR READY • USB multimedia browser • eco mode

***Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is***

# Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**






**GÓÐ RÁÐ DÝR** Ágúst Jóhannsson ræðir við stelpurnar í tapleiknum gegn Tékkum í sumar. Nú fer ný undankeppni í hönd og stelpurnar geta tekið hana með trompi með góðum úrslitum gegn Finnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Úrslitin gegn Tékkum voru gríðarlegt sjokk

Stelpurnar okkar hefja leik í undankeppni EM í kvöld gegn Finnum. Stella Sigurðardóttir er nýr fyrirliði liðsins en fjölmarga reynslubolta vantar í hópinn.

**HANDBOLTI** Kvennalandslið Íslands hefur leik í undankeppni Evrópumótsins gegn Finnum í kvöld. Frakkar og Slóvakar eru hinar þjóðirnar í riðlinum en tvö efstu liðin tryggja sér sæti í lokakeppninni í Króatíu og Ungverjalandi í desember 2014.

„Finnar hafa litla reynslu og hafa ekki komist á stórmót. Við þurfum samt að bera virðingu fyrir þeim,“ segir landsliðsþjálfarinn Ágúst Jóhannsson. Hann segir mikilvægt að byrja keppnina vel en ljóst er að Finnar eru slakasta liðið í riðlinum, að minnsta kosti á pappírnum fræga.

„Við höfum skoðað leik liðsins á myndbandi og aflað upplýsinga. Við ætlum að mæta af fullum krafti og taka fast á þeim.“

Nokkuð er um forföll í íslenska liðinu og hópurinn nokkuð breyttur frá því sem verið hefur undanfarin ár. Dagný Skúladóttir hefur lagt skóna á hilluna, Hrafnhildur Skúladóttir var ekki valin, Rakel Dögg Bragadóttir hefur verið meidd, sömuleiðis Þorgerður Anna Atladóttir, og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir er nýbyrjuð að spila eftir barnsburð. Þá heltist Ásta Birna Gunnarsdóttir úr lestinni í vikunni vegna meiðsla og Florentina Stanciu er veik. Óvíst er um þátttöku hennar í leiknum í kvöld.

„Eðlilegt er að á einhverjum tímapunkti verði endurnýjun í landsliðinu. Ég vel þá leikmenn sem ég tel vera besta hverju sinni. Alveg sama hversu gamlar þær eru,“ segir Ágúst. Ekki sé verið að loka neinum dyrum.

**Aldrei fleiri spilað erlendis**

„Samkeppnin er meiri en verið hefur. Það kemur meðal annars til af því hve margir leikmenn eru að spila í sterkum deildum ytra.“ Níu leikmenn í hópnum eru á mála hjá erlendum félögum. Þeirra á meðal eru Ramune Pekarskyte, Karen Knútsdóttir og Stella Sigurðardóttir sem kynnt var til sögunnar sem nýr fyrirliði liðsins í gær.

„Stella hefur spilað gríðarlega vel með SönderjyskE þótt úrslitin hafi ekki verið að falla með okkur. Hún hefur heilt yfir verið okkar besti leikmaður.“

Stellu, sem spilað hefur í stöðu hægri skyttu með danska liðinu vegna meiðsla örvhentar skyttu liðsins, líst vel á nýja ábyrgð.

„Það er mjög mikill heiður að vera fyrirliði svona flotts hóps. Ég er mjög spennt fyrir að taka við af Hröbbu og Rakel sem hafa verið frábærir fyrirliðar.“

**Úrslitin gegn Tékkum voru sjokk**

Íslenska liðið steinlá í tveimur umspilsleikjum gegn Tékkum í júní. Liðið tapaði fyrri leiknum heima með tólf mörkum sem var mikið áfall enda talið að stelpurnar okkar ættu fína möguleika.

„Úrslitin voru gríðarleg vonbrigði og sjokk fyrir okkur öll. Við höfum tekið vel til í okkar hlutum, bæði við þjálfararnir og leikmennirnir,“ segir Ágúst. Reikna megi með breyttum áherslum í varnarleiknum og einu til tveimur atriðum í sóknarleiknum. Hann minnir þó á að liðið hafi fyrst æft á mánudaginn og því skammur tími til breytinga.

Leikur Íslands og Finnlands hefst í Vodafone-höllinni á Hlíðarenda klukkan 19.30. Ágúst treystir á góðan stuðning áhorfenda og hvetur foreldra til að mæta með börn sín á leikinn.

„Margar af stelpunum eru að spila í bestu deildum í heimi. Þær eru miklar fyrirmyndir og gaman að fylgjast með þeim.“

Stelpurnar halda svo til Slóvakíu þar sem liðið mætir heimakonum á sunnudag. kolbeinntumi@frettabladid.is






EGF

# EGF húðvörudagar í Lyfju
## dagana 23. – 27. október




**25% afsláttur**
af EGF Kornahreinsi

*Kaupauki fylgir ef keyptar eru
EGF húðvörur fyrir 7.900 kr eða meira**

EGF Kornahreinsir fyrir andlit djúphreinsar og endurnýjar yfirborð húðarinnar.

Áferð húðarinnar verður mýkri, yfirbragðið fallegra og húðin móttækilegri fyrir virkni EGF Húðdropa™.

Inniheldur sérþróaða blöndu af fínmöluðu íslensku hrauni og kornum úr apríkósukjörnum.



**Kaupauki:**
EGF Húðdropar™ 2.5 ml
EGF Dagkrem fyrir þurra húð 7 ml
EGF Hárband

**Takmarkað magn og fylgir ekki með öðrum tilboðum.*

LYFJA
- Lifið heil

## Stöð 2 kl 20.05
### Heimsókn



Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimilið fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkvísi. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.

## Í KVÖLD



### Landsleikur í handbolta
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.20** Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Finnlands í forkeppni EM.



### Borð fyrir fimm
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggi Hall, Svavar Örn og vínsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla. Elín og Rúnar ætla að fara hamförum í asískri og fusion-matargerð.



### The King's Speech
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.15** Mögnuð verðlaunamynd sem segir sanna sögu Georgs sjötta Bretakonungs sem tekur við krúnunni eftir að bróðir hans segir af sér, og býr yfir alvarlegum talgalla.

**TV.COM** 10 **IMDb** 8,1

## Rás 2 kl. 09.05
### Virkir morgnar



Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og kemur hann til með að fjalla um skemmtileg mál líðandi stundar og skyggnst er um öxl og til framtíðar.

Kjörorð Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar er:

**Stuðningur til sjálfstæðis!**

**Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 blindir eða sjónskertir einstaklingar, margir með viðbótarfatlanir. Með kaupum á vörum Blindravinnustofunnar styður þú við atvinnuþátttöku þeirra.**



Gerum hreint og styðjum um leið blinda og sjónskerta

Fjölbreytt úrval, góðar vörur




Gerum hreint og styðjum um leið blinda og sjónskerta

Fjölbreytt úrval gúmmí- og Latexhanska

Blindravinnustofan
Stuðningur til sjálfstæðis

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Glee**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Covert Affairs**
**13.45** **Chuck**
**14.30** **Last Man Standing**
**14.50** **Big Time Rush**
**15.15** **Tricky TV**
**15.40** **Kalli kanína og félagar**
**16.00** **Maularinn**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar** *(19:20)*
**19.40** **The Big Bang Theory** *(16:24)*
**20.05** **Heimsókn**
**20.25** **Kolla** Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.
**20.55** **Grey's Anatomy** *(5:22)*
**21.40** **Mistresses** *(12:13)*
**22.25** **Hung** *(5:10)*
**22.55** **Che. Part One**
**01.10** **The Blacklist**
**01.55** **NCIS. Los Angeles**
**02.40** **Person of Interest**
**03.20** **Transsiberian**
**05.10** **The Big Bang Theory**
**05.35** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.00** **Meistaradeild Evrópu. Schalke - Chelsea**
**09.40** **Meistaradeild Evrópu. AC Milan - Barcelona**
**11.25** **Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Dortmund**
**13.10** **Meistaradeild Evrópu. Celtic - Ajax**
**14.55** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.55** **Meistaradeild Evrópu. CSKA Moscow - Man. City** Bein útsending
**18.00** **Meistaradeildin - upphitun**
**18.30** **Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Juventus** Bein útsending
**20.45** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.45** **Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Real Sociedad**
**23.40** **Meistaradeild Evrópu. Galatasaray - FC Kaupmannahöfn**
**01.35** **Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**16.05** **Football League Show**
**16.35** **Stoke - WBA**
**18.15** **Everton - Hull**
**19.55** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.50** **Messan**
**22.00** **Newcastle - Liverpool**
**23.40** **West Ham - Man. City**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**17.50** **Bunheads**
**18.35** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia** *(7:16)*
**19.50** **Miss, You Can Do It**
**21.05** **Arrow** *(2:23)*
**21.45** **Damages** *(7:10)*
**22.35** **2+6** *(7:8)*
**23.05** **Shameless** *(6:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman er löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.
**00.00** **Banshee** *(6:10)*
**00.55** **Junior Masterchef Australia**
**01.45** **Miss, You Can Do It**
**03.00** **Arrow**
**03.45** **Damages**
**04.35** **2+6**
**05.05** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.59** Áfram Diego, áfram! **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.59** Strumparnir **09.24** Ævintýri Tinna **09.46** Skoppa og Skrítla **09.59** Ofurhundurinn Krypto **10.20** UKI **10.25** Lukku láki **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.59** Áfram Diego, áfram! **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.59** Strumparnir **13.24** Ævintýri Tinna **13.46** Skoppa og Skrítla **13.59** Ofurhundurinn Krypto **14.20** UKI **14.25** Lukku láki **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.59** Áfram Diego, áfram! **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.59** Strumparnir **17.24** Ævintýri Tinna **17.46** Skoppa og Skrítla **17.59** Ofurhundurinn Krypto **18.20** UKI **18.25** Lukku láki **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** GoldiLocks and the 3 Bears Show **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(10:16)*
**20.00** **Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** *(5:10)*
**20.25** **Örlagadagurinn** *(21:30)*
**20.55** **Cold Feet** *(4:8)*
**21.45** **Prime Suspect 3** *(2:2)*
**23.30** **The Drew Carey Show** *(11:24)* Stöð 2 Gull rifjar upp aðra þáttaröð af þessum frábæru gamanþáttum um líf og tilveru skrifstofublókarinnar Drew Carey og skrautlegra félaga hans.
**23.55** **Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**00.25** **Kalli Berndsen - Í nýju ljósi**
**00.50** **Örlagadagurinn**
**01.20** **Cold Feet**
**02.10** **Prime Suspect 3**
**03.55** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.25** **Submarine**
**13.00** **The King's Speech**
**14.55** **The Winning Season**
**16.40** **Submarine**
**18.15** **The King's Speech**
**20.15** **The Winning Season**
**22.00** **The Change-up**
**23.50** **Brüno**
**01.10** **Hemingway and Gellhorn**
**03.45** **The Change-up**

## RÚV

**16.40** **360 gráður**
**17.10** **Friðþjófur forvitni**
**17.33** **Nína Pataló**
**17.40** **Geymslan**
**18.05** **Táknmálsfréttir**
**18.15** **Djöflaeyjan**
**18.45** **Íþróttir**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir og veður**
**19.20** **Landsleikur í handbolta** *(Ísland - Finnland)* Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Finnlands í forkeppni EM.
**21.10** **Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Á batavegi** *(Mes deux seins, journal d'une guérison)* Frönsk heimildarmynd. Höfundur hennar, Mary Mandy, kemst að því að hún er með krabbamein í brjóstum.
**23.55** **Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands - Ibiza** Leikstjóri: Rebekka Atladóttir. Verðlaunamynd við útskrift í Kvikmyndaskóla Íslands í vor.
**00.10** **Fréttir**
**00.20** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.50** **Design Star**
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **Kitchen Nightmares**
**19.10** **Parks & Recreation** *(8:22)* Geggjaðir gamanþættir með Amy Pohler í aðalhlutverki.
**19.35** **Cheers** *(26:26)*
**20.00** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(11:20)* Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heiðarlega heimaeldamennsku.
**20.30** **Borð fyrir fimm** *(2:8)* Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggi Hall, Svavar Örn og vínsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla.
**21.10** **Unforgettable** *(6:13)* Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.00** **Ray Donovan** *(5:13)* Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera Ray Donovan.
**22.50** **CSI Miami** *(5:24)* Hinn sérkennilegi Horatio Caine fer fyrir hópi harðsvíraðra rannsóknarmanna í þessum góðsagnakenndu þáttum.
**23.40** **Sönn íslensk sakamál**
**00.10** **Dexter**
**01.00** **Borð fyrir 5**
**01.30** **Ray Donovan**
**02.20** **The Borgias**
**03.10** **Excused**
**03.35** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** Children´s Miracle Classic 2013 **12.00** Golfing World **12.50** Children´s Miracle Classic 2013 **15.50** Children´s Miracle Classic 2013 **18.00** Golfing World **18.50** Children´s Miracle Classic 2013 **20.40** Champions Tour - Highlights **21.35** Inside the PGA Tour **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2012 **23.50** Golfing World **00.40** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




ÖRYGGI ALLAN HRINGINN

TOYO TIRES
driven to perform



# „Gripið sem ég þarf - hvernig sem viðrar“

## Toyo harðskeljadekk hafa sannað sig við íslenskar aðstæður

„Ég er á ferðinni allt árið. Keyri yfir sex þúsund kílómetra á mánuði landshorna á milli. Ég þekki vegina vel, en færðin er fljót að breytast. Maður leggur stundum af stað í bongóblíðu en endar í blindbyl. Ég hef notað harðskeljadekkin frá Toyo í mörg ár. Þau gefa mér gripið sem ég þarf – hvernig sem viðrar.“

**Halldór Már Þórisson** - *Sölufulltrúi Wurth á Íslandi*

**Söluaðilar um land allt**
Nánari upplýsingar í síma 590 2045 og á benni.is

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**BESTI BITINN**



**„Restaurant 73 á Laugavegi 73 býður upp á frábæra borgara.“**

Hreimur Örn Heimisson tónlistarmaður

# Mammút fékk gullplötu fyrir Karkara

Önnur plata Mammút, Karkari, nær gullsölu fimm árum eftir útgáfu. Ný plata kom í verslanir á föstudag.

Hljómsveitin Mammút tók á móti gullplötu í gær fyrir að hafa selt síðustu plötu sína, Karkari, í fimm þúsund eintökum. Fimm ár eru liðin síðan þessi önnur plata sveitarinnar kom út. Sú þriðja, Komdu til mín svarta systir, kemur í verslanir á föstudag.

„Þetta er rosalega gaman. Sérstaklega að akkúrat þegar hin er að koma út sé þessi að detta í gull á sama tíma,“ segir Arnar Pétursson úr Mammút. „Þetta var svolítið óvænt. Við vissum að hún hafði selst í nokkur þúsund eintökum en höfðum aldrei pælt í því að þetta myndi gerast.“

Nýja platan hefur verið nokkuð lengi í fæðingu. Upptökur hófust sumarið 2012 á Kóngsbakka. Meðlimir Mammúts tóku sér góðan tíma í að nostra við öll smáatriði plötunnar í hljóðverinu Orgelsmiðjunni. Nú þegar hafa tvö lög af henni, Salt og Blóðberg, verið spiluð í útvarpi við góðar undirtektir. - fb

**5000**

Önnur plata Mammút, Karkari, hefur selst í fimm þúsund eintökum.



**FENGU GULLPLÖTU** Hljómsveitin Mammút tekur á móti gullplötunni sem hún fékk fyrir Karkari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Enginn fetar í fótspor Mugisons og Ásgeirs

Enginn tónlistarmaður virðist ætla að stinga af í plötusölu þetta árið. Óvíst hvort árangur Mugisons og Ásgeirs Trausta muni endurtaka sig.

Ásgeir Trausti sló í gegn í fyrra með plötu sinni Dýrð í dauðaþögn. Samanlagt seldist hún í um 22 þúsund eintökum útgáfuárið 2012, langmest allra, og er núna komin yfir þrjátíu þúsund.

Árið áður bar Mugison höfuð og herðar yfir aðra er hann seldi Haglél í um þrjátíu þúsund eintökum. Svo virðist sem engin slík metsala sé í pípunum fyrir þessi jól.

Aðspurður segist Eiður Arnarson, útgáfustjóri Senu sem gaf út Dýrð í dauðaþögn, vera sammála því að enginn nýr Ásgeir eða Mugison sé á leiðinni. „Það má reyndar segja að það hafi heldur ekki verið beinlínis í sjónmáli að neinn annar myndi taka við af Mugison með þessum hætti sem Ásgeir gerði í fyrra. Þetta var fyrirsjáanlegra með Mugison en auðvitað náði hann hærri hæðum en nokkur hefði getað búist við.“

Eiður segir að árangur þeirra beggja hafi verið óvenjulega afgerandi. „Þetta er sala sem hafði ekki sést áratugum saman. Það er alls ekki við því að búast að það endurtaki sig á næsta eða þarnæsta ári, ef nokkurn tímann aftur.“

Hvað plötusöluna í ár varðar segir hann að margir geti náð gullsölu, eða fimm þúsund eintökum, en er ekki eins viss um að nokkur nái platínusölu, eða tíu þúsundum. „En auðvitað má segja að það sé alltaf þannig á þessum árstíma. Maður veit aldrei.“

Aðspurður telur hann að Helgi syngur Hauk, Duet 3 með Björgvini Halldórs, Skálmöld & Sinfó og jólaplötur Bubba og Sigríðar Thorlacius gætu náð gullsölu hjá Senu í ár.

Haraldur Leví Gunnarsson hjá Record Records býst ekki heldur við neinni bombu í ár eins og Hagléli eða Dýrð í dauðaþögn. „Ekki nema það komi eitthvað út sem er búið að liggja í leyni. Af því sem ég veit að er að koma út hef ég ekki trú á að það verði rosaleg sprengja.“ Hann býst við að væntanlegar plötur frá Mammút og Lay Low, sem Record Records gefur út, geti náð gullsölu. „Lay Low er vön því að fara í gull.“

freyr@frettabladid.is



**ENGIN METSALA FRAM UNDAN** Svo virðist sem enginn ætli að feta í fótspor Ásgeirs Trausta og Mugisons þetta árið. Sigríður Thorlacius, Lay Low og Emilíana Torrini gætu náð gullsölu.

## Tookah gæti farið í gull fyrir jól

Hvað varðar aðrar plötur sem koma út í ár má reikna við því að nýjasta afurð Emilíönu Torrini, Tookah, nái gullsölu en óvíst er hvort það náist fyrir jól. Síðustu tvær plötur hennar, Me and Armini og Fisherman´s Woman, hafa báðar náð platínusölu hérlendis. Einnig er líklegt að nýjasta plata Sigur Rósar, Kveikur, fari í gull. Fyrsta sólóplata Eurovision-stjörnunnar Eyþórs Inga gæti einnig selst vel.






# Skrifuðu niður lítrafjöldann

Meðlimir Skálmaldar pissuðu í fjöldann allan af flöskum á tónleikaferð sinni.

„Þetta var geðveikt en svolítið strembið,“ segir Snæbjörn Ragnarsson, liðsmaður Skálmaldar.

Þungarokkararnir eru nýkomnir heim úr sex vikna tónleikaferðalagi um Evrópu með hljómsveitunum Finntroll og Tý. Þetta er lengsta tónleikaferð Skálmaldar til þessa.

Eins og Fréttablaðið greindi frá tók hljómsveitin með sér pissuflöskur til að nota í rútunni á meðan á ferðalaginu stóð og komu þær að góðum notum. „Það var pissað í lifandis ósköp margar flöskur. Við tókum saman lítrafjöldann hjá hverjum og einum og skrifuðum á bloggsíðuna okkar,“ segir Snæbjörn og á þar við Skalmold.wordpress.com.

➜ Framundan hjá Skálmöld eru þrennir tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg í lok nóvember.

Aðspurður segir hann skemmtilegast hafa verið að spila í Frakklandi og í Austur-Evrópu. „Það kom mér á óvart að bestu áhorfendurnir virtust vera í Frakklandi. Maður hefur þá tilfinningu fyrir Frökkum að þeir séu aðeins til baka og kannski góðir með sig en það var alls ekki þarna. Að spila í Rúmeníu var líka alveg sturlað. Maður finnur að maður er kominn aðeins frá vestrænu menningunni. Allt verður blóðheitara og menn sleppa sér frekar því það eru færri hljómsveitir sem leggja leið sína svona langt austur.“ - fb



**GAMAN Á TÓNLEIKAFERÐ** Björgvin Sigurðsson (til vinstri) og Snæbjörn Ragnarsson í Evrópuferðinni.




Stofnað 1968

FK FJARÐARKAUP

Miðasala fer fram á Miði.is og í síma 540-9800. Þeir sem eru skráðir á viðburðapóstlista Senu eða Jólagesta fá sendan tölvupóst kl. 10 í dag með tengli sem gerir þeim kleift að kaupa miða samstundis. Athugið; takmarkað magn miða er í póstlistaforsölunni.

sena

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
SENDU OKKUR ÞITT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Aðstoðar í of þröngum bol

Verið var að taka upp auglýsingu á vegum UN Women í gær en meðal þeirra sem fram komu í auglýsingunum voru leikkonurnar Saga Garðarsdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir. Þá lögðu tónlistarmennirnir og bræðurnir Unnsteinn og Manuel Stefánssynir þessari mikilvægu baráttu einnig lið. Allir mættu þeir í hvítum bolum en einn skemmtikraftur virðist ekki hafa fengið póstinn um viðeigandi klæðnað. **Steindi Jr.** þurfti að fá bol lánaðan frá starfsmanni UN Women, Hönnu Eiríksdóttur, eins og sést á myndinni. - vg



### Sat fyrir svörum hjá sænskum kollegum

Sænska ríkissjónvarpið SVT fjallaði um Íslendinga-appið á vef sínum í gær. Appið var hannað af þremur ungum verkfræðinemum við HÍ fyrr á árinu og má nota það til að koma í veg fyrir að náskylt fólk rugli saman reytum. SVT tók viðtal við fjölmiðlakonuna **Margréti Erlu Maack** sem lýsir meðal annars tilhugalífinu í smáborginni Reykjavík fyrir sænskum kollegum sínum.

Erlendir fjölmiðlar hafa sýnt appinu mikinn áhuga og hafa Jimmy Kimmel og dönsku miðlarnir Extrabladet og Comon.dk meðal annars fjallað um það. - sm



### Mest lesið VÍSIR

1 „Þessir jólasveinar fóru að berjast við vitlausan mann“
2 Þakklátur faðir skrifaði Källström bréf
3 Halldór 22.10.13
4 Hannes fann sér lið til að æfa með
5 Saga fór húsavillt í leit að Sigmundi Davíð
6 Íslenskur stuðningsmaður missti sig í gleðinni í Ósló




WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

LÆGRA VERÐ • STUNDVÍSI • NÝRRI VÉLAR • BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW

SEINT KOMA
SUMIR
EN EKKI VIÐ

WOW er stundvísast*

Stundvísi skiptir máli fyrir tengiflugin, móttökunefndina og ferðagleðina. Flugstöðvar eru oft ágætar en stundvísi er miklu betri - sérstaklega þegar þú ert ekki með aðgang að betri stofu bissness farþega.

Meðalstundvísi á áætlun
WOW air á áætlun 89 %
ICELANDAIR á áætlun 83 %

*M.v. meðaltal ferða frá 1. janúar til 30. september 2013 skv. Túristi.is

Fljúgðu oftar með WOW air

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2871